

Skáleyjar

Aðalskráning fornleifa



Stefán Ólafsson (ritstj.)

Höfundar efnis:

Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Oscar Aldred
Stefán Ólafsson og Uggi Ævarsson



Reykjavík 2012
FS484-08054

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími 551 1033

Fax 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

I. Um fornleifaskráningu.....	5
II. Inngangur.....	7
III. Myndir frá liðnum tíma.....	8
IV. Túnakort Skáleyja.....	12
V. Fornleifaskrá.....	13
VI.Fornleifakort.....	91
Heimildaskrá.....	100
Hnitaskrá í ISN93.....	102

I. Um fornleifaskráningu

Löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó first að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greiftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Uppbygging fornleifaskrár

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:BA-110:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d.tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða

fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðjuhvers minjastaðar. Áætlað er að frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Í skráningu á dæmigerðum minjastað þar sem sagt er „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.



Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

II. Inngangur

Síðdegis fimmtudaginn 26 ágúst lögðu fimm fornleifafræðingar af stað frá Reykjavík til Reykhóla. Þetta voru Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Oscar Aldred, Stefán Ólafsson og Uggi Ævarsson. Ferðinni var heitið til Skáleyja og tilgangurinn að skrá fornleifar í eyjunum. Nokkru eftir miðaftan en fyrir náttmál voru fimmmennin-garnir komnir að höfninni á Reykhólum en þar beið Björn Samúelsson þeirra því hann ætlaði að ferja þá út í Skáleyjar. Síðsumarsólin gaf kvöldinu mildan blæ og veður var stillt, ferðin út í eyjarnar var hin ánægjulegasta og menn í léttu skapi. Á bryggjunni í Skáleyjum tók Jóhannes Geir Gíslason á móti hópnum og bauð hann velkominn. Farangur ferðamanna var færður frá borði og komið fyrir á stórri kerru sem dregin var af dráttavél. Þegar komið var heim að bænum bauð Jóhannes okkur inn í Ljósheimi en svo heitir bærinn, stórt íbúðarhús reist 1981. Um leið og komið var inn var hafist handa að skoða örnefnaskrár og kort af eyjunum. Jóhannes var spurður út í fornleifar, örnefni, myndir og sögu Skáleyja alveg þangað til að menn gengu til náða. Áður en hafist var handa morguninn eftir skiptu menn með sér verkum því að skráningunni þurfti að ljúka ekki seinna en á sunnudeginum sem var heimfarardagur. Veður var gott á meðan dvöl-linni stóð og sem gerði vinnuna léttu og takmarið auðveldara. Jóhannes bauð gestum sínum í selkjöt og svo fengu þeir örnámskeið í æðardúnshreinsun í skilnaðargjöf. Um nónbil á sunnudeginum 29. ágúst kom Björn Samúelsson aftur að bryggju í Skáleyjum og sótti mannskapinn. Það hafði aflagst vel og nú átti bara eftir að vinna úr gögnunum. Hér að aftan má sjá afrakstur þessarar vinnu. Jóhannes Geir Gíslason las yfir handrit að þessari skýrslu og kom með margar athugasemdir sem auðguðu skráninguna afar mikið og er honum hér fært innilegt þakklæti fyrir það og alla hans gestrisni. Þá er einnig þök-kum komið til Björns Samúelssonar sem sá um að flytja alla milli lands og eyja og Ólafs Gíslasonar sem lánaði gamlar myndir til birtingar í skýrslunni.

III. Frá liðnum tíma

Myndir úr safni Ólafs Gíslasonar frá Skáleyjum.



Bæjarhóllinn 001 í Skáleyjum. Myndin er tekin fyrir 1940



*Hér sjást burstirnar á Efribæ
(BA-083:003).*



Bæjarhóll 001 fyrir 1948, horft til norðausturs. Hér sjást allir bæirnir í Skáleyjum nema Norðurbær. Talið frá vinstri: Efribær, Ytribær, Sólheimar og Innribær.



Sólheimar í kringum 1937



Bæjarhóllinn 001 í kringum 1955



Bæjarhóll 001 í kringum 1957. Séð frá vinstri: Tobbaskemma aftan við Ytribæ, Sólheimar, milli Sólheima og Norðurbæjar glittir í þakið á Norðurbæjarfjósinu. Neðar á túninu fyrir miðri mynd er fyrst skemma og Innribæjarfjós (BA-083:019) og lengst til hægri niður við Löngutjörn er Tjarnarhúsið og Svartholið. Bak við þau sjást í nýrri húsi.



Sólheimarnir séðir frá norðri og kamarinn vestan við



Norðurbær (BA-083:005) var byggður upp á Sjónarhól á 19. öld

Myndin sýnir suðvesturgasflinn á torfbæ Norðurbæjar eins og hann leit út á Sjónarhól



Sumarfjósinn (BA-083:030 og 031) enn uppistandandi



Bólið - Sumarfjósið (BA-083:030 og 031). Kýrnar voru mjólkaðar á kvöldin við enda Löngutjarnar



Bátar í Norðurvör (BA083:041). Næst er Svanur þá Erla og Kári liggur fyrir utan. Efst til vinstri sést til Bæjarness og fyrir ofan Siggusker ber Skálanes við himinn.




Jóhannes Geir Gíslason flytur búsmala í bát.



Í Lyngeyjarkletti (BA-083:092) var huldufólksbyggð

IV. Túnakort Skáleyja



V. Fornleifaskrá

BA-083 Skáleyjar

1703: 40 hdr., bændaeign. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 244.

1703: Fjórbylí í Skáleyjum samkvæmt manntali í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands frá 1703.

1835: Tríbýli í byggð í Skáleyjum samkvæmt manntali í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands frá 1835. 1847: 40 hdr., bændaeign. Jarðabók Johnsens, 179.

„Bæjareyjan (=Skáley), segir sagan að dragi nafn sitt af því, að þar hafi rekið skálar Einars Helgasonar skálaglamms. Einar þessi var skáld gott, hann var mikill vinur Egils Skallagrímssonar. Í Jómsvíkingasögu segir m.a. „Skjaldmeyjar-Einar fór til Íslands og druknaði í Breiðafirði, og heita þar af því Skáleyjar, að þar rak silfurskálirnar, er Hákon jarl gaf honum.“ Sumum finnst þó líklegra að eyjan dragi nafn sitt af mörgum skálmynduðum lægðum, sem á henni eru.“ segir í Ö-Skáleyjar, 2. Að sögn Bergsveins Skúlasonar var bæjareyjan einungis kölluð Heimaey en aldrei Skáley. Ö-Skáleyjar, ath. semdir, 1. Jóhannes Geir Gíslason telur að orðið Heimaey eigi ekki að rita sem sérnafn heldur bara sem venjulegt nafnorð og þá venjulegast notað með greini, þ.e.a.s. heimaeyjan. Getur hann þess ennfremur að til forna mun heimaeyjan hafa verið kölluð Miðey sem gæti einfaldlega verið vísun í legu eyjarinnar í eyjaklasanum en síðan hafi örnefið færst á holt á úteynni þrátt fyrir að holtið sé engan veginn nálægt því að vera miðja eyjarinnar. „Í minningum séra Friðriks Eggerz er langur kafli um svonefnd Skáleyjamál þar sem deilt er um eignarrétt á hluta Skáleyja. Ekki voru það bændur í Skáleyjum sem þar áttu hlut að máli enda mun það lengi hafa verið svo að eignarhald jarðarinnar var í höndum annarra en bændanna sem þar bjuggu. Í sögu hennar er lítið eða ekkert af fyrirferðarmiklum sjálfseignarbændum heldur bjuggu þar einatt leiguliðar á misstórum pörtum jarðarinnar. Húsmenn voru þar líka oft með sín heimili. Mestalla þessa öld [20. öld] og stundum áður var tvíbýli í Skáleyjum en á öðrum tímum voru bændur oft fjórir.“ Eylenda, I, 339.

Um 1920: 6 ha.; 1/2 sléttað; garðar: 1269 m². Bláber finnast á Litlu-Lyngey sem er fyrir norðan Stöðuley, sem er aftur á móti innri hluti Bæjareyjarinnar (Ö-Skáleyjar, 2). „Heimalönd í Skáleyjum nefnast eyjar þær, sem mest eru notaðar til beitar eða gripagöngu, sumar þeirra eru þó slegnar. Heimplöndum er skipt í fjóra flokka: Framhólma, Norðurlönd, Suðurlönd og Stóru-Lyngey, með hólum ... Yzt og syðst í landareign Skáleyja er Hróaldsey (Hróvaldsey) ... Norður af henni eru Hróaldseyjarhólmar, þeir eru: Melhólmi syðst og næst eyjunni, þar vaxa krækiber.“, segir í Ö-Skáleyjar, 6-10. „Túnið er mestallt þýft, sumstaðar mýrlent, og ógrasgefið ... Eggver og dúntekja í betra lagi. Vatn þrýtur þar stundum, en fæst þó lengra í burt. Eyjar og hólmar liggja þar undir. Eru í þeim slægjur nokkrar, hagbeit, og sölvamæður so sem fyrir pening, skelfisktekja lítil, selveiði sæmileg. Lundatekja nokkur, eggver og dúntekja í betra lagi, þá vel árar“, segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, VI. bindi, 244. „Heimaeyjan í Skáleyjum er löng og mjó, svo hún er lengst eyja í Vestureyjum“, segir í ath. við Ö-Skáleyjar B, 1. „Innsti hluti Inneyja og næstur fastalandi eru Skáleyjar ... Heimaeyjan [þar] er alllöng, röskir tveir kílómetrar og lengst allra Vestureyja. Hún er óregluleg að lögun afar vogskorin og misbreið ... Séu [Stöðuley og Litla-Lyngey, sem eru innst á heimaeyjunni] ekki taldar með er lengd heimaeyjarinnar um 1500 m og er byggðin og gamla túnið á innri enda hennar ... Heimaeyjan í Skáleyjum er umlukt úteyjum, hólmaflösum, skerjagörðum, fjörum og grunnsævi. Á stórum fjörum verður varla að henni sjálfri komist á sjó en gengt verður frá henni í allar áttir um þessi svæði. [U]m stórstraumsflæðar fara fjörur og sker í kaf, vogar og tjarnir fyllast af sjó, gönguleiðir lokast í aðrar eyjar og hólma, og óvíða

í eyjunum breytist ásýnd umhverfisins jafn mikið eftir sjávarföllum ... Norðurlönd hafa jafnan verið aðal kúahagar í Skáleyjum á sumrin og þar er mikið æðarvarp.[...] Lundavarp í Hró(v)aldsey. Lengi vel var talið að krækiber yxu hvergi annars staðar í Vestureyjum en í Melhólma í Skáleyjum. Það hefur breyst núna. [...] Mikið og gott æðarvarp í Þorkelsey, með því besta í Skáleyjarlöndum. [...] Í Skáleyjum eru um 160 eyjar ef allt er talið ... Örnefni skipta þar nokkrum hundruðum. [...]. Skáleyjar þóttu áður lítt grasgefnar miðað við sumar aðrar af Vestureyjum ... Þegar allt var heyjað árlega voru bestu slægnablettirnir á grundunum við sjóinn, á tjarnarbökkum, í mýrum og á lundabölum, en holt og harðbalar spruttu illa eða ekki í þurrkatíð. Jarðgrunnt þarna, ekki mikil áburðargjöf frá lundum og jörðin var nauðslegin. Þetta olli lélegum slætti. Breyst í seinni tíð. [...] Mikil hlunnindi af æðarvarpi og svo var einnig um vorkópaveiði meðan selskinn voru í góðu verði. [...] Þar sem þannig hagaði til í eyjunum að bændur voru fleiri en einn á jörð var það föst regla að samvinna var höfð um hlunnindahirðingu en fengnum síðan skipt í samræmi við ábúðarhlut hvers bónda. [...] Skáleyjar liggja næstar fastalandinu þeirra eyja sem byggðar voru í Flateyjarhreppi. Úr lendingu eru 7 km upp undir Haugsnes á Skálmarnesi, 10 km að Skálanesi, 12-13 upp á Reykjanes,“ segir í Eylendu, I, 337-341.

BA-083:001 *Ytribær* bæjarhóll bústaður 65°26.612N 22°38.488V

„Bæjarhóll heitir þar, sem bæirnir standa. Hann hæstur nyrzt, þar hét Hólbrekka. Nú hefur hóllinn verið lækkaður, moldin færð niður í lægðina sunnan Hlöðufatar.....Meðan fjórir ábúendur voru í Skáleyjum, var eyjunni skipt í fjóra jafna hluti. Þá voru þar líka fjórir bæir. Norðurbær [005] stóð norður á eyjunni, Efribær [sjá 003] stóð rétt ofan við Ytribæ. Voru svo mjó sund á milli þeirra að stökkva mátti af einum bæjarveggnum yfir á hinn. Innribær [002] var sambyggður við Ytribæ en, 1880 voru þeir byggðir upp sinn í hvoru lagi..... Á Bæjarhólnum voru krossskipti í túninu þannig: Norðurbær átti tún í norðaustur, Innribær í suðaustur, Ytribær í suðvestur og Efribær í norðvestur,“



Bæjarhóll 001, horft til norðnorðausturs

segir í örnefnaskrá. Skáley er aflöng eyja sem liggur frá suðvestri til norðausturs og er hún jafnframt kölluð bæjareyjan eða Heimaey. Bæjarhóllinn er í miðjunni á túninu sem er nokkuð norðaustarlega á eyinni. Á Bæjarhólnum standa tvö íbúðarhús, það eldra nefnist Sólheimar (sjá 002) og er það byggt um 1912 og svo Ljósheimar byggt 1981. Ytribær stóð syðst á Bæjarhólnum og suðaustan við Ljósheima sem byggðir voru 1981.

Bæjarhóllinn er í hæðóttu túni. Bæjarhóllinn er mest áberandi úr suðri en sunnan við bæjarhóllinn hallar landinu til suðvesturs.

Bæjarhóllinn er um 60x56m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Upphleðsla er að lágmarki um 2m en þegar núverandi íbúðarhús, Ljósheimar, var byggt snemma á 9. áratugnum voru stallar mótaðir í bæjarhólinn. Var áætlað að setja skruðgarð þar. Tóku menn er unnu að þessari jarðvinnu eftir því hversu jarðvegurinn var laus í sér og fullur af ösku og mannvistarleifum. Íbúðarhúsið er ein hæð og ris en engin kjallari. Ekki eru önnur nýleg mannvirki á Bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 1, 2 og 4; Túnakort 1906

BA-083:002 *Innribær* heimild um bústað 65°26.618N 22°38.460V

„Innribær var sambyggður við Ytribæ [sjá 001], en 1880 voru þeir byggðir upp sinn í hvoru lagi,“ segir í örnefnaskrá. „Þegar torfbærinn var rifinn var byggt timburhús á grunni hans og var það nefnt Sólheimar,“ segir í Eylendu. Eins og áður hefur komið fram voru allir bæirnir á Bæjarhólnum (sjá 001). Innribær stóð á austasta hluta bæjarhólsins, þar stendur nú íbúðarhús byggt 1912 og kallast það Sólheimar í daglegu tali.

Bæjarhóllinn er í hæðóttu túni. Bæjarhóllinn er mest áberandi úr suðri en sunnan við bæjarhóllinn hallar landinu til suðvesturs.

Sólheimar voru byggðir 1912 og árið 1948 var byggt við húsið það til austurs. Húsið er timburhús sem klætt var með bárujárnri. Seinna var það forskalað. Eldri hlutinn er hæð, djúpur kjallari og ris en yngri hlutinn er hæð og ris. Yngri hlutinn stendur á hlöðnum sökklí sem hefur þó steiptan ramma. Engin ummerki sjást um eldri bæ á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 1, 2 og 4; Eylenda, I, 362; Túnakort 1906

BA-083:003 *Efribær* heimild um bústað 65°26.619N 22°38.501V

„Efribær stóð rétt ofan við Ytribæ [sjá 001],“ segir í örnefnaskrá. „Árið 1981 byggðu bræðurnir Eysteinn og Jóhannes [Gíslasynir] nýtt hús þar sem Efribær stóð og nefndu það Ljósheima,“ segir í Eylendu. Efribær stóð vestast á Bæjarhólnum og þar stendur nú (2010) íbúðarhús byggt 1981 sem í daglegu tali nefnist Ljósheimar. Ljósheimar er timburhús á steiptum sökklí og er það ein hæð og ris.

Bæjarhóllinn er í hæðóttu túni. Bæjarhóllinn er mest áberandi úr suðri en sunnan við bæjarhóllinn hallar landinu til suðvesturs.

Ekkert sér til minja eftir bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 1 og 4; Eylenda, I, 372; Túnakort 1906

BA-083:004 *Norðurbær (eldri)* bæjarstaði bústaður 65°26.622N 22°38.483V

„Suðvestur af Megru í stefnu á Innribæ [002], er Rani. Vestur af honum, en norðan við Innribæ, hét Barnaborg, þar voru gamlar tóttir, sem nú er sléttað yfir, þar stóð Norðurbær áður en Magnús bóndi Einarsson flutti hann þangað, sem hann stendur nú [sjá 005],“ segir í örnefnaskrá. „Magnús Einarsson var bóndi í Skáleyjum árin 1823-1838, segir í Eylendu“. „Börn léku sér þar [á Barnaborg] oft,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. „Norðurbærinn stóð á nyrsta hluta bæjarhólsins norðaustan við Efribæ/Ljósheima 003 og norðvestan við Innribæ/Sólheima 002.

Bæjarhóllinn er í hæðóttu túni. Bæjarhóllinn er mest áberandi úr suðri en sunnan við bæjarhóllinn hallar landinu til suðvesturs.

Ekkert sér til minja eftir bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 4; Eylenda, I, 342; Túnakort 1906

BA-083:005 *Norðurbær* heimild um bústað 65°26.687N 22°38.447V

Á 19. öld var Norðurbærinn færður af Bæjarhólnum á svo nefndan Sjónarhól. Var það Magnús Einarsson sem færði bæinn en hann var bóndi í Skáleyjum 1823-1838. „Norðurbær stóð norður á eyjunni ...Bærinn stendur sunnan til í hól sem kallast Sjónarhóll,“ segir



Yngra bæjarstæði Norður bæjarins, horft til austurs

í örnefnaskrá. Að sögn Bergsveins Skúlasonar stóð Norðurbær á miðjum Sjónarhóli. Norðurbærinn yngri stóð 60m austan við fjós 020 og um 130m norðan við Bæjarhólinn 001.

Bærinn var byggður á klöpp við norðvesturströnd Skáleyja. Sjónarhóll sá sem bærinn er byggður á er aflangur klapparhóll sem snýr suðvestur-norðaustur. Eins og nafn hólans gefur til kynna rís hann hærra en umhverfið kringum hann.

„Gamla bæinn [torfbæinn]

byggði Guðmundur Jóhannesson. Timburhúsið lét Skúli Bergsveinsson byggja. Smiður var Jón Jónsson í Flatey,“ segir í Eyllendu. Guðmundur var bóndi í Skáleyjum frá 1871-1893 en Skúli var bóndi í Skáleyjum frá 1899-1941. Þegar farið var í byggingu timburhússins var hluti torfhússins rífið til að rýma fyrir timburhúsinu og stóðu gaflar þeirra á endum. Stóðu bæði húsin samtíma og samsíða til 1948 þegar torfhúshlutinn var rifinn og timburhúsið stækkað. Þannig stóð húsið til 2006 en þá var það rífið. Ekki er hægt að greina neina uppsöfnun mannvistarlagar á bæjarstæðinu en þó má sjá litamun í gróðurfari þar sem húsin hafa staðið á svæði sem er um 16x12m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Lýsingin á við hús sem stóðu alveg fram á 10. áratug 20. aldar en þá var bærinn rifinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 1, 3 og 4; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 3; Eyllenda, I, 342, 343 og 353; Túnakort 1906

BA-083:006 þúst hlaða 65°26.693N 22°38.439V

Hlaða var samkvæmt túnakorti frá því um 1906 fast norðaustan við Norðurbæ 005, suðvestan við Brystið sem er gróinn klettaraní sem liggur til norðausturs út að sjó.

Gróinn klettaraní.

Ekkert sér til minja. Það eina sem sést er lítil dæld þar sem hlaðan stóð. Dældin er um 10x4m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Dældin er 20-30cm á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:007 Svalbarði tóft bústaður 65°26.603N 22°38.629V


„Norður af Efrabæjartúni er Náttmálahóll ... Suðvestur af [honum] er Svalbarði, þar stóð bær samnefndur,“ segir í örnefnaskrá. Enn eru tóftarbrot þar sem Svalbarði stóð, um 120m vestsuðvestur af Bæjarhól 001 og 35-40m norðan við Stóragarð 066.

Tóftarbrotið er í túni sem einkennist af hólum og lægðum. Bærinn var á klettaranum sem nær eftir endilöngu túninu.

Búið er að slétta úr stórum hluta tóftarinnar sem hefur sennilega verið að stærstum hluta úr torfi, streng og hnaus. Á síðustu stigum Svalbarðs var um helmingur bæjarins notaður sem kartöflugeymsla og mun grjótið sem er í núverandi veggbrotum vera eftir viðgerðir



Svalbarði 007, horft til suðurs



Uppdráttur af tóftaleifum Svalbarða

sem unnið var að á árunum 1953-55.

Greina má smá hólbungu þar sem bærinn stóð sem er 10x15m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Framhlið bæjar snéri til suðvesturs. Norðaustast á hólbungunni eru tvö veggbröt sem mynda horn. Það er 6x6m að stærð og hefur væntanlega verið norðausturhorn húss. Vegghleðslur eru strengur og grjóti. Umför eru fimm og eru vegghleðslurnar hæstar um 1,20m. Innrabyrði veggja er herra en það ytra og því má gera ráð fyrir því að tóftin sé lítið eitt niðurgráfin. Veggir eru misþykkir, er norðurlanghliðin um 1m á þykkt en austurgafliinn um 2m á þykkt. Uppsöfnun undir tóftinni er ekki greinileg, gæti þó verið um 20cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 4; Túnakort 1906

BA-083:008 heimild um kálgarð 65°26.595N 22°38.647V

Samkvæmt túnakorti frá um 1906 var matjurtagarður fast suðvestan við bæinn Svalbarð 007. Ekkert sér lengur til hans.

Í sléttuðu túni sem einkennist af hæðum og lægðum.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:009 Grundarhús heimild um útihús 65°26.562N 22°38.509V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1906 stóðu útihús um 120m suðsuðvestan við Bæjarhól 001 og um 90m austan við Fýlubrunn 071. Húsin gengu undir nafninu Grundarhús.

Sléttað tún. Landið rís vestan við þann stað þar sem húsin stóðu en slétt tún hafa verið fyrir norðan húsin.

Húsin hafa verið sléttuð undir tún og sér ekkert til minja nema óljósar dældir. Við húsin voru einnig kálgarðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906



Grundarhúsin stóðu hér, horft til norðurs



Útielldhús 010, horft til vesturs

BA-083:010 heimild um eldhús

65°26.638N 22°38.565V

Samkvæmt túnakorti var útielldhús um 70m norðvestan við Bæjarhól 001 og um 80m norðaustan við Svalbarða 007.

Ávöl hólbunga í annars sléttuðu túni.

Búið er að slétta yfir þetta hús en þar stóð áður útielldhús. Þegar skráningin var gerð sást þar ekkert til minja sem gæti gefið til kynna stærð hússins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:011 heimild um kálgarð 65°26.635N 22°38.534V

Samkvæmt túnakorti var kálgarður 50-60m norðvestan við Bæjarhól 001 og um 70m sunnan við Mangabrunn 021.

Sléttað tún sem hallar lítið eitt til suðurs.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:012 *Hlöðuflöt* heimild um hlöðu 65°26.633N 22°38.533V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1906 var hlaða 50-60m norðvestan við Bæjarhól 001 og um 70m sunnan við Mangabrunn 021. Í örnefnaskrá er getið um örnefni við hana en þar segir: „Suður af Vindhól [sem er yst á Bæjarflöt sem er út frá Norðurbæ [005]] er Hlöðu-eða Nýhúshóll, vestur af honum Nýhúsflöt en Hlöðuflöt að sunnan,“

Hólrani í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja sökum túnasléttunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4; Túnakort 1906

BA-083:013 heimild um útielldhús 65°26.605N 22°38.556V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1906 var útielldhús um 60m vestsuðvestan við Bæjarhól 001 og 70-80m norðaustan við Stóragarð 066.



Samkvæmt túnakorti stóðu útielldhús 013 á þessum slóðum, horft til norðnorðausturs

Í túni sem hefur verið sléttað, fast norðan við ranann sem bæjarhúsin standa á.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:014 heimild um kálgarð

65°26.607N 22°38.487V

Matjurtagarður var á Bæjarhólnum fast sunnan við bæjarhúsin.

Í brekku sem hallar til suðausturs.

Þegar íbúðarhúsið Ljósheimar var byggt 1981 voru stallar mótaðir í suðurhlíðar

bæjarhólsins. Áætlað var að setja skruðgarð þar. Á þessum stað var kálgarðurinn áður. Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:015 heimild um útihús 65°26.596N 22°38.668V

Samkvæmt túnakorti frá um 1906 var útihús um 30m norðvestan við Stóragarð 066 og Svalbarða 007. Jóhannes Geir Gíslason telur jafnvel líklegar að þar sé átt við matjurtagarð. Í jaðri túns sem hefur verið sléttað.

Túnið hefur verið sléttað og sér ekkert til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:016 heimild um útihús 65°26.669N 22°38.519V

Samkvæmt túnakorti hefur útihús staðið um 100 m norðnorðvestur af Bæjarhól 001 og um 50m norðvestan við fjós 018. Það stóð undir Náttmálahól, á bakka ofan við Mangamýri. Sléttað tún.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:017 heimild um hlöðu 65°26.656N 22°38.475V

Samkvæmt túnakorti frá 1906 var hlaða um 80m norðan við Bæjarhól 001 og um 10m suðvestan við fjós 018.

Sléttað tún.

Ekkert sér til fornleifar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:018 *Norðurbæjarfjosið* hús fjós 65°26.659N 22°38.465V

Norðurbæjarfjosið var merkt inn á túnakort frá því um 1906. Enn stendur hús á þessum stað 70-80m norðan við Bæjarhólinn 001 og um 50m suð-suðvestan við Norðurbæ 005.

Í sléttuðu túni sem einkennist af hæðum.

Enn stendur hús á þessum stað og er það að hluta á steyptum grunni. Þegar skráning átti sér stað var verið að gera endurbætur á húsinu en gamla húsið sem þar stóð áður að mestu horfið. Verið er að hlaða nýja vegg úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:019 *Innribæjarfjós* heimild um fjós 65°26.625N 22°38.421V

Innribæjarfjós er merkt inn á túnakort frá því um 1906. Það stóð um 40m austan við Bæjarhól 001 og um 70m suðsuðaustan við fjós 018.

Sléttað tún.

Á þessum stað stendur nú skemma sem reist var 1976. Skemman er timburhús á steyptum grunni. Við norðausturgaflinn á skemmunnni er gámur sem einnig er á steyptum sökkli. Ekkert sér til fornminja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:020 *Norðurskemma* hús fjós 65°26.692N 22°38.525V

„Vestur af Hjallakletti¹ [049] er lending, heitir Mangafjós [022],“ segir í örnefnaskrá. „Fjós stóð




Norðurskemman mun að öllum líkindum standa á svipuðum stað og Mangafjós stóð áður. Horft til norðvesturs

upp af lendingunni [022], notað sem skemma í minni Bergsveins [Skúlasonar], kölluð Norðurskemma,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Hús sem kallað er Norðurskemma er rétt upp af lendingu sem kölluð er Mangafjós 022, er lendingin 15-20m norðvestan við Norðurskemmuna. Það verður að teljast nokkuð líklegt að Mangafjós hafi staðið þar sem skemman er nú og að lendingin hafi upphaflega dregið nafn sitt af fjósinu. Mangi þessi hét fullu nafni Magnús Einarsson og var bóndi í Skáleyjum 1823-1838. Skemman er 60m vestan við Norðurbæ 005 þann sem Mangi reisti og um 140m norðnorðvestan við

Bæjarhól 001.

Skemman er í túnjaðri fast við sjávarkletta á norðvestur strönd Skáleyja sem liggja að lendingu 022.

Norðurskemman samanstendur af tveimur húsum sem eru sambyggð og snúa framhlið til suðausturs. Húsin eru 11x8m að stærð og snúa suðvestur-norðaustur en bæði hólfín snúa suðaustur-norðvestur. Hólfíð suðvestar er undir þaki og er á því timburstafn en hólfíð norðaustar er alveg opið. Veggir eru um 1,5m á þykkt og 1-1,2m á hæð. Umför í veggjum eru 5-6 og strengur á milli. Í gaflinum á suðvestara hólfínunum eru 11 umför og svo er eingöngu torf efst, hnausar og strengur. Í suðvestara hólfínu eru 7 stoðir með jafnmörgum sperrum en innsta stoðin



Uppdráttur af Norðurskemmu 020, vörslugarði 023 sem er þétt norðvestan við skemmuna og svo lendingunni sem nefnist því skemmtilega nafni Norðurfjós

1 Jóhannes Geir Gíslason telur að réttara að segja Hjallklett en ekki Hjallaklett

og sperran er lægri, kemur þakið þar niður í fláa ofan á gaflinn. Mesta lofthæð er um 2,5m. Opna hólfið eru leifar hinnar eiginlegu Norðurskemma, var hún síðast notuð sem útielldhús og reykhus alveg þangað til 1983 þegar hún brann við kjötreykingu. Mun þetta vera eini þekkti bruninn í Skáleyjum. Hlutinn sem er undir þaki er grútarkofi og var hann byggður 1952 upp úr öðrum eldri og minni kofa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 3; Túnakort um 1906,

BA-083:021 *Mangabrunnur* brunnur brunnur 65°26.673N 22°38.535V



Búið er að byrgja Mangabrunn. Horft í austur

„Þar suðvestur af [Smíðjuflöt, 045] er Mangamýri, og í henni austast Mangabrunnur, sem er aðalvatnsból eyjarinnar,“ segir í örnefnaskrá. Mangabrunnur er um 70m vestnorðvestan við Norðurbæ 005, um 35m suðvestan við Norðurskemma 020 og um 100m norðnorðvestan við Bæjarhól 001. Mangabrunnur er á mörkum sléttaðs túns og mýrar.

Brunnurinn virðist vera fullur af vatni. Hann er grjóthlaðinn og er hleðslugrjótið stórt. Brunnurinn virðist vel hlaðinn.

Tæpur 1m er frá brún niður á vatnyfirborð og má telja þar um fjögur umför af hleðslu. Brunnurinn er um 2m í þvermál og er búið að byrgja hann með bárujárnri og timbri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4

BA-083:022 *Mangafjós* hleðsla lending 65°26.698N 22°38.539V

„Vestur af Hjallakletti [049] er lending, heitir Mangafjós,“ segir í örnefnaskrá. Lendingin er um 15m norðvestur af Norðurskemma 020, um 70m vestnorðvestur af Norðurbæ 005 og um 150m norðnorðvestur af Bæjarhól 001.



Lendingin Mangafjós 022, horft til austnorðausturs

Mangafjós er í kverk á lítilli bugðu á ströndinni. Á þessum slóðum er strandlínan víða brött og mörkuð klettum. Samkvæmt Eylendu var það galli við lendinguna að ekki flaut í hana um fjöru vegna mikils útfiris.

Mangafjós er var í raun tvær varir og er hlaðin bryggja á milli þeirra. Svæðið er um 20x15m að stærð og snýr norður-suður. Bryggjan sem er nokkuð miðsvæðis er um 10m löng. Við bryggjusporðinn er hún um 3m breidd en næst landi er brúin um 4m. Vörin sunnanmegin við bryggjuna er um 4m að breidd og um 7-8m löng. Þar er einnig

grjóthleðsla sunnan við vörina. Hún nær lengra út en bryggjan, tæpa 3m. Vörin norðan bryggjunnar er víðari og lengri eða um 6m að breidd og um 10m að lengd. Norðan við nyrðri vörina er náttúrulegur klettur eða sker sem afmarkar vörina til norðurs þar er einnig

stórgrýttara. Varirnar eru lítið sendnar en einkennast meira af möl. Bryggjan er ágæt smíð, stórt grjót neðst en smærra efst. Hleðslur eru 5-6 umför og um 60cm á hæð yst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 3; Eylenda, I, 340

BA-083:023 hleðsla rétt 65°26.693N 22°38.537V

Uppi á klettunum fyrir ofan lendinguna sem nefnist Mangafjós 022 er hleðsla. Sennilega er hún vörslugarður eða aðhald/rétt (mögulega til að hafa taumhald á skepnum sem setja átti í bát). Hleðslan er um 6m norðvestan við Norðurskemmu 020 og um 8m suðaustan við lendingu 022. Liggur eftir klettóttum fjörukambi.

Hleðslan er um 25m löng og liggur og snýr suðvestur-norðaustur. Við sjó beygir hleðslan og liggur í um 3m niður að sjó til norðvesturs. Hleðslan er víða nokkuð mikið sigin, sumstaðar er hún bara eitt umfar en þar sem hún er hæst er hún um 3-4 umför og 30-50cm á hæð. Breidd er kringum 60cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:024 Hólar þúst býli 65°26.542N 22°38.655V

„Vesturhluti Bæjarhóls, út frá Efribæ [003], heitir Langhóll, yzt á honum Langhólshaus ... Út og suður af Langhólshaus eru Hólar. Milli þeirra þúfnareiturinn Svíri. Á Hólum



Hólshús 024, horft til suðvesturs

mun einhvern tíma hafa verið bær,“ segir í örnefnaskrá. Hólar voru 190-200m suðvestan við Bæjarhól 001, 40-50m suð-suðvestan við Fýlubrunn 071 og um 80m suðaustan við lambhús 073.

Hæð eða ávöl klöpp sem er í talsverðri órækt og er svæðið frekar þýft.

Mikið umrót hefur átt sér stað þar sem húsin stóðu og sjást engar skýrar vegghleðslur eða veggbrott. Steyp veggbrott eru á hólum öll á kafi í grasi. Undir lokin stóðu fjárhús á þessum stað en þau hafa nú verið rifin. Engar minjar er hægt að sjá eftir bæ á þessum

slóðum og ekki hægt að greina neina uppsöfnun á hólum. Dæld eftir fjárhúsið eru einu ummerkin. Hún er um 11x6m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5; Túnakort 1906

BA-083:025 tóft hjallur 65°26.711N 22°38.458V

Norðan við Norðurbæ 005 er Norðurflöt. Austan við hana er aðallending eyjarinnar Norðurvör [041] og Syðrivör [042],“ segir í örnefnaskrá. Um 30m sunnan við Norðurvör 041 er hjallur. Hann er um 170m norðan við Bæjarhól 001, 50m norðan við Norðurbæ 005 og um 60m norðaustur af Norðurskemmu 020.

Hjallurinn er á grasigrónum bala sem hallar niður að sjó til norðvesturs.

Hjallurinn hefur tvær samsíða hleðslur sem eru um 1m á breidd og er hann opinn í báða enda. Hann er 8x4m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Austurlangveggur er um 1,2m á hæð. Mest sjást 6 umför af hleðslu syðst. Austur langveggur er mun hærri og




Hjallur 025, horft til norðausturs

gerðarlegri en vestur langveggur sem er einungis um eitt umfar. Upphaflega voru veggirnir jafnháir en síðan var grjótið úr austur langveggnum tekið og notað í annað. Notaður sem sjóarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906



BA-083:026 *Krókshús* heimild um *Uppdráttur af hjalli 025*

útiús 65°26.686N 22°38.370V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1906 var þá útiús um 150m norðaustan við Bæjarhól 001, um 60m austan við Norðurbæ 005 og 60-70m suðsuðvestan við rétt 035. Voru þau kölluð Krókshús.

Á þessum stað eru nú slétt tún upp að lágum klettarana.

Ekkert sér til minja nema óljósar dældir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:027 *Lönguflatarhús* heimild um útiús 65°26.694N 22°38.308V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1906 voru útiús, Lönguflatarhús, um 200m norðaustan við Bæjarhól 001 og um 100m austan við Norðurbæ 005.

Húsin voru á ávölum grasigrónum rana í jaðri túns.

Ekkert sér til minja eftir húsin sem voru tvö, fjárhús og hlaða. Fjárhúsin snéru þvert á ranann en hlaðan í slakkanum norðan við hann (nær sjó).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906

BA-083:028 *Girðir* gerði kartöflugarður 65°26.681N 22°38.255V

„Í norður frá henni [Stöðuleyjarmýri], en vestan Litlu-Lyngeyjar, er Smiðjutjörnin ... Milli Lönguflatar og Stöðuleyjarkletta [sjá 030], við vesturenda Smiðjutjarnar, er kartöflugarðurinn Girðir,“ segir í örnefnaskrá. „Upp úr tóftunum var síðar gerður kartöflugarðurinn Girðir,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Girðir er 210m norðaustan við Bæjarhól 001, um 150m austan við Norðurbæ 005 og um 80m norðvestan við Stöðul 030.



Girðir séður frá vestri

Kartöflugarðurinn er í grasigrónu landi sem hallar mót austri.


Girðir er girtur af með garðlagi sem er sambyggt túngarði að innanverðu.

Túngarðurinn myndar jafnframt norðurausturlanghlið Girðis. Girðir er

25x8m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Gerðið er úr torfi og grjóti, eru vegghleðslur um 50cm á hæð og um 2m á breidd. Nyrst hefur garðhleðslan skemmst vegna framkvæmda en á suðurausturhlið er op þétt upp við suðurvesturlanghlið. Engar minjar sjást eftir smíðjurnar sem hafa að öllum líkindum verið sléttaðar út þegar Girðir var byggður upp.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 2; Túnakort 1906



Uppdráttur af Girði

BA-083:029 heimild um fjárhús 65°26.688N 22°38.269V

Samkvæmt túnakorti voru fjárhús fast norðvestan við Girði 028. Þau voru um 200m norðaustan við Bæjarhól 001, um 140m austan við Norðurbæ 005 og um 100m norðvestan við Stöðul 030.

Húsin voru í túnjaðri. Svæðið er gróið grasi.

Það er búið að slétta yfir húsin og sér lítið til minja nema óljós kanntur á tvo vegu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort um 1906



Tóft 030 horft til austurs

BA-083:030 Stöðull/Efraból tóft

fjós 65°26.650N 22°38.180V

„Innri hluti hennar [bæjareyjar] heitir Stöðuley ... Austan við eiðið, sem tengir Stöðuley við túnið, heita Bólklettur. Suður af þeim [er] Stöðull eða Efraból, þar eru nú sumarfjós,“ segir í örnefnaskrá. „... Efra-Ból kannast Bergsveinn ekki við, venjulega var Bólið ekki greint í sundur. Aldrei var talað um að reka kýr á Stöðul, heldur á Bólið,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Jóhannes Geir Gíslason kannast aftur á móti

vel við þessi örnefni, Efra- og Neðraból, og voru þau gjarnan notuð í daglegu máli. Tvær fjóstóftir eru á Bólinu (031). Sú sem hér er skráð er 10m norðaustan fjóstóft 031, um 240m austnorðaustan við Bæjarhól, um 80m suðaustan við Girði 028 og um 150m austan við Norðurbæ 005.

Tóftin er á klettaholti, á fremur sléttri grundu sem hallar mót norðvestri.

Tóftin er 7x6m að stærð og snýr austnorðaustur-vestsuðvestur. Þetta

er einföld tóft með op fyrir miðri norðvesturhlið. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, 60-80cm á hæð og um 1m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 2 og 3; Ö-Skáleyjer, ath.semdir, 2



BA-083:031 Stöðull/Efraból tóft Uppdráttur af tóft 030

fjós 65°26.645N 22°38.195V


„Austan við eiðið, sem tengir Stöðuley við túnið, heita Bólklettur. Suður af þeim [er] Stöðull eða Efraból, þar eru nú sumarfjós,“ segir í örnefnaskrá. „... Efra-Ból kannast Bergsveinn ekki við, venjulega var Bólið ekki greint í sundur. Aldrei var talað um að reka kýr á Stöðul, heldur á Bólið,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Tvær fjóstóftir eru á Bólinu (030 og 031). Sú sem hér er skráð er 10m suðvestan við fjóstóft 030, 230m austnorðaustan við Bæjarhól 001 og 10m suðaustan við Stöðulgarð 032.



Tóft 031, horft til suðvesturs

Gróið land nærri sjó og þar er talsvert um hæðir og hóla.

Tóftin er 6x6m að stærð, einföld og er op á fyrir miðjum suðvesturvegg. Opið er um 60cm á breidd. Vegghleðslur eru um 1,10m á hæð og um 1m á breidd. Inni í tóftinni liggur timburgafl sem markað hefur suðvesturhlið.



Uppdráttur af tóft 031

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 2 og 3; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 2


BA-083:032 *Stöðulgarður* tóft kartöflugarður 65°26.653N 22°38.215V
„Í brekkunni austan við það [Bólbarð, sjá 031] er kartöflugarður, sem Stöðulgarður nefnist,“ segir í örnefnaskrá. Stöðulgarður er 220m austnorðaustan við Bæjarhól 001, um 7m norðvestan við fjós 031 og um 60m suðaustan við Girði 028.

Garðurinn er í grasigróinni brekku sem hallar mót suðvestri.

Stöðulgarður er 22x18m að stærð og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Á garðhleðslunum er op vestan við miðju á suðaustur skammhlið. Áberandi rof er í garðhleðslunni



Stöðulgarður 032 er í grasi gróinni brekku sem hallar mót suðvestri. Horft til er norðvesturs



Uppdráttur af Stöðulgarði

norðan við miðju á norðaustur langhlið. Vegghleðslurnar eru úr torfi og grjóti en klapparholt myndar norðurvesturhlið. Hleðslurnar eru úr lagi gengnar en eru þó um 50cm á hæð og um 1,5m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3

BA-083:033 *Langatangagarður* garðlag kartöflugarður 65°26.551N 22°38.401V



Langatangagarður 033, horft til norðausturs

„Langitangi gengur í vestur og er hann framhald af Bólbarðinu [sjá 031]. Yzt á honum er Langatangagarður,“ segir í örnefnaskrá. Langatangagarður er um 140m suðsuðaustur af Bæjarhól 001, um 200m austan við Hóla 024 og um 70m norðan við hjalla 056.

Langatangagarður er eins og nafnið bendir til á löngum tanga sem gengur út frá Bæjar-eyjunni og liggur samsíða henni til suðvesturs. Garðurinn er suðvestast á tanganum.

Í Langatangagarði voru ræktaðar kartöflur. Hann er 44x13m að stærð og snýr norð-

austur-suðvestur. Garðurinn var upphaflega minni en var um 1960 stækkaður um 32m til norðausturs og breikkaður um 3m til suðausturs. Eldri garðurinn hefur verið því verið um 12x10m að stærð. Umhverfis garðinn er óljós grjóthleðsla sem er um 20cm há og er hún mikið gróin og komin á kaf í gras.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3



Garðlag 034, horft til vesturs

BA-083:034 garðlag óþekkt

65°26.689N 22°38.265V

Garðlag er 9-10m norðan við Girði 028, um 90m norðnorðvestan við fjóstóft 031 og um 220m austnorðaustan við Bæjarhól 001. Garðlagið er í túnjaðri á sléttri gróinni grund.

Garðlagið er um 20m langt og liggur suðaustur- norðvestur. Það er mjög sigið, lítur út eins og lágur hryggur í landinu og er 30-40cm á hæð og um 1m á breidd. Það virðist ekki vera í neinum skýrum tengslum við aðrar fornleifar en er mjög nálægt túngarðinum. Líklegast er því að garðstubburinn sé brot af eldri túngarði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:035 tóft rétt 65°26.719N 22°38.347V


Grjóthlaðin rétt er um 20m norðaustur af Króki 040, 210-220m norðaustur af Bæjarhól 001 og um 100m norðvestur af Girði 028. Réttin er á grasigrónum bala, fast út við stórgrytta



Rétt 035 séð frá suðri

klapparfjöru.

Réttin sem er grjóthlaðin er 12x10m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er einföld. Veggheðslur eru um 80cm á breidd og um 1,5m á hæð þar sem þær eru hæstar en annars er hleðsluhæð um 1,1m að jafnaði. Sex umför af hleðslu sjást og er hleðslugrjótið frekar stórt. Klöpp myndar suðaustur langhlið réttarinnar. Nálægt klöppinni er op á suðvestur skammhliðinni. Réttin var byggð af Gísla Jóhannessyni (1901-1984) bónda í Skáleyjum og var hún aðalrétt



Uppdráttur af rétt 035



Búið er að slétta yfir Stórabrunn 036. Horft til norðurs

Nautarima í stað Nyrðri-Nautarima,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Stóribrunnur var um 70m norðaustan við Bæjarhól 001 og um 50m suðaustan við fjós 018 en nú hefur verið sléttað yfir hann.

Á þeim stað þar sem brunnurinn var er nú matjurtagarður.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 2

Skáleyinga. Þegar líða tók á 7. áratug síðustu aldar var mikið til hætt að nota hana, var hún þá búin að vera í notkun í 40-50 ár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:036 *Stóribrunnur* heimild um brunn 65°26.642N 22°38.413V

„Norður frá henni [Smiðjutjörn] eru Nautarimar, syðri og nyrðri. ... Vestur frá Syðri-Nautarima, en í túninu, er Langafliot. Suður frá henni Stóramýri öðru nafni Stórabrunnsmýri. Í henni er Stóribrunnur,“ segir í örnefnaskrá. „Að sögn Bergsveins Skúla-sonar var venjulega “... talað um Vestari-



Garðlag 037, horft til norðurs

BA-083:037 hleðsla óþekkt

65°26.667N 22°38.284V

Í Stórabrunnsmýri er garðlag um 170m norðaustan við Bæjarhól og um 20m suðvestan við Girði 028. Garðlagið er í framræstri mýri.

Garðlagið er um 20m langt og snýr vestsuðvestur-austnorðaustur. Það er um 50cm á hæð og um 2m á breidd. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða notkun hefur haft, en tæplega hefur það verið áveita.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Fjósagrund 038, horft til norðausturs

BA-083:038 *Fjósagrund* þúst fjós

65°26.651N 22°38.291V

„Suður af Stórumýri [þ.e. Stórabrunnsmýri 036], milli hennar og innrihluta Löngutjarnar, er innst Fjósagrund, þar stóðu sumar fjós áður en þau voru færð inn á Bólið [030 og 031]“, segir í örnefnaskrá. Fjósagrundin er um 150m austnorðaustur af Bæjarhól 001 og um 70m vestnorðvestur af Bólinu 031. Grasi gróin grund sem búið er að slétta.

Ekkert sér til fornleifar en þó er greinileg hólmyndun þar sem húsin hafa staðið. Hóllinn

er lágur og aflangur, um 15x5m að stærð og snýr norðaustur- suðvestur. Er hann einna hæstur að norðvestanverðu og er hann þar um 50cm hár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3

BA-083:039 *Tjarnarhús* heimild um skemmu 65°26.629N 22°38.356V

„Innst á henni [Barnflöt sem er „út frá Fjósa-grund 038, í stefnu á Innribæ 002 ...“] er Tjarnarhús,“ segir í örnefnaskrá. Tjarnarhús stóðu rétt sunnan við Stórabrunnsmýri, um 100m austnorðaustan við Bæjarhól 001 og um 130m vestsuðvestan við Bólið 031. Húsið stóð á þurru svæði alveg niður við fjöru, í túnjaðri.

Tjarnarhúsið hefur verið rífið og er búið að slétta yfir það, sér ekkert til minja eftir það lengur. Tjarnarhúsið hafði torfhlaðna veggi og var með bárujárnsþaki sem hvíldi á timburgrind. Áður en bárujárnsþakið var sett á var það með torfþekju. Tjarnarhúsið var notað sem selverkunnarhús, matar- og eldiviðargeymsla. Við hliðina á Tjarnarhúsi norðaustan megin stóð Svarthol, en svo kallaðist yngra timburhús sem var sambyggt Tjarnarhúsinu. Það var klætt svörtum tjörupappa og var notað sem útielldhús, reykhus og dúnkrofsunarhús. Sjá má húsin á gömlum ljósmyndum og málverkum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3

BA-083:040 *Krókur* kantur lending 65°26.713N 22°38.369V

„Yzt á Lönguflöt norðanverðri, er Krókshóll. Norður af honum, en vestur af Nyrðri-Nautarima, er Krókur og Króksvör,“ segir í örnefnaskrá. Að sögn Bergsveins Skúlasonar var venjulega „... talað um Vestari-Nautarima í stað Nyrðri-Nautarima ... Krókur er vik við ytri endann á Vestari-Nautarima,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. „Í Skáleyjum voru lendingar og uppsátur á mörgum stöðum. Í túnfætinum á norðanverðri eyinni eru t.d. Norðurvör [041], Syðrivör [042], Krókur, Djúpahleinn [100], Nýjavör [048] og Mangafjós [022],“ segir í Eylandu. Krókur eða Króksvör er um 200m norðnorðaustan við Bæjarhól 001, um 100m norðvestan við Girði 028 og um 80m norðaustan við Norðurbæ 005.

Sendin fjara innst í litlum vogi. Lítill viðlegukanntur er í Króki sem er um 7m á lengd og um 4m á breidd. Viðlegukannturinn er lítið eitt mjórri fremst næst sjó en hliðin sem snýr að landi.



Tjarnarhús 039, horft til norðurs



Krókur 040, horft til norðausturs

Kannturinn sem er hlaðinn úr frekar stóru grjóti var hlaðinn eftir 1960 og er hleðsluhæð hans um 1,6m og um 3 umför. Áður voru þar klappir og hlaðið í skörð. Lítið var um það að bátar væru geymdir þar, var lendingin frekar notuð til uppskipunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 2; Eylenda, I, 340

BA-083:041 *Norðurvör* hleðsla landing $65^{\circ}26.725N$ $22^{\circ}38.463V$ „Austan við hana [Norðurflöt sem er norðan við Norðurbæ 005] er aðallending eyjarinnar Norðurvör og Syðrivör [042],“ segir í örnefnaskrá. Norðurvör er 25m norðan við hjall 025 og um 200m norðan við Bæjarhól 001.


Fjaran einkennist af klöppum og stórgrýti.

„Norður af Þríklökkum er Sjávarfallssker, þá flýtur skip í Norðurvör, ef skerið er í kafi ...[Nákvæmara væri að segja að Sjávarfellssker sé í norður frá Kríuhólma. Þríklakkar eru nokkuð vestar. Stefnan frá Þríklökkum í Sjávarfellssker myndi vera í norðaustur,




Norðurvör 041, horft til suðsuðvesturs

segir Jóhannes Geir Gíslason].... Milli Norðurlanda [sem eru hluti af Heimalöndum en þær eru þær eyjar sem eru mest nýttar til beitar], utan Illarífs [sem tengir Norðurlönd við Heimaeyjuna], heitir Hóp. Norðan við það, Efri- og Fremri-Straumatangi, þar liggur leiðin að Norðurvör ... Treggjaldasker heitir norður af Sigguskeri [sem er austur af Syðrivör, 042]. Sundið norðvestan við það (en það er aðalleiðin að landingunni) heitir Treggjaldi.“, segir í örnefnaskrá. „Aðalleiðin að Norðurvör liggur



Uppdráttur af viðlegukantinum á Króki



Uppdráttur af Norðurvör

um Treggjald og um Hópið,“ segir í örnefnaskrá, B. Galli við Norðurvör er „... að ekki flýtur í [hana] um fjöru vegna hins mikla útfiris. Norðurvör var aðallendingin en þangað flýtur ekki fyrr en um hálfafallið. Um lægra sjóað þurfti þá að lenda og geyma báta frammi í Strákum [050] og fylgdi þessu mikil fyrirhöfn.“, segir í Eylendu. Í búskapartíð heimildamanns, Jóhannesar Geirs Gíslasonar var Norðurvör breikkuð með sprengiefni en hún var lítið notuð í sinni fyrri mynd. Áður var Norðurvör einungis rudd og að mestu leyti náttúruleg. Efribryggja snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur og er suðaustan við Norðurvör, hún er um 20m löng og um 3m breið. Hleðslan er um 60cm á hæð og má telja 2-4 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 6 og 7; Ö-Skáleyjar, B, 9; Eylenda, I, 340

BA-083:042 *Syðrivör* renna uppsátur 65°26.715N 22°38.439V

„Austan við hana [Norðurflöt sem er norðan við Norðurbæ 005] er aðallending eyjarinnar Norðurvör [041] og Syðrivör,“ segir í örnefnaskrá. Syðrivör er 25m suðaustan við Norðurvör 041, um 15m norðaustur af hjalli 025 og um 180m norður af Bæjarhól 001.

Vörin er í klapparfjöru og suðaustan við hana er klapparrani sem nær út í sjó en umhverfis vörina er gróið og grösugt land. Galli við Syðrivör er „... að ekki flýtur í [hana] um fjöru vegna hins mikla útfiris.“, segir í Eylendu. Vörin er opin til norðausturs og er um 7m breið og 10m löng. Lendingin hefur verið rudd en er góð frá náttúrunnar hendi. Syðrivör hefur e.t.v. verið notuð sem landing á flæði fyrir smáa árabáta meðan þeir voru sem algengastir en gagn hennar er fyrst og fremst uppsátur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Eylenda, I, 340

BA-083:043 *Naustið* hleðsla naust 65°26.715N 22°38.482V


„Upp frá Syðrivör [042] er Naustið ...“ segir í örnefnaskrá. „Naustið er upp af Norðurvör [041],“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Naustið er 180m norðan við Bæjarhól 001, 20m suðvestan við Norðurvör 041 og um 60m norðnorðvestur af Norðurbæ 005. Naustið er á grasbala fyrir ofan klapparfjöru sem hallar mót norðaustri. Naustið er 5,5x2,5m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er opið til norðausturs og hlaðið úr stóru grjóti sem er orðið grasgróið. Hleðslurnar eru um 1m á breidd og um 30cm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Ö-Skáleyjar,



Syðrivör 042, horft til norðausturs



Uppdráttur af Nausti 043



Naustið 043, horft til norður



Naustabrunnur 044, horft til austurs



Smiðjuflöt 045, horft til austurs

segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Í jaðrinum á Smiðjuflöt að norðanverðu er tóft sem líklega er umrædd smiðja. Hún er 120m norðnorðvestan við Bæjarhól 001, um 40m suðvestan við fjós 020 og um 60m austnorðaustan við Nesgarð 060.

Tóftin er í hvilft við túnjaðar, all nærri við sjávarkambinn en einnig í jaðrinum á Mangamýri.

ath.semdir, 3

BA-083:044 *Naustabrunnur* heimild um brunn 65°26.707N 22°38.453V „Upp frá Syðrivör [042] er Naustið [043] í því er Naustabrunnur,“ segir í örnefnaskrá. „Naustabrunnur var nefndur Naustbrunnur, hann var upp af Syðrivör,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Naustabrunnur er 170m norðan við Bæjarhól 001, um 35m sunnan við Norðurvör 041 og 60m norðaustan við fjós 020.


Brunnurinn er í grasigróinni grund fyrir ofan klapparfjöru. Búið er að fylla brunninn og það eina sem sést eftir hann er óregluleg steinadreif.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 3

BA-083:045 *Smiðjuflöt* tóft smiðja 65°26.675N 22°38.559V

„Upp frá því [Mangafjosi, 022], en vestur frá Norðurflöt, er Smiðjuflöt,“ segir í örnefnaskrá. „Vestur af smiðjunni á Smiðjuflöt og suður af Mangafjosi eru Smiðjuklettar,“



Uppdráttur af tóftarbroti á Smiðjuflöt

Tóftin er einföld, opin til norðvesturs og 11x5m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Norðaustur langveggur er mun lengri en aðrir veggir en hann sýnist vera í sundur vegna vegartroðnings sem liggur yfir hann. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er mikið sigin og óregluleg. Hleðslur eru um 1m á breidd og um 50cm á hæð þar sem þær eru hæstar. Ógreinileg þúst er um 2 m norðaustan við tóftina. Þústin er um 4m í þvermál og virðist manngerð, hún er 40-50cm há.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 4

BA-083:046 *Fremribryggja* heimild um samgöngubót 65°26.736N 22°38.476V

„Efribryggja [041] er sunnan við Norðurvör [041]. Kippkorn norðar er Fremribryggja,“ segir í örnefnaskrá. Fremribryggja er 20m norðvestan við Norðurvör og Efribryggju 041 og um 220m norðan við Bæjarhól 001. Fjaran sem bryggjan er í einkennist af klöppum. Efribryggja hefur verið gjóthlaðin en hleðslur eru fallnar. Það sem greina má af bryggjunni er 10m langur þanggróinn garður sem liggur í norðnorðaustur og er 4-5m breiður. Hleðsluhæð er hæst um 50cm.



Fremribryggja 046, horft til norðnorð-austurs

Hættumat: hættu, vegna rofs

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3

BA-083:047 *Kríuvör* heimild um lendingu 65°26.723N 22°38.497V

„Kippkorn norðar er Fremribryggja [046]. Þaðan í vestur Djúpahlein [100]. Út frá henni er Kríuvör ...,“ segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur vitað hvar Kríuvör stóð nákvæmlega en hana má þó gróflega staðsetja út frá öðrum örnefnum eins og henni er list í örnefnaskrá. Samkvæmt því hefur hún verið um 200m norðan við Bæjarhól 001, um 25m vestan við Norðurvör 041 og um 20m norðvestan við Naustið 043.



Kríuvör 047, horft til suðausturs

Klapparfjara

Í athugasemdum við örnefnaskrá kemur fram að Bergsveinn Skúlason man ekki eftir Kríuvör. Jóhannes Gíslason, heimildamaður, man ekki heldur eftir þessu örnefni. Ekki sést nein greinileg vör á þessum stað en Jóhannes Geir Gíslason heimildarmaður taldi eins líklegt að þarna hafi verið lagt við klappirnar eins og tíðkaðist í þá daga.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 3

BA-083:048 *Nýjavör* hleðsla lending 65°26.717N 22°38.502V

„Kippkorn norðar er Fremribryggja [046]. Þaðan í vestur Djúpahlein [100]. Út frá henni er Kríuvör [047] og Nýjavör,“ segir í örnefnaskrá. Nýjavör er 180-190m norðan



Nýjavör 048, horft til suðausturs

við Bæjarhól 001, um 30m suðvestan við Norðurvör 041 og um 15m vestan við Naustið 043. Við vörina að austanverðu er hleðsla eftir bryggju.

Bryggjan og vörin eru í klapparfjöru.

Galli við Nýjuvör er "... að ekki flýtur í [hana] um fjöru vegna hins mikla útfiris," segir í Eylendu. Við Nýjuvör er bryggja sem er um 8m að lengd og 1,5m að breidd, hún liggur til norðvestur að hafi. Enn eru eitt til tvö umför greinanleg og var hún hlaðin úr stórum steinum sem allir eru úr lagi gengnir. Hleðsluhæð mun vera um 50cm. Við bryggjuna vestanverða hefur fjaran verið

hreinsuð af grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3; Eylenda, I, 340

BA-083:049 *Hjall(a)klettur* heimild um hjall 65°26.706N 22°38.516V


„Vestur frá Nýjuvör [048], við sjó, er Hjallaklettur,“ segir í örnefnaskrá. Hjallaklettur eða Hjallklettur eins og Jóhannes Geir Gíslason nefnir hann er 160m norðan við Bæjarhól 001, um 50m suðvestan við Norðurvör 041 og 60m norðvestan við Norðurbæ 005. Þar stóð hjallur sem nú (2010) hefur verið endurhlaðinn.

Hjallur á Hjallkletti er fast austan við veginn sem lagður var út í Stráka 050.

Á þessum stað er verið að endurbyggja gamlan hjall. Nú standa þarna tvær samsíða grjóthleðslur önnur er rúmlega 1m á breidd og hæð og um 5m á lengd. Á milli þeirra eru 3m. Tóftin er því 5x5m að utanmáli. Milli veggjanna, að norðaustanverðu er lág hleðsla sem er um 50cm að breidd og um 30cm á hæð. Fast suðaustan við hjallinn er steinsteyptur grunnur og í honum liggur raftviður. Utanmál þessa grunns er 3x4 og snýr hann suðvestur norðaustur. Hjallurinn sem áður stóð á þessum stað hafði timburgafla og bárujárnspak.



Hjallaklettur 049, horft til norðurs



Uppdráttur af hjalli 049 á Hjallakletti

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4

BA-083:050 *Strákar* heimild um lendingu 65°26.816N 22°38.752V



Strákar, lending. Horft til suðurs

„Vestur frá Nýjuvör [048], við sjó, er Hjallaklettur [049]. Fram af honum er Viggusker, þar framar og vestar Ámundanef. Þaðan liggur Innrarif og nær til Stráka, en svo nefnast steinklettagrasflögur, og er þar jafnan aðflot fyrir báta....Framhólmar heita einu nafni norðan við Bæjareyjuna. Innst þeirra eru Strákar, ... þar er lending í Strákavör,“ segir í örnefnaskrá. „Strákar eru nokkrir hólmar, en hólminn, sem Innrarif nær til, heitir Syðri-Strákaflaga

...“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. „Síðan bryggja og önnur aðstaða kom í Strákunum eru [aðrar lendingar, 022, 040, 041, 042, 047, 048, 076, 083, 100, 101 og 107] því lítið notaðar,“ segir í Eylendu. „Lendingin við stráka hefur breyttist við framkvæmdir og hafnargerð árið 1981. Lendingin var u.þ.b. 420 m norðnorðvestur af Bæjarhól 001 og 290m norðvestan við fjós 020. Hún var ennfremur austan við núverandi bryggju.

Stórgrýtt fjara.

Ekkert sést til gömlu lendingarinnar. Í strákavör var aldrei geymdur bátur. Ef bátar voru hafðir þar þurfti að bera upp fyrir flæðarmál.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, I, 4 - 6; Eylenda, I, 340

BA-083:051 *Hjallabali* tóft hjallur 65°26.505N 22°38.499V

„Milli Langatanga [sjá 033] og túnsins eru tvær tjarnir, heita þær Innri- og Ytritjörn ... Sunnan við Ytritjörn heita Hjallar, þar voru eitt sinn fiskþurrkunarhjallar, sem nú eru með öllu horfnir. Hjallarnir stóðu á svo nefndum Hjallabala eða Hjallagrund,“ segir í örnefnaskrá. „Fiskþurrkunarhjallar stóðu þarna þegar Bergsveinn [Skúlason] átti þarna heima (til 1920-1930). Þeir voru sex. Fjórir stóðu á Hjallabala,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Hjallabali er gróinn klettahryggur en jarðgrunnt á. Brattur tjarnar megin (að norðan verðu) en hallar meir til suðurs að Hjallavík. Bæði á hábalanum og neðar eru hjallatóftirnar, skreiðar- og/eða geymsluhjallar. Þetta nes dró nafn sitt af þeim og heitir Hjallar. Tjarnirnar norðan við Hjallabala heita einu nafni Langatjörn eða samkvæmt málvenju „Löngutjörn.“ Löngustillur (Langatangaríf) skiptir Löngutjörn í Innri- og Ytritjörn. Innritjörn var löngum mikið leiksvæði, hún er milli túns og Langatanga og sást þar vel til barnanna. Ytritjörn er milli túns og Hjalla. Fjórar tóftir eru á Hjallabala; sú sem hér er skráð, 052, 053 og 054 standa þær í fremur beinni línu frá vestsuðvestri til austnorðausturs. Sú þeirra sem er vestust er 7m vestsuðvestan við næstu tóft 052, um 210m sunnan við Bæjarhól og um 40m norðvestan við naust 077. Tóftin er á holtsbrún og hallar til norðurs. Tóftin er einföld, 6x4m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á miðri norðurlanghlið. Tóftin er mjög sigin




Hjallabali 051, horft til vesturs

og öll grasigróin þó glittir í hleðslugrjót í veggjum. Vegghleðslur eru um 50cm á hæð og um 1m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 5



Uppdráttur af hjalli 051 á Hjallabala

BA-083:052 *Hjallabali* tóft hjallur 65°26.508N 22°38.481V



Tóft 052 á Hjallabala, horft til norðvesturs

Fjórar tóftir eru á Hjallabala (sjá nánar 051). Sú tóft sem hér er skráð er önnur í röðinni talið frá vestri er 7m suðsuðvestan við hjall 053, um 4m norðan við kálgarð 109 og um


200m sunnan við Bæjarhól 001. Hún er enn fremur 30 norðan við naust 077.

Tóftin er á grónu holti.

Tóftin er einföld, 6x4m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðri norðvestur langhlið. Tóftin er mjög sigin og grasigróin þó glittir í hleðslugrjót í veggjum. Vegghleðslur eru um 40cm á hæð og um 1m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 5



Uppdráttur af hjalli 052 sem er á Hjallabala

BA-083:053 *Hjallabali* tóft hjallur 65°26.507N 22°38.462V

Fjórar tóftir eru á Hjallabala (sjá einnig 051, 052 og 054) og standa þær í nokkuð beinni



Tóft 053 á Hjallabala, horft til aust-norðausturs

línu vestsuðvestur-austnorðaustur (sjá nánar 051). Sú tóft sem hér er skráð er þriðja í röðinni talið frá vestri er 8m suðsuðvestan við þá næst austustu. Kálgarður sem tekinn var í notkun í tíð Gísla Einars Jóhannessonar (1901-1984) var gerður fast við að tóftina. Hún er ennfremur um 30m norðan við naust 077 og um 200m sunnan við bæjarhól.

Tóftin er á grónu holti.

Tóftin er einföld, 6x4m að stærð og snýr austnorðaustur-vestsuðvestur. Engin gafl er á henni til vestsuðvesturs og má vera að þar hafi verið timburpil. Veggheðslur eru mjög signar um 40cm á hæð og um 1m á breidd. Tóftin er öll grasigróin en þó sést töluvert hleðslugrjót í veggjum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 5


BA-083:054 *Hjallabali* þúst hjallur 65°26.512N 22°38.442V



Þúst 054 á Hjallabala, horft til austurs



Uppdráttur af hjallatóft 053



Uppdráttur af þúst 054 á Hjallabala

Fjórar tóftir eru á Hjallabala (sjá 051, 052 og 053) standa þær í nokkuð beinni línu frá vestsuðvestri-austnorðausturs. Austasta tóftin af þessum fjórum er 35-40m austar en tóftin sem er vestast 051. Hún er um 10m

beint norður af fjárhúsum 075, 10m norðaustan við hjall 053 og um 200m sunnan við bæjarhól.

Tóftin er á ystu brún á grónu holti.

Þústin er mjög ógreinileg, eiginlega bara um 20 cm djúp dæld. Hún er 6x4m að stærð og snýr norðaustur-

suðvestur. Grjót er greinilegt í vesturgafli hennar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 5

BA-083:055 *Hjallatá* tóft hjallur 65°26.513N 22°38.430V



Tóft 055 á Hjallatá, horft til austurs



„Milli Langatanga [sjá 033] og túnsins eru *Uppdráttur af tóft 055*

tvær tjarnir, heita þær Innri- og Ytritjörn

... Sunnan við Ytritjörn heita Hjallar, þar

voru eitt sinn fiskþurrkunarhjallar, sem nú eru með öllu horfnir. Hjallarnir stóðu á svo nefndum Hjallabala eða Hjallagrund,“ segir í örnefnaskrá. „Fiskþurrkunarhjallar stóðu þarna þegar Bergsveinn [Skúlason] átti þarna heima (til 1920-1930). Þeir voru sex. Fjórir stóðu á Hjallabala [051, 052, 053 og 054], einn á Hjallatánni,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Hjallatá er norðaustan við Hjallabalann og gengur hún í sjó fram. Á Hjallatánni fundust tvær tóftir 055 og 056, er sú fyrri 5m vestan við hjall 056 og jafnframt greinilegri. Hún er einungis 3m austan við austustu tóft á Hjallabala 054, um 15m norðaustan við fjárhús 075 og um 200m sunnan við Bæjarhól.

Tóftin er undir brekkubrún

Tóftin sem er einföld er 6x4m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er opin norðausturs. Tóftin er talsvert sigin eða hrunin. Hleðsluhæð veggja er um 60cm og breidd um 1m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 5

BA-083:056 *Hjallatá* tóft hjallur 65°26.515N 22°38.415V

„Milli Langatanga [sjá 033] og túnsins eru tvær tjarnir, heita þær Innri- og Ytritjörn ...

Sunnan við Ytritjörn heita Hjallar, þar voru eitt sinn fiskþurrkunarhjallar, sem nú eru með öllu horfnir. Hjallarnir stóðu á svo nefndum Hjallabala eða Hjallagrund,“ segir í örnefnaskrá. „Fiskþurrkunarhjallar stóðu þarna þegar Bergsveinn [Skúlason] átti þarna



Tóft 056 á Hjallatá, horft til austurs

heima (til 1920-1930). Þeir voru sex. Fjórir stóðu á Hjallabala [051, 052, 053 og 054], einn á Hjallatánni,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Hjallatá er norðaustan við Hjallabalann og gengur hún í sjó fram. Á Hjallatánni fundust tvær tóftir 055 og 056. Á Hjallatánni fundust tvær tóftir 055 og 056.


Sú sem hér er skráð er um 5m austan við hjall 055 og nokkuð ógreinileg. Hún er 27-30 m austnorðaustan við fjárhús 075 og um 200m sunnan við Bæjarhól.

Tóftin er á grónu klapparholti mjög nálægt stórgrýttri fjöru.

Tóftin er 5x4m að stærð og snýr vestsuðvestur-austnorðaustur. Tóftin er einföld og opin í báða enda. Vegghleðslur eru mestu hrundar. Þær eru nú innan við 30cm á hæð. Austurhliðin er örlítið heillegri en vesturhliðin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 5



Uppdráttur af tóft 056

BA-083:057 *Lákahjallur* tóft hjallur 65°26.515N 22°38.415V

„Milli Langatanga [sjá 033] og túnsins eru tvær tjarnir, heita þeir Innri- og Ytritjörn ... Sunnan við Ytritjörn heita Hjallar, þar voru eitt sinn fiskþurrkunarhjallar, sem nú eru með öllu horfnir. Hjallarnir stóðu á svo nefndum Hjallabala eða Hjallagrund [051, 052, 053, og 054]. Þar er aðallending á Bæjareyjgunni að sunnanverðu... Lákahjallur er hæð utanvert við lendinguna [076]“, segir í örnefnaskrá. „Lákahjallur, hann tilheyrði Norðurbænum [004 eða 005]. Engin hæð var nefnd því nafni, eins og segir í [örnefna]skránni,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. „Í kringum hjallanna var nefnt Hjallatún,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Lákahjallur stendur enn um 280m suður af Bæjarhól 001 og um 30m suður af Hjallanausti 077.

„Hjallurinn er fremst á sjávarkambi, norðaustast á grónu klapparholti,“ segir í örnefnaskrá. Tóftin er 10x7m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Skipta má tóftinni í tvo hluta og jafnvel mögulegt að um tvö byggingastig sé að ræða. Suðvesturhlutinn er grjóthlaðinn og greinilegur en norðausturhlutinn er torfhlaðinn og orðinn mjög siginn og ógreinilegur. Grjóthlaðni hlutinn er 5x6m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hann skiptist í tvö rými. Rýmið norðvestanmegin er sjálfur hjallurinn, opið í báða enda og því stendur veggurinn að norðvestan alveg stakur. Á utanverðum suðausturvegnum eru tvær vegghleðslur sem mynda hitt rýmið að suðaustanverðu.




Lákahjallur 057, horft til norðausturs

Það er 2x2m að innanmáli. Vegghleðslur grjóthlaðna hlutans eru um 120cm á hæð og um 7 umför, breidd er um 1m. Vegghleðslur torfhlutans eru aftur á móti gjörólíkar, þær eru mjög signar og ógreinilegar, um 30cm á hæð og um 1m á breidd. Torfhlutinn er 5x7m að stærð (5x4 að innanmáli) og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki var hægt að greina suðvesturhlið á torfhlutanum en hún snýr að grjóthlaðna hlutanum. Möguleg op eru bæði á norðausturhlið og suðausturgaffli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 5



Uppdráttur af Lákahjall

BA-083:058 *Steinsbrunnur* heimild um brunn 65°26.652N 22°38.414V



Steinsbrunnur 058, horft til austurs

“Suður frá Norðurbæ [001] var þúfnareitur hét Landamerkjámór, nú slétt flöt ... Suður af Landamerkjámó er Megra. Sunnan undir henni í Stórumýri, er Steinsbrunnur ...“ segir í örnefnaskrá. Steinsbrunnur er 90-100m norðaustan við Bæjarhól 001, um 20m norðan við Stórabrunn 036 og 40m austsuðaustan við Norðurbæjarfjósíð 018. Brunnurinn var þar sem nú er sléttað tún. Ekkert sér til minja. Búið er að fylla upp í Steinsbrunn og er rennislétt tún á þessum slóðum nú (2010). Eftir að túnin voru framræst kring um 1990 hvarf allt vatn úr brunninum. Hleðsla úr torfi og grjóti var

umhverfis brunninn og reft yfir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4

BA-083:059 *Sverrir* heimild um brunn 65°26.635N 22°38.410V

Sunnan undir Stórumýri [036] er... annar brunnur, að nafni Sverrir, þrýtur aldrei,“ segir í örnefnaskrá. „Sverrir er kenndur við strák, sem hét Sverrir; hann gróf brunninn



Búið er að slétta yfir brunninn Sverri, horft til austurs

ásamt föður sínum. Brunnurinn var grafinn u.þ.b. 1920,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Brunninum var lokað og hann fylltur um 1990 og er nú (2010) slétt tún á þessum slóðum. Brunnurinn var um 60m austnorðaustan við 001, um 100m suðsuðaustan við Norðurbæ 005 og um 30m sunnan við Steinsbrunn 058.

Brunnurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4; Ö-Skáleyjar, ath. semdir, 4

BA-083:060 Nesgarður gerði kálgarður 65°26.665N 22°38.630V



Nesgarður 060, horft til norðnorðvesturs



Uppdráttur af Nesgarði

„Yzt á Svalbarði [007] er Hrafnaklettur

..., þar vestan við Bolavogur, sunnan við Ytranés. Á nesinu voru kálgarðar, sem nú eru margir horfnir. Innstur var Nesgarður ...,“ segir í örnefnaskrá. Jóhannes Geir Gíslason segir að garðarnir hafi allir verið á Nesinu. Nesgarður innstur næst mangamýri en ekki á Ytranési. Nes er norðan Náttmálahóls og var það áður stórbýft þurrt svæði milli Mangamýrar og Bolavogsmýrar en núna er búið að slétta þetta svæði undir tún og fór partur af Nesgarðinum undir þá túnasléttun. Nesgarður er 140m norðvestan við Bæjarhól 001, um 150m norðaustan við kálgarð sem nefnist Erfiður 064 og um 130m vestan við fjós 018.

Gerðið hefur snúið mót suðri í brekku við sjávarkambinn.

Gerðið er 16x7m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Búið er að slétta alla suðvestur langhlið gerðisins undir tún og gæti það því hafa náð lengra til suðurs. Vegghleðslur eru um 130cm á breidd og um 40cm á hæð. Ekki er hægt að sjá neitt grjót í veggjum. Skýrust er vegghleðslan í norðausturhorn gerðisins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 ; Ö-Skáleyjar, ath. semdir, 4

BA-083:061 *Latur* heimild um kálgarð 65°26.620N 22°38.684V

Á Ytranesi "... voru kálgarðar, sem nú eru margir horfnir. Innstur var Nesgarður [060],



þá Latur ..," segir í örnefnaskrá. Jóhannes Geir Gíslason segir að garðarnir hafi allir verið á Nesinu. Nesgarður innstur næst mangamýri en ekki á Ytranesi. Nes er norðan Náttmálahóls og var það áður stórbýft þurrt svæði milli Mangamýrar og Bolavogsmýrar en núna er búið að slétta þetta svæði undir tún og fór partur af Nesgarðinum undir þá túnasléttun og einnig Latur. Kálgarður var 160m vestan við Bæjarhól 001, um 90m suðsuðvestan við Nesgarð 060 og um 60m norðaustan við kálgarð 064.

Þar sem kálgarðurinn var er nú (2010) slétt tún norðvestan við gróinn klettarana sem snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert sér til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5



Búið er að slétta yfir Viðbæti en hann mun hafa staðið á þessum slóðum. Horft til suðurs

BA-083:062 *Viðbætir* heimild um kálgarð 65°26.611N 22°38.680V

Á Ytranesi "... voru kálgarðar, sem nú eru margir horfnir. Innstur var Nesgarður [060], þá Latur [061], Viðbætir ..," segir í örnefnaskrá. Jóhannes Geir Gíslason segir að garðarnir hafi allir verið á Nesinu. Nesgarður innstur næst mangamýri en ekki á Ytranesi.

Nes er norðan Náttmálahóls og var það áður

stórbýft þurrt svæði milli Mangamýrar og Bolavogsmýrar en núna er búið að slétta þetta svæði undir tún og fór partur af Nesgarðinum, Latur og Viðbætir undir þá túnasléttun. Viðbætir hefur verið um 110m suðsuðvestan við Nesgarð 060, 30m norðaustan við Langagarð 063 og um 160m vestan við Bæjarhól 001. Landið hallar lítið eitt til suðurs eða suðvesturs.


Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5

BA-083:063 *Langigarður* gerði kálgarður 65°26.608N 22°38.717V

Á Ytranesi „... voru kálgarðar, sem nú eru margir horfnir. Innstur var Nesgarður [060], þá Latur [061], Viðbætir [062], Langigarður ..," segir í örnefnaskrá. „Á Svalbarði standa Stóri- [066] og Langigarður," segir í örnefnaskrá, B. Samkvæmt Jóhannesi Geira Gíslasyni voru allir garðarnir á Nesinu og eru sumir þar enn en þó má segja að Langigarður og Erfiður [064] séu á mörkum Ness og Ytraness. Langigarður er 180m vestan við Bæjahól 001, 120-130m suð-suðvestan við Nesgarð 060 og um 30m norðaustan við kálgarð 064 sem nefnist Erfiður.



Uppdráttur af Langagarði



Langigarður 063, horft til vestsuðvesturs

Kálgarðurinn er í frekar þröngum hvammi í halla til suðurs.


Gerðið umhverfis kálgarðinn er 29x10m að stærð og snýr austnorðaustur-vestsuðvestur. Norðausturendi gerðisins er breiðari en suðvesturendinn. Gerðisveggurinn er 1-1,5m á breidd og um 1m á hæð. Hleðsluhæð að innan er meiri en að utan þar sem hún er

u.þ.b. 30-60cm á hæð. Ekki er hægt að greina neinar grjóthleðslur í veggheðslunum sem eru mjög grónar grasi og reyndar er allur garðurinn á kafi í grasi. Fyrir miðri suðurlanghlið vottar fyrir opi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5

BA-083:064 Erfiður gerði kálgarður 65°26.597N 22°38.744V



Uppdráttur af Erfið 064



Erfiður 064, horft til vesturs

Á Ytranesi "... voru kálgarðar, sem nú eru margir horfnir. Innstur var Nesgarður [060], þá Latur [061], Viðbætir [062], Langigarður [063], Erfiður ..," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Jóhannesi Geira Gíslasyni voru allir garðarnir á Nesinu og eru sumir þar enn en þó má segja að Langigarður [063] og Erfiður

séu á mörkum Ness og Ytraness. Erfiður er um 30m suðvestan við Langagarð 063, 100-110m norðvestan við Fýlubrunn 071 og um 210m vestsuðvestan við Bæjarhól 001.

Erfiður er vestarlega á Ytranesi, í nokkrum halla mót suðri.

Kálgarðurinn er 19x11m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Umhverfis kálgarðinn er u-laga gerði sem er um 1,3m á hæð þar sem það er hæst og um 1m á breidd. Innra byrði veggja er aðeins hærra en ytra byrði og er garðurinn því lítillaga niðurgraffinn. Norður skammhliðin er stæðilegust en langhliðarnar lækka báðar til suðvesturs þangað til þær fjara út og virðist garðurinn vera alveg opinn til suðvesturs. Ekki er neitt grjót greinilegt í hleðslunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5

BA-083:065 *Yztigarður* heimild um kálgarð

Á Ytranesi "... voru kálgarðar, sem nú eru margir horfnir. Innstur var Nesgarður [060], þá Latur [061], Viðbætir [062], Langigarður [063], Erfiður [064] og Yztigarður," segir í örnefnaskrá. Ekki kannaðist heimildarmaður við Ystagarð og ekki sjást lengur nein ummerki eftir hann.

Ekki sér til fornleifar.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5

BA-083:066 *Stórigarður* gerði kálgarður 65°26.584N 22°38.641V



Stórigarður 066, horft til suðausturs



Uppdráttur af Stóra- og Litlagarði

„Á Svalbarði [007] var Stórigarður, fleiri garðar voru þar, sem ekki báru nöfn,“ segir í örnefnaskrá. „[Hann] var í hallanum vestur af Svalbarði,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Stórigarður er 140m vestsuðvestan við Bæjarhól 001, 30m norðan við Fýlubrunn 071 og 30m sunnan við Svalbarð 007.

Gerðið er í túni sem hallar til suðurs.

Gerðið er 20x14m að stærð og snýr vestsuðvestur-austnorðaustur. Það er tvískipt. Eystra hólfið er 13x8m að innanmáli og snýr það eins og tóftin en það vestara er 12x5m að innanmáli og snýr norðnorðaustur-

suðsuðvestur. Minna hólfið var kallað Stórigarður en það var áður mun stærra en nú en stór partur þess var sléttaður undir tún. Það hólfið sem hún er stærra var aftur á móti kallað Litligarður. Umhverfis gerðið er vírgirðing og eru kartöflur enn settar niður á þessum stað. Hleðslur eru um 1,5m á breidd og um 1,5-2m á hæð að innanverðu, að utanverðu er hleðsluhæðin um 60cm. Tré hafa verið gróðursett sunnan við garðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 4

BA-083:067 *Holan* heimild um brunn 65°26.622N 22°38.535V



Búið er að slétta yfir Holuna 067. Horft til vesturs

„Milli Langhóls og Náttmálahóls heitir Sund ... Innst í Sundinu var brunnur, sem kallaður var Holan,“ segir í örnefnaskrá. Búið er að slétta yfir holuna og sem var þar sem nú er dæld, um 40m vestnorðvestur af Bæjarhól 001, um 80m norðaustur af Svalbarða 007 og um 90m sunnan við Mangabrunn 021. Sléttað tún.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 4

BA-083:068 *Lindin* brunnur brunnur 65°26.606N 22°38.704V

Brunnur er 170-180m vestan við Bæjarhól 001, 5-6m beint suðaustur af opi á suðausturlanghlið Langagarðs 063 og 25-30m norðaustan við norðurenda kálgarðsins Erfiðs 064.

Brunnurinn er í ósléttu graslendi.

Brunnurinn er hringlaga og um 1,5m í þvermál. Hann er grjóthlaðinn og ágætlega gerður, 5-6 umför en ekki mjög djúpur, sennilega um 1m. Aðeins er byrjað að falla úr hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Lindin 068 er ágætlega hlaðinn brunnur sem er byrgður með bárujárnsplötum. Horft til suð-suðaustur

BA-083:069 *Gullhóll* heimild um 65°26.558N 22°38.577V

„Suðaustan til á þeim [Hólum] var strýtumyndaður hól kallaður Gullhóll, nú er hann afmáður, enda var þetta gamall öskuhaugur ..“ segir í örnefnaskrá. Gullhóll var um 130m suðvestan við Bæjarhól 001, 40-50m austsuðaustan við Fýlubrunn 071 og 60m norðnorðvestan við Brandstóttir 074 en nákvæm staðsetning er ekki þekkt.

Sléttað tún.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5

BA-083:070 *Strýtuþóll* heimild um 65°26.624N 22°38.530V

„Milli Langhóls og Náttmálahóls heitir Sund, það var áður mýri, sem nú er þurrkuð og slétt. Í því miðju var Strýtuþóll nú jafnaður við jörðu...“ segir í örnefnaskrá. „Sund kallar Bergsveinn [Skúlason] Efri-Bæjarmýri ... Strýtuþóll var gamall öskuhaugur. Í honum, sem og öðrum öskuhaugum í eyinni, var mikið af krákuskel (þ.e. kræklingsskel), sem sýnir mataræðið áður fyrr. Hann hefur verið öskuhaugur þeirra, sem bjuggu í Hólum,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Jóhannes Geir Gíslason gerir athugasemd við þessa fullyrðingu og telur líklegar að Strýtuþóll hafi verið öskuhaugur bæjanna á bæjarhólnum. Hann bendir ennfremur á það að ef búið hafi verið á Hólum þá sé líklegra að Gullhóll hafi verið öskuhaugur frá þeim bæ. Strýtuþóll var rúma 5m norðaustan við Holuna 067 og um það bil 30m norðaustan við Bæjarhól 001 en nákvæm staðsetning er nú týnd.

Sléttað tún.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 4 og 5

BA-083:071 *Fýlubrunnur* brunnur brunnur 65°26.564N 22°38.633V



Fýlubrunnu 071, horft til norðurs

„Norðan við Hóla [024] og út að Svíra er Illamýri. Þar sem hún mætir Svíra er Fýlubrunnur,“ segir í örnefnaskrá. Fýlubrunnur er um 40m norðnorðaustan við Hóla 024, um 150m suðvestan við Bæjarhól 001 og um 30m sunnan við Stóragarð 066. Brunnurinn er á mörkum túns og mýrar. Þröngur vegar slóði liggur af túninu til suðvesturs um 10m suðaustan við brunninn. Hús hefur verið byggt umhverfis brunninn, er það steipt og með bárujárnsþaki. Grafið var fyrir Fýlubrunni á fyrri hluta 20. aldar og var vatnið úr honum mjög dökkt að lit og lygt. Þetta hefur síðan breyst og kemur

núna besta neysluvatnið úr Fýlubrunni sem er jafnframt tryggasta vatnsbólið í eyinni. Norðaustan við brunnhúsið er steiptur aukatankur byrgður með bárujárni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5

BA-083:072 *Dýið* heimild um vatnsból 65°26.537N 22°38.776V

“Norðan við Hóla [024] og út [frá] Svíra er Illamýri ... Sunnan við [hana] utanverða er Illumýrarholt, norðan við það Dýið,“ segir í örnefnaskrá og þar segir ennfremur: “Þar náðist alltaf í vatn, þótt önnur vatnsból þryti.“ Dýið er um 150m suðvestan við Bæjarhól 001, um 40m norðnorðaustan við Hóla 024 og um 30m sunnan við Stóragarð 066. Í gróinni mýri. Engar ummerki er að sjá önnur er pollur sem er 8x4m að stærð og snýr í norður-suður. Dýinu var breytt með gröfu eftir 1990.


Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 5

2 Hér segir Jóhannes Geir Gíslason að um misritun sé að ræða og að þarna eigi að standa „út frá Svíra“

BA-083:073 *Lambhúsflöt* tóft fjárhús 65°26.562N 22°38.744V



Lambhúsflöt 073, horft til norðurs



„Norðan við Hóla [024] og út [frá] Svíra er Illamýri ... Norðan við Illumýri, en sunnan Bolavogs, er Háirimi ... Yzt á honum er Lambhúsflöt ...“ segir í örnefnaskrá. Tóft, mögulega lambhússins, er á Lambhúsflöt. Hún er um 80m norðvestan við Hóla 024, 230m suðvestan við Bæjarhól 001 og um 60m sunnan við Erfið 064.

Uppdráttur af tóftunum á Lambhúsflöt

Tóftin er á sléttum og flötum rana milli Bolvogs og Illumýrar.

Tóftin er 11x9m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Umhverfis hana er garðlag sem markar af svæði sem er 23x15m stórt og snýr eins og tóftin. Tóftin var tvískipt og lágu hólfin samsíða. Í vestara hólfinu sjást bara tvær hliðar. Eystra hólfið er 8x5m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur en vestan við það út frá norðurgaffli þess er veggbrót sem heldur áfram til vesturs og virðist sem þar hafi verið annað hólfið. Tóftin virðist opin til suðurs og verið getur að þar hafi verið timburpil. Vegghleðslur eru um 1,8m á hæð og um 1m á breidd þar sem þær eru hæstar og mest sjást 10 umför af hleðslu og víðast séu veggir lægri eða um 1m að hæð. Vegghleðslurnar eru hæstar við dyraumbúnað sem er fyrir miðjum norðurgaffli í eystra hólfinu. Umhverfis tóftina er garðlag sem liggur meðfram tóftinni norðan og austan en vegarlóði liggur gegnum norðausturhorn þess og er op eða rof á því þar. Vegarlóðinn liggur að tóftinni að sunnan og heldur svo áfram til vesturs. Um það bil 4m suð-suðvestan við opið á garðinum heldur garðlagið áfram til vesturs eina 10m en hverfur svo aftur. Sá hluti garðlagsins sem er norðan við tóftina og liggur samsíða henni nær jafnlangt til austurs veggur tóftarinnar og virðist helst sem hvort tveggja hafi verið sléttaður út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 4 og 5

BA-083:074 *Brandstóttir* tóft bústaður 65°26.925N 22°38.553V

„Sunnan við Hóla [024] er þúfnastykkið Grátur ... Sunnan við [það] er Sperðlatjörn, suður af henni Brandstóttir,“ segir í örnefnaskrá. „Einsetukarl bjó þar ...“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Sperðlatjörntjörn er eins og sperðill í laginu. Hún er afkimi frá Ytritjörn en milli þeirra er upphlaðinn grjótgardur sem nefnist Brandstillur og liggur hann að Brandstóftum. Brandstóft er 80m austnordáustan við Hóla 024, 180m suðsuðvestan við Bæjarhól 001 og 90-100m norðan við Illugatóftir 078. Lítið er til af heimildum um



Brandstóttir 074, horft til norðausturs

Brand þann sem tóftin er tileinkuð og þó eru Brands-örnefnin fleiri. Þrír ábúendur með þessu nafni hafa búið í eyjunum á 17. og 18. öld og mun væntanlega einhver af þeim hafa lagt til nafnið.

Tóftin er á litlu nesi milli tveggja tjarna, Sperðlatjarnar að norðvestan og Löngutjarnar að suðaustan.

Tóftin er einföld og 5x4m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er mikið sigin og ógreinileg, vegghleðslur eru um 20cm á hæð og um 1m á breidd. Ekkert grjót sést í henni. Mögulega hefur verið op á miðjum norðausturgaffli. Túngarður 088 liggur fast austan við tóftina og í kringum hana er grjótdreif sem þangað var borin þegar túngarðurinn var hlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 5

BA-083:075 tóft fjárhús 65°26.499N 22°38.445V


Tóft af fjárhúsum er 20m norðnorðaustan við Hjallanaust 077, um 220m sunnan við Bæjarhól 001 og um 10m suðaustan við hjall 053. Tóftin er af húsi sem Jón Danielsson



Fjárhús 075, horft til suðurs



Uppdráttur af Brandstóttum



Uppdráttur af fjárhúsum 075

byggði sem fjárhús á 4. áratug 20. aldar. Húsið var rífið árið 1954 og þá var timbrið tekið niður og notað í annað.

Tóftin er á sléttum túnbala all nærri sjó.

Tóftin er 13x8m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er snyrtilega hlaðin og telja má um 7 umför af hleðslu í veggjum. Veggir standa í 150cm hæð og eru allt að 150 sm breiðir. Tóftin er einföld en garði liggur eftir henni miðri. Hann er áfastur norðausturgafli en tóftin er alveg opin til suðvesturs þar sem var timburgafl. Op er á norðausturgafli fyrir miðju ofan við garðann. Garðinn er allur hlaðinn úr grjóti, tæpur 1m á breidd og 40-50cm á hæð. Veggir standa vel en þó er aðeins farið að falla úr langveggjum að norðaustan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:076 *Hjallavör* gryfja landing 65°26.479N 22°38.440V

„Milli Langatanga [033] og túnsins eru tvær tjarnir, heita þær Innri- og Ytritjörn ...

Sunnan við Ytritjörn heita Hjallar [051] ...

Hjallarnir stóðu á svo nefndum Hjallabala eða Hjallagrund. Þar er aðallending á Bæjareyjinni að sunnanverðu og heitir Hjallavör, þangað flýtur um hálfvallinn ... Suður frá Syðra-Hjallaskeri er Sjávarfallsskerið, þegar það sker er í kafi flýtur í Hjallavör,“ segir í örnefnaskrá.

„Í Hjallvör var mikil landing, en í tíð Bergsveins [Skúlasonar] var aðallendingin í Norðurvör [041]. Hjallavör var beint niður af Hjallabalanum,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Galli við Hjallavör samkvæmt Eyrendu I er að ekki flýtur í hana um fjöru vegna hins mikla útfiris. Hjallavör er 20m suðaustan við Hjallanaust 077, um 30m sunnan við fjárhús 075 og um 260m sunnan við Bæjarhól 001.

Fjaran umhverfis einkennist af klöppum og talsverður bratti upp af henni.

Vörin er mikið til náttúruleg landing en hefur þó verið rudd. Hún nær u.þ.b. 15m upp í landið og er um 20m breið. Vörin er opin til suðausturs og afmarkast af klöppum sitthvoru megin. Hún er fremur grýtt en vel slétt og gróin þangi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3, 5 og 9; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 6 og 9; Eyrenda, I, 340



Hjallavör 076, horft til norðausturs

BA-083:077 *Hjallanaust* tóft naust 65°26.486N 22°38.464V

„Milli Langatanga [033] og túnsins eru tvær tjarnir, heita þær Innri- og Ytritjörn ...

Sunnan við Ytritjörn heita [...] Hjallar [051] ... Hjallarnir stóðu á svonefndum Hjallabala eða Hjallagrund. Þar er aðallending á Bæjareyjinni að sunnanverðu og heitir Hjallavör [076], þangað flýtur um hálfvallinn. Þar er og Hjallanaust, en Hjallavogur suður af,“ segir í örnefnaskrá. Það sem örnefnaskráin kallar hér Hjallavog nefnir Jóhannes Geir Gíslason Hjallavík. Hjallanaust er beint upp af Hjallavör 076 og er 15m suðvestur af fjárhúsum 075. Tóftin er um 20m norðan við Lákahjall 057 og 230m sunnan við Bæjarhól 001.

Naustið er í grónu landi mjög nærri sjó.

Tóftirnar eru í raun tvær. Eðlilegast er að ætla að um tvö byggingarskeið sé að ræða. Tóftasvæðið er samtals um 12x14m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Yngri tóftin




Hjallanaust 077, horft til suðurs

sem er grjóthlaðin og greinileg hefur verið byggð ofan í hinni tóftinni sem virðist vera eingöngu úr torfi. Yngri tóftin er 14x8m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin til suðausturs að Hjallavör 076. Vegghleðslur eru í góðu ásigkomulagi, eru að mestu úr grjóti en þó er torf efst.

Veggir eru um 1m á hæð og 4-6 umför af grjóthleðslu sést í þeim. Þeir eru um 150cm á breidd. Eldri tóftin er örlítið norðaustar en sú yngri. Er eldri tóftin 10x8m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur eins og sú yngri og er eins og hún opin til suðausturs. Vestari langhlið eldri tóftarinnar er innan yngri tóftar en eystri langhliðin liggur utan með eystri langhlið yngri tóftarinnar. Vegghleðslur eldri tóftarinnar eru signar, sérstaklega sú hliðin sem er inn í yngri tóftinni. Eru þær um 1m á breidd og um 40cm á hæð, vestari hliðin þó ekki mikið meira en 20-30cm á hæð. Vegghleðslur eldri tóftarinnar virðast eingöngu vera úr torfi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 3 og 5



Uppdráttur af Hjallanausti

BA-083:078 *Illugatóttir* tóft bústaður 65°26.472N 22°38.539V

„Ofan við hann [Lákahjall 057] er Hjallavík, en Illugatóttir á kletthryggnum norðan við víkina,“ segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru á kletthrygg „... ofan við vík þá er gengur inn



Illugatóttir 078, horft til vesturs


aftanvert við Lákahjall,“ segir í örnefnaskrá, B. Jóhannes Geir Gíslason hefur aldrei heyrt nafn á vikinni milli Lákahjalls og Illugatófta. Hjallavík er sunnan Hjalla og nær til Stóru-Lyngeyjar. Bæði Hjallavör og Hjallalending sunnan Lákahjalls, eru við Hjallavík, segir Jóhannes. „Einsetukarl bjó þar, að sögn Bergsveins Skúlasonar,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Illugatóttir eru 50m vestan við Lákahjall 057, um 100m sunnan við Brandstöftir 074 og um 270m suðsuðvestan við Bæjarhól 001.

Tóftin er á grónum holtahrygg.

Tóftin er 11x5m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún hefur verið sléttuð og er því mjög ógreinileg en þó má greina ummerki veggja og er norðausturendi hennar greinilegastur. Hún virðist hafa verið tvískipt. Norðaustara hólfið er 3x3,5m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur en suðvestara hólfið 6x2m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Grjót er í vegghleðslunum að suðaustan en norðvesturhlið er mjög ógreinileg. Hæð veggja er einungis um 20cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath. semdir, 5; Ö-Skáleyjar, B, 7



Uppdráttur af Illugatóttum

BA-083:079 Byrgistangi þúst óþekkt 65°26.387N 22°38.779V „Út frá Illhugatóttum [078] heitir einu nafni Byrgistangi ...Norðan við tangann er Byrgistangavík ..“ segir í örnefnaskrá. “Yzt á tanganum eru tóttir, e.t.v. leifar byrgis, sem tanginn er kenndur við,” segir í ath. við Ö-Skáleyjar. Ógreinileg þúst er á Byrgistanga. Hún er um 490m suðsuðvestan við Bæjarhól 001 og um 280m suðvestan við Lákahjall 057.

Þústin er í grónu landi fast ofan við grýtta fjöru.

Á Byrgistanganum er óljós þúst og aðborð grjót. Hugsanlega hefur grjótið verið tekið úr tóftinni og notað í annað. Þústin er um 3x2m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Varla er hægt að tala um hleðsluhæð því það mótar svo illa fyrir þústinni, gæti þó verið um 10cm.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 6



Þúst á Byrgistanga, horft til suðausturs

BA-083:080 Vörðuholt örnefni samgöngubót 65°26.468N 22°38.782V „Norðan við tangann [Byrgistanga, 079] er Byrgistangavík, norður af henni er Vörðuholt, sunnan í því er náthagi [081],“ segir í örnefnaskrá. Vörðuholt er 360m suðvestan við Bæjarhól 001, um 190m vestan við Brandstóft 074 og 300 austnorðaustan við stekk 082. Ekki er hægt að sjá neina vörðu á Vörðuholti en þar var gerður náthagi í tíð Gísla Einars Jóhannessonar (1901-1984) og má vera, hafi varða verið á þessum stað, að hún hafi verið tekin niður.

Klapparholt sem er að mestu gróið en rof er í því að sunnanverðu.


Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, B, 7

BA-083:081 *Nátthagi* garðlag nátthagi 65°26.468N 22°38.782V

„Norðan við tangann [Byrgistanga, 079] er Byrgistangavík, norður af henni er Vörðuholt [080], sunnan í því er Nátthagi,“ segir í örnefnaskrá. Nátthagi er 360m suðvestan við Bæjarhól 001, um 190m vestan við Brandstóft 074 og 300 austnorðaustan við stekk 082. Á Vörðuholti var gerður nátthagi í tíð Gísla Einars Jóhannessonar (1901-1984).



Uppdráttur af Nátthaga 081

Sunnan til á Vörðuholti eru Djúpuþúfur. Reynt var að slétta þær en það svæðið varð þó aldrei að túni, norðan við Vörðuholtið er síðan djúpt vik frá Viðeyjartjörn.

Nátthaginn var á grónu holti, svokölluðu vörðuholti og var allt holtið innan nátthagans sem var a.m.k. um 45x45m á kant. Umhverfis nátthagann lá garðlag sem nú hefur verið sléttað að miklu leyti, eftir stendur svo til öll norðvesturhliðin sem er um 45m langt garðlag og örlítill bútur af suðvesturhliðinni sem er um 5m langt.

Garðlagið eða sökkullinn var hlaðinn úr hnaus en síðan var girðingu komið fyrir ofan á hleðslunni. Djúpuþúfur voru norðvestan við Vörðuholt, milli þess og Illumýrarholta. Hluti þeirra er nú tún, sem aldrei var klárað.


Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5

BA-083:082 *Stekkur* tóft stekkur 65°26.431N 22°39.163V

„Út af Heyhleini [sem er út frá Lambhúsflöt, 073], en norðvestur frá Rimum, er



Stekkur 082, horft til vesturs



Uppdráttur af stekk 082

Krákuvararholt [083], yzt á því Stekkur og Stekkjarhvammur, en Stekkjarmýri sunnanundir því,“ segir í örnefnaskrá. Tóft

af umræddum stekk sést enn vestur undir Krákuvararholti, 620-630m suðvestan við Bæjarhól 001 og um 300m vestsuðvestan við Nátthaga 081.

Stekkjartóftin er suður undir lágum kletti, ofarlega í grasigrónum hvammi. Stekkurinn er 7x3m að stærð og snýr vestsuðvestur-austnorðaustur. Hann er tvískiptur, er eystra hólfið 2x1m að innanmáli og snýr norður-suður en vestara hólfið er 4x2m að innanmáli og snýr vestsuðvestur-austnorðaustur. Vegghleðslur eru um 60cm á hæð og um 1m á breidd. Tóftin er á kafi í grasi en þó má sjá glitta í grjóthleðslur í veggjum. Op er á honum til vesturs og annað milli hólfanna og eru þau bæði alveg upp við klettavegginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5 og 6

BA-083:083 *Krákuvör* náttúrumin lending 65°26.356N 22°39.400V
„Vestan Stekkjarhvamms [sjá 082] liggur Krákuvarartangi, þar er Krákuvör, nokkurskonar aukalending norðanvert á eyjunni, utarlega á tanganum norðanverðum....Norðan við Krákuvarartanga er smá hólmi kallaður Írekur, en Krákuvarartjörn sunnan við hann. Utan við Krákuvararholt, sunnan Krákuvarartjarnar, heitir einu nafni Eyjarendi,“ segir í örnefnaskrá. Galli við Krákuvör er samkvæmt Eylendu I að ekki flýtur í hana um fjöru vegna mikils útfiris. Krákuvör er um 850m suðvestan við Bæjarhól 001, 20-25m suðvestan við tóft 104 og um 280m norðnorðaustan við tóft 103.



Ströndin sem vörin gengur upp í er vörðuð nokkuð bröttum klettum.

Krákuvör 083, horft til norðvesturs

Krákuvör er ágætis lending við klöpp. Hún er svo til alveg náttúruleg og hefur eingöngu verið hreinsað úr henni. Hún er opin til vesturs. Breidd hennar er 3-4m og lengd er 5-8m. Norðanvert við vörina er grjóthleðsla hlaðin um 1960 af Jóhannesi Geir Gíslasyni, bónda í Sáleyjum og snýr hún mót vestri. Grjóthleðslan er á milli tveggja bjarga er um 5-6 umför og um 1m á hæð.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 6; Eylenda, I, 340

BA-083:084 *Bjössafljós* heimild um fjós 65°26.643N 22°38.674V
Bjössafljós var um 150m vestnorðvestan við Bæjarhól 001 og um 50m suðvestan við Nesgarð 060. Það stóð norðvestan við klettahrygg sem er á þessum slóðum og snýr norðvestur-suðvestur. Í túnjaðri sem hefur verið sléttað fast við fjörukambinn. Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:085 *Efrileið* heimild um leið 65°26.723N 22°38.736V
„Efrileið heitir sundið milli Framhólma og Bæjareyjunnar, þar er ekki fært bátum nema um nokkuð hásjávað,“ segir í örnefnaskrá. Við þessa lýsingu er lítið annað að bæta nema að sundið er um 200m norðvestan við Bæjarhól 001 og um 50m suðaustan við Strákavör 050. Búið er að leggja veg yfir sundið út í nýja höfn sem er í Strákum. Sundið sem Efrileið hefur legið um hefur verið frekar þröngt og grunnt. Innsiglingin inn í Efrileið er við Eyjarenda að sunnan en milli Stráka 050 og Efribryggju 046 að norðan. Nokkrar landingar eru á Efrileið, talið að vestan eru það Eyjarendi 103, Krákuvör 083, Ytraness 133

og svo aðallendingin Mangafjós 022. Þessi leið er ekki fær lengur sökum þess að vegur hefur nú lagður út í Stráka 050 og liggur hann þvert á þessa sjóleið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 6

BA-083:086 hleðsla rétt 65°26.718N 22°38.219V

Torfhlaðin rétt er um 6m austan við Viggutjörn á syðri Nautarima sem er austast á Heimaeynni. Hún er fast uppvið fjárhús 087, 270-280m norðaustan við Bæjarhól 001 og 230-240m vestan við tóft 099 sem er á Stöðuleyju.



Rétt 086, horft til suðurs

Réttin er í þýfðu landi og umgirt klettum á grasigróinni grund.

Réttin er byggð upp við stutt klettabelti sem myndar suðausturhlið hennar. Réttin er um 10x12 m að utanmáli en 8x8m að innanmáli. Vegghleðslur hennar eru eingöngu úr torfi og eru þær um 2m á breidd og um 40cm á hæð. Réttin er norðvestan undir klöpp sem myndar jafnframt suðausturhlið hennar. Op er á réttinni sunnarlega á suðvesturhlið, í átt að fjárhúsi 087. Rof er einnig í miðri norðvesturhlið. Réttin var aflögð kringum

1930.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


BA-083:087 tóft fjárhús 65°26.712N 22°38.226V

Austan við Viggutjörn á syðri Nautarima eru fjárhús. Þau eru fast sunnan við rétt 086. Fjárhúsin eru 260-270m norðaustan við Bæjarhól 001, um 110m norðan við kartöflugarð 032 og um 40m norðaustan við túngarð 088. Fjárhúsin er í þýfðu landi sem einkennist af litum klettaborgum.

Tóftin er 8x6m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Veggir eru úr torfi og grjóti, um 1m á breidd og um 120cm á hæð og 6 umför sjást í hleðslunni. Tóftin er opin



Tóft 087, horft til suðurs



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli réttar 086 og fjárhúsanna 087

til suðvesturs en þar var timburgafl. Grjóthlaðinn garði, um 30cm á hæð, liggur eftir endilangri tóftinni. Sennilegt er að gengt hafi verið úr fjárhúsinu inn í rétt 086.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:088 garðlag túngarður 65°26.706N 22°38.516V

Túngarður var í Skáleyjum en hann lá aldrei umhverfis allt túnið heldur aðeins að norðaustan- og suðaustanverðu, þeim hliðum sem sneru að aðal bithaganum. Túngarðurinn var aðallega hlaðinn vegna sumarþeir kúnna sem þurftu samt sem áður stöðugar gæslu. Túngarðurinn sést austanvert við túnið frá Brandstillum 094 og einnig sunnan við það til norðausturs að Stöðulgarði 032. Þar beygir túngarðurinn til norðnorðvesturs og sameinast gerði kartöflugarðsins Girðirs 028 en norðan hans fjarar túngarðurinn út við Viggutjörn.

Að austan liggur túngarðurinn í grónu landi en að sunnan liggur hann meðfram grýttum fjörükambi.

Túngarðurinn í Skáleyjum hefur verið upphlaðinn úr torfi og grjóti. Hann hefur ekki verið hlaðinn umhverfis allt túnið heldur má ætla að sumstaðar hafi nátturulegar aðstæður afmarkað túnið til móts við túngarðinn. Það



Túngarður 088, horft til vesturs

sem stendur af túngarðinum er að finna austan og sunnan við túnið. Að austan má greina hann fyrst næst Viggutjörn um 40m norðan við Girði 028, er Girðir byggður upp að honum. 35m sunnan við Girði er Stöðulgarður 032 og miðjavegu milli þessara garða má finna tæplega 10m langt garðbrot úr túngarðinum. Stöðulgarðinn hefur verið sambyggður túngarðinum eins og Girðir og þar hefur túngarðinn beygt til vestsuðvesturs. Suðvestur hlið túngarðsins er heilllegust, hún er um 380m löng og liggur eftir fjörükambinum. Þar sem garðlagið er greinilegt er það mjög sigið, lítur stundum út bara eins og lágur hryggur í landinu, 30-40cm á hæð og um 1m á breidd. Þá er einnig lítið garðlag 034 9-10m norðan við Girði 028 og 70m norðnorðvestan við Stöðulgarð 032. Liggur samsíða túngarðinum en hefur þó aðra stefnu en hann. Má vera að garðstubburinn sé brot af eldri túngarði. Lýsing Jóhannesar Geirs Gíslasonar á túngarðinum: „Túngarður var aldrei umhverfis túnið heldur aðeins að NA og SA veðru, þeim hliðum sem sneru að aðalbithaganum. Sérstaklega vegna kúnna á sumrin og þær þurftu stöðuga gæslu. Norðurendi túngarðs er við Viggutjörn, þar er hann úr grjóti SA um Girði. Síðan að mestu úr torfi þvert fyrir enda Smiðjutjarnar að Bólklettum. Frá Bólklettum að mestu úr torfi SV með enda Löngutjarnar. Síðan til SV með endilengri Löngutjörn (allur úr grjóti) um Brandsstillur og spöl í vinkel til suðurs við SV enda Ytri-Tjarnar. Garður frá Viggutjörn að Löngutjörn er trúlega mjög gamall og merki sýna að hann hefur ekki alltaf verið á sama stað t.d. við Girði. Með endilangri Löngutjörn (grjóthlaðinn) mun gerður snemma á 20. öld a.m.k. Mun Bergsveinn Skúlas. Hafa átt hlut í honum og gerð hans. Sumstaðar, t.d. Við Feðgaflöt virðist hann aldrei hafa verið fullgerður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:089 öskuhaugur 65°26.614N 22°38.453V

Árið 1955 var grafið fyrir súrheysgryfju 9m suðaustan við Innribæ (Sólheima) 002. Í ljós

komu miklar leifar öskuhaugs. Í honum fannst öskublandaður jarðvegur með beinum og öðrum leifum að sögn Jóhannesar Geirs Gíslasonar.

Gróíð graslendi fast við íbúðarhúsin sem standa á Bæjarhólnum.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

BA-083:090 öskuhaugur 65°26.616N 22°38.447V

Áður en grafið fyrir súrheysgryfju 089 árið 1955 var önnur súrheysgryfja í notkun sem var 10m austsuðaustan við Innribæ (Sólheima) 002 og um 5-6m austnorðaustan við súrheysgryfju 089. Í þeirri gryfju var fannst einnig mikið af mannvistarleifum og er annað hvort um sama öskuhaug að ræða og getið er við gryfju 089 eða að hér hafi líka verið öskuhaugur. A.m.k. var jarðvegur mjög mjög blandaður ösku og beinum að sögn Jóhannesar Geirs Gíslasonar.

Gróíð graslendi fast við íbúðarhúsin sem standa á Bæjarhólnum.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

BA-083:091 Jórunnarholt þjóðsaga huldufólksbústaður

65°26.475N 22°38.673V

„Sunnan við Hóla [024] er þúfnastykkið Grátur ... Sunnan við Grát er Sperðlatjörn ... Út frá Sperðlatjörn er Túnendamýri, sunnan við hana Jórunnarholt,“ segir í örnefnaskrá. „Jórunnarholt - þar átti huldukona að hafa búið. Mikið var af huldufólki í Skáleyjum,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Jórunnarholt er 300m suðsuðvestan við Bæjarhól 001 og um 100m vestan við Illugatóftir 078. Jórunnarholtin eru í raun tvö og liggja samhliða með túni á milli. Þau eru kölluð syðra og vestara Jórunnarholt. Það síðara tengist Vörðuholti. Jórunnarholt heitir svo eftir álfkonu sem þar bjó með hjúum sínum. Hún á að hafa verið ríkmannlega búin og rekið gott bú. Beitti hún skepnum sínum og heyjaði í eyjunum á sömu stöðum og eyjaskeggar án þess að nokkurn sakaði.

Gróíð klapparholt.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 5; Breiðfirskar sagnir 1, 208-210

BA-083:092 Lyngeyjarklettur þjóðsaga huldufólksbústaður

65°26.553N 22°38.251V

„Kerling heitir standklettur suðaustan til í Lyngey, en Lyngeyjarklettur yzt. Þar héldu menn að byggi huldufólk,“ segir í örnefnaskrá. Lyngeyjarklettur er um 200m suðaustan við Bæjarhól 001 og um 180m sunnan Stöðulgarðs.

Lyngeyjarklettur er stakur klettadrangur sem stendur í sjó fram.



Lyngeyjarklettur 092, horft til austurs

„Ýmislegt er um Skáleyjar í þjóðsögum og þá ekki síst varðandi huldufólk enda sóknarkirkja þess í svonefndum Lyngeyjarkletti í Skáleyjum. Ekki fara þó miklar sögur af árekstrum manna og álfa, bannhelgi á slægnablettum né öðru slíku, og má af ýmsu ráða að huldar vættir í Skáleyjum hafi verið friðsamar og mönnum góðviljaðar,“ segir í Eylendu. Ekki kannast Bergsveinn Skúlason við það að huldufólksbyggð hafi verið í Lyngeyjarkletti heldur var alltaf talað um í Lyngeyjarhaus 113 sem kirkju álfanna

(Ö-Skáleyjar ath.semndir).

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 9; Eylenda, I, 339; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 8

BA-083:093 gripir 65°26.713N 22°38.484V

Spil er 5m suðsuðvestan við Naust 043, um 25m norðaustan við hjall 049 og 170-180m norðan við Bæjarhól 001. Spilið er á grónu holti.

Undirstöður spilsins eru hlaðnar úr stóru grjóti og ekki er ósennilegt að þær séu eitthvað niðurgrafnar. Grind spilsins er úr tré, mjög líklega rekavið en einnig má sjá að viður úr vörubrettum hefur verið notaður. Spilmöndullinn liggur útaf brotinn með uppvöfnum spilstrengnum sem er úr vír. Í spilhausnum er eitt gat fyrir spilvindu en hún sjálf sást hvergi. Tvær gjarðir hafa verið settar sitt hvoru megin við gatið á spilhausnum til varnar því að hann myndi klofna í átökunum við það að draga bátanna upp í naustið.



Gamalt spil við Naust 43, horft til norðurs

BA-083:094 Brandstillur hleðsla samgöngubót 65°26.530N 22°38.536V „í suðaustur frá Hólum [024] er Grundin ... Milli [Brandstóttu, 074] og Grundar eru Brandstillur,“ segir í örnefnaskrá. „Brandstillur [...] eru grjótstiklur. Grjót, sem velt var í holur og notað til að stikla á og styttu sér leið fyrir voginn (tjörnina),“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Brandstillur eru 15m norðaustur við Brandstóttir 074, um 170m suðsuðvestan við Bæjarhól 001 og um 100m vestsuðvestan við Langatangagarð 033.

Steinhleðsla milli tveggja tjarna.

Brandstillur er manngerður grandir norðaustast á Sperðlatjörn þar sem hún rennur saman við suðvestasta hluta Ytritjörn. Garðurinn var trúlega hlaðinn af Bergsveini Skúlasyni yfir grjótstiklurnar á þriðja áratug 20. aldar. Hleðslan var áður vel hlaðin og snyrtileg en hefur mikið látið á sjá á liðnum árum. Er grandinn um 10m á lengd, 1m á breidd og stendur tæpan 1m upp úr vatni. Brandstillur styttu leiðina út á Hjallabala.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 5

BA-083:095 gryfja kolagröf 65°26.712N 22°38.462V

Gryfjur eru 170-180m norðan við Bæjarhól 001, um 20m austan við spil 093 og þétt norðvestan við hjall 025.

Kolagrafirnar eru á grasigrónum bala sem hallar niður til norðvesturs, að sjó.

Nyðri gryfjan er kringlótt og er þvermál hennar um 3,5m. Kragi er í kring um gryfjuna sem



Brandstillur 094, horft til norðausturs



Hugsanleg kolagröf, gryfja 095. Horft til austurs



Varða 096, horft til norðausturs

er um 80cm breiður og um 20cm á hæð. Dýft hennar er um það bil 50cm. Syðri gryfjan er 1,5m sunnar en sú nyðri. Hún er mjög svipuð og nyrðri gryfjan nema að kraginn er nokkuð óljósari. Þessum mannvirkjum svipar mjög til kolagrafa sem fundust við sjó í Árneshreppi á Ströndum. Þar var talið að gert hafi verið til kola úr rekaviði.

Hættumat: engin hætta

BA-083:096 varða óþekkt

65°26.832N 22°37.848V

Varða er á Litlu-Lyngey, 120-130m suðvestan við vörðu 097 og um 260 norðnorðaustan við tóft 099 sem hvoru tveggja er einnig á Litlu-Lyngey, þá er hún 630-640m norðaustan við Bæjarhól 001.

Varðan er á grasi gróinni klettahæð.

Varðan er 1m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr stóru grjóti en er töluvert sigrin. Ekki er hægt að fullyrða neitt um hlutverk hennar en líklegast er hún hafi verið notuð sem mið.

Hættumat: engin hætta

BA-083:097 varða samgöngubót 65°26.878N 22°37.728V

Litla-Lyngey er norðaustan við Bæjareyjuna og er hægt að ganga í hana þurrum fótum. Varða er á Litlu Lyngey. Hún er um 60m vestsuðvestan við vörðu 098 sem einnig er á Litlu-Lyngey. Varðan er um 760m norðaustan við Bæjarhól 001 og um 370m sunnan við sel 114 sem er á Seleyjum.



Varða 097, horft til suðvesturs

Litla-Lyngey er grasigróin, aflöng eyja sem snýr suðvestri-norðaustur. Varðan er fremst á brún sjávarkletta á norðvesturströnd eyjarinnar.

Varðan er 1m í þvermál og um 1m á hæð. Hún er byggð úr stórum grjóti og er 4-5 umfór. Varðan var formerki sjóleiðar yfir Illaríf.

Hættumat: engin hætta

BA-083:098 varða samgöngubót

65°26.886N 22°37.656V

Litla-Lyngey er norðaustan við Bæjareyjuna og er hægt að ganga í hana þurrum fótum. Varða er norðaustast á Litlu Lyngey. Hún er 810-820m norðaustan við Bæjarhól 001 og 350-360m sunnan við sel 114 sem er á Seleyjum.

Litla-Lyngey er grasigróin, aflöng eyja sem snýr suðvestri-norðaustur. Varðan er byggð á grasi grónum kletti og er grasið farið að vaxa upp hliðar hennar.


Varðan er 1m í þvermál og um 120cm á hæð. Hún er byggð úr stóru grjóti og er 4-5 umfór. Varðan var bakmerki sjóleiðar yfir Illaríf.

Hættumat: engin hætta



Varða 098, horft til suðvesturs

BA-083:099 tóft óþekkt 65°26.708N 22°37.918V



Uppdráttur af tóft 099



Tóft 099, horft til suðvesturs

Tóft er á Stöðuley, um 470m austnorðaustur af Bæjarhól 001 og um 350m suðsuðvestur af vörðu 097. Tóftin er miðsvæðis á eyinni. Eftir eyinni liggja hraunklettur og er tóftin fast austnorðaustan við þá.

Tóftin er á lágum grasigrónum rana sem er samsíða klettahrygg er liggur eftir eyinni.

Austnorðaustan við tóftina eru lágar klettaborgir.

Tóftin er 14x4m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eins og eyjan sjálf. Tóftin virðist einföld en hún er mjög óljós. Hún er 6x2,5m að innanmáli og op virðist hafa verið á hólfinu á suðausturvegg. Suðvestan við hólfið er bunga eða hæð á tóftinni og má vera að þar hafi verið annað hólfið en það verður þó ekki greint á yfirborði. Ekki er hægt að sjá neinar grjóthleðslur í veggjum. Tóftin er hugsanlega afþreyingarefni drengja sem voru látnir sitja yfir fé.

Hættumat: engin hætta

BA-083:100 *Djúpahlein* náttúrunin



Djúpahlein 100, horft til norðvesturs

lending 65°26.726N 22°38.492V

„Í Skáleyjum voru landingar og uppsátur á mörgum stöðum. Í túnfætinum á norðanverðri eyinni eru t.d. Norðurvör [041], Syðrivör [042], Krókur [040], Djúpahlein, Nýjavör [048] og Mangafjós [022]..... Allar hafa þær þann ókost að ekki flýtur í þær um fjöru vegna hins mikla útfiris,“ segir í Eylendu. Djúpahlein er 20 suðvestan við Fremribryggju 046, um 5m norðaustan við Kriuvör 047 og um 200m norðan við Bæjarhól 001.

Lendingin er í klapparfjöru.

Djúpahlein er hún ágætis landing frá náttúrunnar hendi. Þar hefur verið hægt að

leggja að báta og er þar festarsteinn. Í festarsteininum er járnlykkja sem bátarnir hafa verið bundnir við. Er lykkjan boruð ofan í steininn og fest með blýi.

Heimildir: Eylenda, I, 340

BA-083:101 *Smjörvík* renna lending 65°26.395N 22°38.718V

„Út frá Illhugatóftum heitir einu nafni Byrgistangi, syðst og yst á honum er Smjörvík,“ segir í örnefnaskrá. „Í Skáleyjum voru landingar og uppsátur á mörgum stöðum. Í túnfætinum á norðanverðri eyinni eru t.d. Norðurvör [041], Syðrivör [042], Krókur [040], Djúpahlein [119], Nýjavör [048] og Mangafjós [022]. Hjallavör [076] og Smérvík að sunnanverðu ..,“ segir í Eylendu. Rithætti í Eylendu ber ekki saman við ritháttinn í örnefnaskránni, verður hér stuðst við rithátt örnefnaskráar. Smjörvík er norðan Smjörvíkurtanga, um 460m suðsuðvestan við Bæjarhól 001 og tæpa 50m norðaustan við Birgistanga 079.

Vörin er milli lágra klappa.

Galli við Smjörvík er “... að ekki flýtur í [hana] um fjöru vegna hins mikla útfiris,“ segir í Eylendu. Þegar vindur stóð að norðan (frá landi) var lent í Smjörvík, var hún ágæt landing nema í sunnan- og suðvestan áttum. Vörin var hreinsuð reglulega og var grjóttinu safnað í bryggjuómynd sunnan við vörina en lítið sést af þeim samtíningi núna.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 5; Eylenda, I, 340


BA-083:102 *Eyjarendaflatir* gerði akur 65°26.263N 22°39.386V

„Norðan við Krákuvarartanga [sjá Krákuvör, 083] er smá hólmi kallaður Írekur, en Krákuvarartjörn sunnan við hann. Utan við Krákuvararholt, sunnan Krákuvarartjarnar, heitir einu nafni Eyjarendi,“ segir í örnefnaskrá. Krákuvarartjörn er einnig kölluð Stekkjartjörn, segir Jóhannes Geir Gíslason. „Á sunnanverðum Eyjarenda, sunnan klettanna, eru Eyjarendaflatir. Áltíð var að þar hefði áður verið kornrekt. Bersýnilegt er að þar hefur verið unnið land“, segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Á Eyjarendaflötum má sjá minjar eftir þrjú afmörkuð rými sem eru að öllum líkindum mismunandi tíma-skeiðum. Eyjarendaflatir eru um 950m suðvestur af Bæjarhól 001, um 130m norðaustur af tóft 103 og 170-180m sunnan við Krákuvör 083.

Gróið land og slétt, umkringgt sjó á allar hliðar nema til norðausturs.

Eyjarendaflatir hafa verið sléttaðar og þar hefur einnig verið plægt. Ummerki sjást mjög illa á jörðu niðri en eru skýrari á loftmynd. Á svæðinu sem er að heildarstærð

um 86x42m og snýr norðaustur-suðvestur eru þrjú hólfið og verður hverju þeirra gefinn bókstafur hér til aðgreiningar. Hólf A er um 30x22m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er ferhyrnt með mjög ávöl horn. Við suðvestan þess er hólf B. Það er um 30x10m að stærð og snýr eins og hólf A. Hólf C er greinilegra en hin fyrnefndu og einnig stærst. Það er a.m.k. um 60m að lengd en norðausturhlið þess sést ekki. Breidd þess er um 20m fyrir miðju en suðvesturendi virðist hafa verið breiðari en norðausturendi. Hólf C



Uppdráttur af mjög óljósum gerðum sem eru á Eyjarendaflötum

nær yfir suðausturhorn hólfs A og út frá því var dregin sú ályktun að hólf C væri yngri en hólf A en einnig vegna þess að hleðslur hólfa A og B eru mun ógreinilegri en hólfs C. Stórt svæði innan hólfs C hefur verið plægt og hefur suðausturendi garðlagsins á hólf C sennilega horfið við þær framkvæmdir. Samkvæmt heimildarmanni voru hleðslurnar úr torfi og grjóti. Þær hleðslur sem skráðar voru á vettvangi voru 30-40cm á hæð og rúmur 1m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 6; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 6; Ö-Skáleyjar, B, 8

BA-083:103 Eyjarenda tóft naust 65°26.207N 22°39.479V


Suðvestast á Eyjarenda er tóft. Hún er um 130m suðvestan við akra 102 og um 1,1km suðvestan við Bæjarhól 001.

Tóftin er yst á fjörukambi í jaðri graslendis.

Tóftin er 10x4m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Hún er einföld og opin til suðsuðvestur að sjó. Hún er breiðust fremst og kemur lítið eitt saman innst, það er nyrst. Víða sést grjót í hleðslum sem eru orðnar signar og má ætla að tóftin hafi verið torf og grjóthlaðin. Veggheðslur eru mest um 60cm að hæð. Ekkert er vitað um uppruna né aldur þessa mannvirkis en óljós ummerki eru eftir rudda vör í fjörunni suðvestan við tóftina og því má fastlega gera ráð fyrir því að hér hafi verið naust.



Tóft 103 á Eyjarenda, horft til suðurs



Uppdráttur af tóft 103



Tóft 104, horft til norðausturs


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:104 tóft óþekkt

65°26.366N 22°39.375V

Utarlega á norðanverðum Krákuvarartanga, um 25m norðan við Krákuvör 083 er tóft. Hún er um 200m suðvestan við stekk 082 og rúma 800m suðvestan við Bæjarhól 001. Tóftin er fremst á klapparbrún sem liggur að sjó.

Tóftin er einföld, um 6x5m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er alveg opin norðvesturs en þar afmarkast tóftin af



Uppdráttur af tóft 104

þverhníptri klapparbrún. Tóftin er töluvert sigin og gróin en hefur væntanlega verið byggð bæði úr torfi og grjóti. Vegghleðslur eru um 1m á breidd og um 30cm á hæð. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tóftin hefur þjónað en líklegt er að þetta sé heygarður. Ágætis landing er þar neðan við svo gott er að bera þar upp hey af bát. Á þessum stað er jarðgrunnt og þurrt og því hentar hann vel undir hey.



Jóhannes Geir Gíslason stendur við kálgarð 105 sem er á Lambhúshrygg, horft til austurs

BA-083:105 gerði kálgarður

65°26.548N 22°38.809V

Á Lambhúshrygg eru hleðslur eftir kálgarð. Hann er 50m vestsuðvestan við Lambhús 073, 30m norðvestan við Dýið 072 og 270m suðvestan við Bæjarhól 001.


Kálgarðurinn er undir lágum kletti, í landi sem hallar mót suðri.

Garðurinn er 12x7m að stærð og snýr austur-vestur. Umhverfis hann er torfhlaðið gerði.

Hleðslur eru lágar, ekki meira en 20cm en um 1m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:106 þúst óþekkt $65^{\circ}26.571N$ $22^{\circ}38.713V$



Uppdráttur af þúst 106



Þúst 106, horft til suðvesturs

Hringlaga þúst er um 200m suðvestan við Bæjarhól 001 og 50-60m norðaustan við kálgarð 064.

Þústin er í túnjaðri.

Þústin sem er hringlaga er um 4m í þvermál og er eystri hliðin greinilegri en sú vestari. Ekki virðist vera neitt grjót í vegghleðslunum sem eru um 30cm á hæð og frekar óverulegar. Ekki er hægt að greina nein hólfi eða op sem gætu hafa verið dyr og þá er hlutverk þessa mannvirkis einnig algjörlega óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:107 *Hjallalending* náttúruvin lending $65^{\circ}26.462N$ $22^{\circ}38.464V$
Hjallalending er náttúruleg lending sem er um 10m sunnan við Lákahjall 057 og um 35m suðvestan við Hjallavör 076.

Lágar sjávarklappir og lítil en sendin fjara.

Lendingin er að öllu leyti náttúruleg og var hún meira notuð á vetrum en Norðurvör 041. Bátarnir síðan geymdir í Hjallavör.

BA-083:108 gryfja kolagröf
 $65^{\circ}26.479N$ $22^{\circ}38.475V$

Tvær kolagrafir eru um 2m norðnorðvestan við Lákahjall 057 og um 15m suðvestan við Hjallanaust 077.

Graslendi nærri sjó.

Kolagrafirnar eru báðar hringlaga. Þær eru um 2m í þvermál og 20 cm á dýpt. Um 5 m eru á milli þeirra og snýr svæðið norðvestur-suðaustur. Dýpt þeirra er um 20cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kolagryfjur 108, horft til suðurs

BA-083:109 *Hjallagarður* gerði kartöflugarður 65°26.501N 28°38.468V
Hjallagarður er kálgarður sem tekinn var í notkun í tíð Gísla Einars Jóhannessonar (1901-1984) en hann var bóndi í Skáleyjum á árunum 1928-1977. Hann er fast upp við og nær jafnvel yfir vesturgafi hjallatóftar 053. Garðurinn er um 200m beint suður af Bæjarhól 001 og um 10m norður af Hjallanausti 077.

Garðurinn er í landi sem hallar mót suðaustri, all nærri sjó.

Garðurinn er 37x10m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Garðhleðslurnar eru veigalitlar enda voru þær hlaðnar sem undirstöður undir vírgirðingu. Hleðslurnar eru lægri syðst, um 20cm en hærri nyrst um 50cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:110 garðlag óþekkt 65°26.607N 22°38.295V



Garðlag 110, horft til suðausturs

Garðlag liggur þvert yfir Langatanga, um 130m norðnorðaustan við Langatangagarð 033 og um 150m austan við Bæjarhól 001.

Hleðslan liggur um grasi gróið land.

Garðlagið er um 15m langt og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Á því er um 2m breitt op (nógu breitt fyrir dráttarvél). Garðlagið hefur verið grjóthlaðið en er að mestu hrunið. Það er um 20cm á hæð og aðeins sjást 1-2 umför af hleðslu. Breidd þess er um 1m. Garðlagið liggur milli fjörukamba og hefur að öllum líkindum vörslgarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-083:111 *Setusker* örnefni

„Norðurlönd eru tengd við Heimaeyjuna með Illarifi ... Innan við Illaríf er Setusker,“ segir í örnefnaskrá. „Smalar sátu á því þegar þeir voru yfir fé,“ segir í

athugasemdum við örnefnaskrá. Ekki eru neinar mannvistarleifar á Setuskeri og ekki var það ekki skráð á vettvangi.

Engar minjar eru í Setuskeri.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 7; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 7; Eylenda, I, 336

BA-083:112 *Lómatjörn* þjóðsaga huldufólksbústaður 65°26.725N 22°37.821V
„Sunnan til á miðri Stöðuley er Lómatjörnin,“ segir í örnefnaskrá. „Í Lómatjörn á að búa einhverskonar dularfull vera í kvenmannslíki ... Síðust á að hafa séð þessa veru Margrét Magnúsdóttir ... Hún var gift Péttri Jónssyni bónda í Skáleyjum á fyrri hluta 19. aldar,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Lómatjörn er 540-550m austnorðaustan við Bæjarhól 001, 200m sunnan við vörðu 096 og 140m norðnorðvestan við Lyngeyjarklett 092.

Tjörnin er liggur fast við sjó sem gengur í hana á háflóði.

Lómatjörn er 160-180m löng og um 20m á breidd. Liggur í suðvestur-norðaustur. Grannur klettahryggur svokallaður Lómatjarnarrimi aðskilur hana frá fjörunni suðaustan við hana en að norðvestan við hana er gróið graslendi. Lómatjörn var ekki skráð á vettvangi en var hnitsett af loftmynd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 2; Ö-Skáleyjar, ath. semdir, 1

BA-083:113 *Lyngeyjarhaus* þjóðsaga
huldufólksbústaður 65°26.553N
22°38.251V

„Vestast á Stóru-Lyngey er Lyngeyjarhaus,“ segir í örnefnaskrá. „Í Lyngeyjarhaus er huldufólksbyggð, sú helzta í Skáleyjum. Þar var aðalbyggð huldufólks....Bergsveinn [Skúlason] hefur skráð sagnir af huldufólki þarna (í Breiðfirzkum sögnum),“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Örnefnið Lyngeyjarhaus er Jóhannesi framandi en telur að mögulegt sé að Bergsveinn sé mögulega að vísa til holtsins bak við klettinn. Hnitið er það sama og á Lyngeyjarkletti. Í breiðfirskum sögnum segir að í Lyngeyjarhaus hafi aðalbyggð huldufólksins verið. Þar var kirkja, kaupstaður og samkomuhús. Stundum mátti heyra álfasöng í eyjunum sem endurómaði alveg frá Jörunnarholti að Lyngeyjarhaus. Gróið og fallega rúnnað klapparholt sem liggur í sjó fram. Staðurinn var ekki skráður á vettvangi en var hnitsettur af loftmynd.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 9; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 8; Breiðfirskar sagnir 1, 208-210



Lyngeyjarhaus 113, horft til suðausturs

BA-083:114 *Seley* tóft sel 65°27.072N 22°37.580V



Uppdráttur af tóft 114



Tóft 114 í Seley, horft til suðvesturs

„Að norðanv[erðu] eru Seleyjar, syðri og vestri. Þær eru í laginu eins og buxur, samfastar að austan....Í þessum eyjum eru gamlar seltóttir. Víkin milli Seleyjanna heitir Seleyjartjörn, þar er og Seleyjarhólmi. Út og suður af Syðri-Seley er Seleyjarflaga, í fjölförnustu leið báta til Suðurlanda,“ segir í örnefnaskrá. Seleyjarflaga er austur eða suðaustur af Syðri-Seley, segir Jóhannes Geir Gíslason. „Seleyjarhólmi er út af Seleyjartjörn. Norðan Seleyjarhólma, áfast við Seleyjar, er Seleyjarhaus. Seleyjarhólmi og Seleyjarflaga er eitt og hið sama. Hins vegar er Seleyjarflaga suð-austur af Seleyjum ..,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Jóhannes Geir Gíslason segir lýsinguna á staðsetningu Seleyjarhólma hér á undan rétta en að Seleyjarflaga og Seleyjarhólmi sé sitt hvað. Seleyjar liggja norður af nyrsta hluta Bæjareyjarinnar. Seltóftin er norðarlega á vestari Seley. Hún er 60-70m vestan við eiði sem er milli Seleyjanna. Seltóftin er enn fremur um 1,1km norðnorðaustur af Bæjarhól 001 og 360-370m austsuðaustan við brunn 158 sem er á Hellisey.

Tóftin er í grasgrónu landi á kletthrygg.

Tóftin er 5x6m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er tvískipt og eru hólfin jafnstór um 3x1,5m að stærð. Hólfin snúa bæði norðvestur-suðaustur. Op er á báðum hólfum til suðausturs. Opið á vestara hólfinu er fast við innvegginn sem aðskilur hólfin en opið á eystra hólfinu fast við norðausturúttvegg. Grjóthleðslur eru víða í veggjum. Veggir eru mest um 50cm á hæð og um 1m á breidd. Mögulegt er að lítil kró hafi verið í vestara hólfinu við suðurgaflinn en það gæti líka bara verið hrun úr vegg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 7; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 7; Ö-Skáleyjar, B, 9

BA-083:115 Jónsvík þjóðsaga draugur 65°27.083N 22°37.465V



Jónsvík er kennd við mann sem sagan segir að hafi heitið Jón og farist við þessa vík. Sennilega hefur hann ætlað að lenda bátinum hér í víkinni. Horft til suðvesturs

„Að norðanv[erðu] eru Seleyjar, syðri og vestri. Þær eru í laginu eins og buxur, samfastar að austan. Þar er gjáarkennd vík, er Jónsvík nefnist,“ segir í örnefnaskrá. „Kennd við Jón, sem á að hafa farizt á báti þar. Þar á að vera reimt síðan,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Seleyjar liggja norður af nyrsta hluta Bæjareyjarinnar. Jónsvík er norðaustan til á eiðinu sem tengir syðri og vestari Seleyjurnar saman. Jónsvík er 90m austnorðaustan við seltóft 114 og 1,2km norðaustur af Bæjarhól 001.

Sendin fjara er í víkinni og hún gæti því verið ágætis lendingarstaður en afmarkast á allar hliðar af klettum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 7; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 7

BA-083:116 varða óþekkt 65°27.084N 22°37.440V



Varða 116, horft til austurs

„Að norðanv[erðu] eru Seleyjar, syðri og vestri. Þær eru í laginu eins og buxur, samfastar að austan... Víkin milli Seleyjanna heitir Seleyjartjörn...“ segir í örnefnaskrá. Seleyjar liggja norður af nyrsta hluta Bæjareyjarinnar. Varða er austan við nyrðri enda Seleyjartjarnar. Hún er um 20m austan við Jónsvík 115, um 1,2km norðaustan við Bæjarhól 001 og um 80m austan við sel 114. Varðan er á hárri klettaborg fremst á sjávarkambi.

Varðan er 1,5m í þvermál og um 70cm á

hæð. Hún er hlaðin úr frekar litlu grjóti og má telja um 4-5 umför af hleðslu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en sennilegast er þó að hún hafi verið mið, annað hvort til veiða eða vegna umferðar.

Hættumat: engin hætt

BA-083:117 varða óþekkt 65°27.072N 22°37.482V

„Að norðanv[erðu] eru Seleyjar, syðri og vestri. Þær eru í laginu eins og buxur, samfastar að austan...“ segir í örnefnaskrá. Varða er norðarlega á syðri Seley, um 1,14km norðaustur af Bæjarhól 001, um 70m austur af seli 114 og um 90m norðaustur af vörðu 118.

Gróið land all nærri sjó.

Varðan er af allra einföldustu gerð en hún samanstendur af stórrí klettaborg og stórum steini. Þessi stóri steinn sem er að lágmarki tveggja manna maki hefur greinilega verið lyft upp á bjargið í þeim tilgangi að hækka topp bjargsins. Þar sem bjargið verður að teljast til vörðunnar má segja að varðan sé um 180cm á hæð. Efst er varðan um 40cm í þvermál. Ekki er hægt að fullyrða neitt um hlutverk hennar en líklegast er hún hafi verið notuð sem mið.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Skáleýjar, 7



Varða 117, horft til suðvesturs

BA-083:118 varða óþekkt 65°27.036N 22°37.560V

„Að norðanv[erðu] eru Seleyjar, syðri og vestri. Þær eru í laginu eins og buxur, samfastar að austan...Víkin milli Seleyjanna heitir Seleyjartjörn, þar er og Seleyjarhólmi,“ segir í örnefnaskrá. Varða er við suðausturströnd Seleyjartjarnar í Seley. Hún er um 1km norðaustan við Bæjarhól 001, um 70m sunnan við sel 114 og um 90m suðvestan við vörðu 117.

Varðan er í grónu landi fast við fjörükamb.

Vörðugrjótið eða hleðslan er á kolli bjargs sem verður þó tæplega aðgreint frá vörðunni. Bjargið er því stærsti hluti vörðunnar og með því talið er varðan um 150cm á hæð en hleðslan ofan á bjarginu er 40cm á hæð og um 50cm í þvermál og er samsett úr þremur steinum. Ekki er hægt að fullyrða neitt um hlutverk hennar en líklegast er hún hafi verið notuð sem mið.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Skáleýjar, 7



Varða 118, horft til suðurs

BA-083:119 frásögn landing 65°26.382N 22°40.551V



Lending 119, horft til suðurs

Samkvæmt Jóhannesi Geira Gíslasyni var landing sunnan undir Bjarginu sem er sunnarlega á suðausturströnd Ystu-Langeyjar. Landingin er 1,65km vestsuðvestan við Bæjarhól 001 og 50-60m austsuðaustan við Langeyjarkofa 120.

Klapparfjara sem lítur ekki út fyrir að hafa verið rudd eða löguð á neinn hátt.

Þarna var lent þegar náð var í hey út í eyjuna.

Engin ummerki eftir manngerða landingu sjást á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

BA-083:120 Langeyjarkofi tóft smalakofi 65°26.367N 22°40.617V

„Í Langeyjum var kofi sem dvalið var í við fjárgeymslu um stórstrauma á haustin,“ segir í Eylendu. Langeyjarnar eru þrjár; Ysta-Langey, Mið-Langey og Innsta-Langey. Þær snúa




Langeyjarkofi 120, horft til norðausturs

suðvestur-norðausturs og er Ysta-Langey suðvestust en Innsta-Langey norðaustust. Eru þær allar, ásamt Búlkey, norðvestan við heimaeyjuna. Langeyjarkofi er við suðausturströnd Ystu-Langeyjar og er áfastur grjóthlöðnum vörslugarði 128 sem liggur meðfram allri suðausturströnd hennar.

Kofinn er um 1,7km vestsuðvestur af bæjarhól 001, 50-60m suðvestan við landingu 119 og 80-90m austan við landingu 121.

Tóftin er í jaðri á þýfðu túni og 40-50m norðan við grýtta fjöru. Hún er á kafi í melgresi. Tóftin er einföld, 6x5m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Norðvesturhlíð hússins er að hluta náttúrulegur klettur sem byggt hefur verið ofan á. Á suðausturgaffli er gluggi og á suðvesturlanghlið, sem er úr timbri, eru dyr fast við norðvesturgafflinn. Veggheðslur eru 5-7 umför og um 160cm á hæð. Veggheðslurnar undir glugganum eru um 4 umför og u.þ.b. 40cm að hæð. Í kofanum voru lítil fleti fyrir tvo og ein stó. Vistin í kofanum



Uppdráttur af Langeyjarkofa

þótti ekki skemmtileg. Til er sögn sem segir frá konu og unglingsstúlku sem voru að gæta fjár og þurftu að gista í kofanum. Stúlkan var orðin mjög leið á verunni, var komin með heimþrá og beið óþreyjufull eftir að þær yrðu sóttar í eyjuna. Dag einn voru þær að sjóða kjötsúpu þegar stúlkan sér bát stefna á eyjuna. Í fullvissu þess að báturinn sé að koma að sækja þær hleypur hún til, hvolfir úr kjötsúpupottinum og tekur til föggur sínar. Allt gerir hún þetta á örskammri stund til þess að tefja ekki bátinn. Báturinn reyndist hins vegar á allt annarri leið og sigldi framhjá og vöktu aðgerðir stúlkunnar því litla hrifningu hjá sambýliskonu hennar. Langeyjarkofi var í notkun alveg fram á 20. öld.


Hættumat: engin hættu

Heimildir:Eylenda, I, 336 og 340

BA-083:121 *Vörin* heimild um lendingu 65°26.359N 22°40.727V
„Búlkeyjarsund er milli Búlkeyjar og Yztu-Langeyjar....Þegar ís liggur við Skáleyjar, þykir öruggara að hafa bát í Yztu-Langey, til þess að grípa til, ef liggur á,“ segir í örnefnaskrá. Langeyjar eru þrjár; Ysta-, Mið- og Innsta-Langey. Þær eru, ásamt Búlkey, norðvestan við heimaeyjuna. Fyrir miðri norðvestur strönd Ystu-Langeyjar er svo til kringlóttur vogur. Nefnist hann Vörin. Norðaustan til í voginum er lending og var stundum bátur geymdur þar ef von var á frosthörkum. Vörin er 1,6km vestan við Bæjarhól 001, 90-100m vestan við tóft 123 og um 160m norðnorðaustan við Langeyjarkofa 120. Lendingin var skráð af loftmynd.

Heimildir:Samkv. samtali við Jóhannes Geir Gíslason 1/6 2011

BA-083:122 garðlag vörslugarður 65°26.425N 22°40.443V



Uppdráttur af vörslugarði 122



Garðlag 122, horft til suðurs

vörslugarð 124.

Garðurinn er á mörkum túns og sjávarhamra. Garðurinn fylgir ströndinni þar sem klettarnir eru hvað hæstir og brattastir.

Grjótgarðurinn er um 1m á breidd og um 1m á hæð. Hann var byggður í tengslum við févörslu í eyinni sem notuð var til haustbeitar til að hindra að fé færi sér að voða við bratta sjávarhamrana suðaustan við hleðsluna. Garðurinn er um 30m langur og er um 120° horn á honum sem er opið til norðurs, að landi. Tvö stutt garðbrot liggja frá garðinum til


suðurs, umhverfis klett sem er sunnan garðs. Norðan við garðinn er greinilegur kantur eftir torfristu.

Hættumat: engin hætta

BA-083:123 *Svefneyjarkofi* tóft smalakofi 65°26.456N 22°40.424V



Tóft 123, horft til norðvesturs



Uppdráttur af tóft 123

Tóft er í Ystu-Langey, um 1,5km vestsuðvestan við Bæjarhól 001. Tóftin er rúma 30m norðnorðaustan við tóft 126 og um 710m vestnorðvestan við vörðu 125.

Tóftin er í gróinni brekku sem hallar til suðausturs og liggur að vogi milli Ystu- og Mið-Langeyja.

Tóftin er einföld, 4x3m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggbleðslurnar eru veigalitlar eða um 50cm á breidd og um 40cm á hæð, norðvesturgafflinn er byggður upp að klöpp. Líklega hefur op verið á suðausturgaffli. Greina má grjóthleðslur í veggjum. Byggður sennilega snemma á 19. öld. Svefneyjingar og Skáleyjingar höfðu makaskipti á beit í Langeyjum og Skarfakálstekju í Svefneyjafæti. Svefneyjingar gerðu sér gæslukofa í Langeyjum.

Hættumat: engin hætta

BA-083:124 hleðsla vörslugarður

65°26.419N 22°40.370V



Vörslugarður 124, horft til suðurs

Syðsti endi Mið-Langeyjar og nyrsti endi Ystu-Langeyjar liggja samsíða og á fjöru er hægt að ganga þurrum fótum á milli þeirra. Grjóthleðsla liggur á milli þeirra. Garðurinn var hlaðinn í upphafi 20. aldar og líkt og vörslugarður 122 til að varna því að fé færi sér ekki að voða, átti hann meðal annars að leysa Svefneyjarkofann 123 af hólmi. Garðurinn er 30-40m sunnan við tóft 123 og um 10-15m austsuðaustan við tóft 126.

Garðurinn liggur um frekar grýtt svæði, á milli eyja og hluti hans fer á kaf á flóði. Garðurinn er um 65m langur og snýr

norðvestur-suðaustur, þvert á stefnu eyjanna. Hann er hlaðin úr frekar stóru grjóti sem er þó engu að síður nokkuð misjafnt að stærð. Hann er um 1m að breidd og að lágmarki 1m á hæð, um 5-6 umför af hleðslum sjást.

BA-083:125 varða samgöngubót 65°26.442N 22°40.332V

Varða er í Mið-Langey, nánar tiltekið á Draug, um 1,5km vestsuðvestan við Bæjarhól 001 og um 210m suðsuðvestan við vörðu 131. Hún er um 70m austsuðaustan við tóft 123. Varðan er í grasi grónum móa.

Varðan er 120cm í þvermál og um 60cm á hæð. Hún er svo til alveg gróin, sér í lagi að norðanverðu. Hún er sennilega bæði hrunin og sigin og því eru bara tvö umför af hleðslu sýnileg. Eins og varða 137 var hún hlaðin af dönskum mönnum í tengslum við gerð Herforingjaráðskorta sem unnið var að á árunum 1902-1940.


Hættumat: engin hættu



Varða 125, horft til norðausturs

BA-083:126 tóft óþekkt 65°26.436N 22°40.447V

Tóft er á Ystu-Langey, á austurenda Bjargsins, um 1,5km vestsuðvestan við Bæjarhól 001. Hún er um 270m suðvestan við vörðu 131 og um 80m vestan við vörðu 125.



Uppdráttur af tóft 126



Tóft 126, horft til suðvesturs

snýr norðaustur-suðvestur.

Tóftin er 13x7m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í 4 hólfa sem deila má í tvær hólfaraðir. Í syðri hólfaraðinni er hólf A og B en í nyrðri hólfaraðinni er hólf C og D. Hólf A er 8x3m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Tvö op eru á hólfinu, eitt er á miðri suðausturhlið en hitt er á norðausturhlið og liggur yfir í hólfi B. Hólf B er 3x2m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Á því eru einnig tvö. Annað liggur yfir í hólfi A (eins og áður var getið) en hitt er á miðri suðausturhlið. Nyrðri hólfaraðin er samsíða hólfi A. Suðvestast er hólf C sem er 2x1,5m að innanmáli en norðaustan við það er hólf D sem er 4x1,5m að innanmáli. Bæði hólfin snúa eins og tóftin en ekki er hægt að greina

Tóftin er á grasi grónum holtarima sem

nein op á þeim. Ekki sést neitt hleðslugrjót í veggjum sem eru um 40cm á hæð og orðnir mjög signir. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var byggð.

Hættumat: engin hætta

BA-083:127 garðlag vörslugarður 65°26.420N 22°40.485V

Hleðsla er 20m vestar en hleðsla 122. Hún er eins og vörslugarðar 122 og 124 hlaðin til að hindra að fé færi sér að voða við bratta sjávarhamrana.

Framarlega á fjörukambi.

Hleðslan sem er úr torfi og grjóti er um 4m löng og er alveg á fjarukambinum. Hún er um 1m á breidd og um 30-40cm á hæð og um 2-3 umför. Greinileg ummerki eftir torfstungu er norðan megin við hleðsluna.

Hættumat: engin hætta

BA-083:128 garðlag vörslugarður 65°26.401N 22°40.667V

Á nyrðri hluta Ystu-Langeyjar er 220m langur garður sem Langeyjakofi 120 er sambyggður. Hann er 30m vestan við lendingu 119 og 120-130m suðaustan við tóft 126.

Garðurinn liggur í frekar stórgrýttu umhverfi nærri sjó. Garðurinn er grjóthlaðinn og um 220m að lengd. Báðir endar hans liggja niður að vesturströnd Ystu-Langeyjar. Liggur hleðslan frá syðsta odda eyjunnar til norðaustur, fylgir austurströnd eyjunnar á kafla en beygir svo skarpt til vesturs. Þaðan liggur garðurinn svo aftur að vesturströndinni rúmum



Vörslugarður 128 í Ystu-Langey, horft til suðvesturs



Steinhleðsla 129 er á merkjum milli Orms- og Steinsparts. Horft til norðvesturs

100m norðaustar frá þeim stað sem byrjað var að lýsa. Ástand garðsins og hleðsluhæð er mjög misjöfn, á kafla sést aðeins 1 umfar af hleðslu en þar sem garðurinn stendur best sjást 6 umför. Breiðust er hleðslan um 1m og hæst um 1m. Talsvert er um að garðurinn sé hlaðinn við náttúrulega kletta og hamra.

Hættumat: engin hætta

BA-083:129 hleðsla tún 65°26.642N 22°40.023V

Samkvæmt Jóhannesi Geira Gíslasyni heimildarmanni var Mið-Langey skipt upp í fjóra sláttu-parta. Voru partarnir aðskildir með fáum en stórum steinum sem raðað var með jöfnu millibili á partamörkum. Eyjan er löng og mjó og liggja partarnir hver í framhaldi af öðrum, frá suðvestri til norðausturs. Partarnir hafa allir sitt sérheiti. Syðst er Bjarnapartur, þá kemur Brandspartur, síðan Ormspartur sem einnig þekkist undir nafninu Draugspartur, nyrst er svo Steinspartur. Draugspartur dregur nafn sitt af hæð sem kallast Draugur 132, hún liggur á milli Brandsparts og Ormsparts og er norðausturendi hannar í Ormsparti. Steinarnir eru í graslendi sem núna er lítið

notað.


Slægju-partarnir voru mjög svipaðir að stærð. Til að marka þá af voru notaðir fáir en stórir steinar. Aðeins fannst ein steinaröð á vettvangi austan við Ormspartshorn á mörkum Orms- og Steinsparts. Merki þessi voru notuð fram yfir 1960. Langeyjarnar voru í heild notaðar sem beitiland og slægjuland. Ýmis nöfn lágu á pörtunum í hinum Langeyjunum en þau verða ekki skráð að þessu sinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 11

BA-083:130 tóft óþekkt 65°26.628N 22°39.991V

Lítill tóft er í Mið-Langey, líklega innan Ormsparts (Draugsparts). Hún er um 5m vestan við steinaröð sem markað hefur skil á milli Ormsparts og Steinsparts 129. Tóftin er um



Uppdráttur af tóft 130



Tóft 130, horft til vesturs

130m norðaustan við Draug 132.

Tóftin er smáþýfðum móa.

Tóftin sem er einföld er 4x3m að stærð og snýr svo til alveg í austur-vestur. Vegghleðslur eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð, er tóftin sennilega lítið eitt niðurgrafin því innri brún vegghleðslna er greinilegri og hærri en sú ytri. Tvö op virðast á tóftinni. Annað er vestast á norðurhlið og hitt nyrst á austurhlið. Tóftin er öll grasivaxin og ekki sést í neinar grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tóftin þjónaði en hún gæti hafa verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

BA-083:131 varða óþekkt 65°26.538N 22°40.200V

Varða er í Mið-Langey, um 1,3km vestan við Bæjarhól 001, um 230m norðaustan við tóft 123 og 220-

230m suðvestan við tóft 130.

Varðan er fremst á fjörukambi á norðvesturströnd Mið-Langeyjar.

Varðan er svo til alveg fallin. Hún er um 30cm á hæð en um 80cm í þvermál. Grjótið úr vörðunni er frekar stórt og vaxið skófum og hefur verið neðst í undirstöðum vörðunnar. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er þó að hún hafi verið mið fyrir báta.

Hættumat: engin hætta



Varða 131, horft til suðvesturs

BA-083:132 *Draugur* þjóðsaga draugur 65°26.566N 22°40.088V

„Norðvestur af Fagurey er Skáldsey ... Búlkey liggur inn frá Skáldsey, há og hrjóstrug ... Búlkeyjarsund er milli Búlkeyjar og Yztu-Langeyjar [sem liggur inn frá Búlkey], þá kemur Mið-Langey [sem liggur inn frá Yztu-Langey]. Innst á henni er Steinspartur, þá Ormspartur ... [Hann] er oft nefndur Draugspartur, því að Draugur heitir hæðin um miðja eyjuna, yzt í partinum. Drangsvík heitir innan til við hæðina,“ segir í örnefnaskrá. Bergsveinn Skúlason segir að „Drangsvík [hljóti] að eiga að vera Draugsvík,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Jóhannes Geir Gíslason tekur undir þá athugasemd. Grösugt mólendi.

Hnitið var sett inná loftmynd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 11; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 10

BA-083:133 *Ytraness* náttúrumin lending

Lending er á Ytranessi en hún var með öllu ókunn skráningarfólki þegar það var við vinnu í eyjunum og því var hún ekki skráð. Um er að ræða náttúrulega lendingu sem notast var við þegar Efrileið 085 var notuð. Samkvæmt Jóhannesi Geira Gíslasyni eru slíkar lendingar margar á eyjunum.

Heimildir: Munnleg heimild, samkvæmt samtali við Jóhannes Geir Gíslason 3/3 2011

BA-083:134 *Dys* dys legstaður 65°26.790N 22°40.266V

„Þorkelsey er norðvestur af Mið-Langey, ... Dys er grjóthrúga innan til á Þorkelsey,“ segir í örnefnaskrá. Þorkelsey er norðvestan við Mið-Langey og eins og aðrar eyjar Skáleyja þá liggur Þorkelsey í suðvestur-

norðaustur. Norðaustast á eyinni er tangi eða nes. Sunnan við mitt nesið mikil grjóthrúga sem er umrætt Þorkelsdys. Dysin er 1,4km vestnorðvestan við Bæjarhól 001 og um 360m norðnorðvestan við tóft 130.



Dys 134 í Þorkelsey,

Nesið er lítið eitt bungulaga og er dysin efst á bungunni og er hún í grónu landi.

„Þar á Þorkell, sem eyjan dregur nafn af, að vera heygður,“ segir í örnefnaskrá.

„Þorkelsey: Talin kennd við Þorkel, sem fórst með Þórði Ingunnarsyni. Dysin sést enn og var öllum sagt að henda steini í hana í fyrsta sinn, sem þeir komu til eyjarinnar,“ segir í ath.semndum við örnefnaskrá. „Ekki kemur sú hugmynd þó að fullu heim við

frásögn sögunnar [þ.e.a.s. Laxdælu] enda líklegast að grjótinu hafi verið hrúgað saman til að hreinsa slægjuland. Vissara þykir þó að þeir sem koma í Þorkelsey í fyrsta skipti sýni Þorkeli þá virðingu að kasta þremur steinum í dysina til að hafa hann góðan,“ segir í Eylendu. Ekki nefnir Laxdæla neinn Þorkel um borð í skipi því sem ferst með Þórði Ingunnarsyni og því hlýtur hér að vera um einhvern annan Þorkel að ræða.

Dysin er 2x2m að stærð og um 180cm á hæð, í henni miðri er stór viðarstólpi sem stendur um það bil 1m upp úr hrúgunni þannig að heildarhæð er um 280cm. Dysin er saman stendur af frekar stóru grjóti og er það á kafi í grasi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 11 og 12; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 11; Eylenda, I, 339

BA-083:135 *Þorkelseyjarsund* heimild um leið 65°26.714N 22°40.219V

„Þorkelsey er norðvestur af Mið-Langey, og er Þorkelseyjarsund milli þeirra,“ segir í örnefnaskrá. „Norðan við Langeyjar liggja samsíða þeim Þorkelsey, Þorkelseyjarklettur, Þorkelseyjarklettur, Þorkelseyjarsker og síðan Sölvasker, sem teygja sig í áttina að Skarfakletti. Segja má að þar sé annar skjólveggur, en milli hans og Langeyja liggur Þorkelseyjarsund. Það er mun mjórri en Langeyjarsundið [174] en hreinni leið og auðveldari fyrir ókunnuga ... Meðan fjölfarið var milli Vestureyja og fastalands lögðu margir leið sína um Þorkelseyjarsund og innan skerja í Skáleyjum þegar „bára var í flóann,“ segir í Eylendu.

Bátsleið milli eyja.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 12; Eylenda, I, 339

BA-083:136 garðlag vörslugarður 65°26.244N 22°41.023V

Hlaðið garðlag er norðaustast á Búlkey, 160-170m norðaustan við vörðu 137 og 380-390m suðvestan við Langeyjarkofa 120.

Garðurinn er við fjöruborðið.

Grjótgarðurinn er afar óljós og þverar voginn. Hleðslan er mjög siginn og er ekki nema um eitt umfar að ræða af misstórum steinum. Hleðslan er um 18m löng og var hún hlaðin sem vörslugarður til að varna kálfum sem geymdir voru í Búlkey aðgang að Ystu-Langey. Hleðslan er ekki mikið meira en 1m á breidd og um 40cm á hæð.

Hættumat: hætt, vegna rofs

BA-083:137 varða 65°26.166N 22°41.178V

Búlkey er suðvestan við Ystu-Langey og vestsuðvestan við Eyjarendatanga sem er syðsti hluti heimaeyjarinnar. Á hæsta punkti Búlkeyjar er varða. Hún mun hafa verið hlaðin í tengslum við gerð Herforingjaráðskorta sem unnið var að frá 1902 til 1940. Hún er 2,2km vestsuðvestan við Bæjarhól 001.

Varðan er efst á grasivaxinni og þýfðri klettahæð.

Varðan er 1m í þvermál og lítið meira en 20 cm á hæð. Tvö umför af hleðslu sjást en varðan er talsvert sokkin. Svo virðist sem henni hafi verið hrúguð upp frekar en að vandað hafi verið til hleðslunnar. Ekki er hægt að fullyrða neitt um hlutverk hennar en líklegast er hún hafi verið hlaðin sem mið.

Hættumat: engin hætt



Hér situr Jóhannes Geir Gíslason sunnan við vörðu 137. Horft til suðurs

BA-083:138 *Sönghellir* hellir 65°26.184N 22°41.172V

Meðfram norðvesturströnd Búlkeyjar eru þrjár tjarnir sem liggja allar í röð hver upp af

annari. Á nokkru flatlendi sem er á milli mið tjarnarinnar og þeirrar nyrstu er hellisskúti sem nefnist Sönghellir. Sönghellir er um 30m norðan við vörðu 137 sem einnig er í Búlkey og 2,2km norðnorðvestan við Bæjarhól 001.

Hellirinn er í klettaborgum sem liggja frá suðvestri til norðausturs og snúa mót norðvestri. Grösugt flatlendi er norðvestan við klettana.

Hellisopið er um 1,5m á hæð og um 60cm á breidd. Hellirinn er um 2m á dýpt og um 2m á hæð en breiðkar lítið sem ekkert eftir að inn er komið. Hellirinn er því kannski frekar eins og þröng klettaskor. Í lofti hellisins er gat þar sem sést til himins.

BA-083:139 frásögn akur 65°25.713N 22°41.973V

„Norðvestur af Fagurey er Skáldsey, stundum kölluð Skálsey eða Skálpey,“ segir í örnefnaskrá. „Bergsveinn kannast best við það nafn á eyinni [þ.e.a.s. Skáldsey]. Hún er öll slétt, geti verið unnin jörð frá fornu fari, e.t.v. í akra. Bergsveini datt í hug að nafnið verið Sárdsey,“ segir í athugasemdum



Hér eru uppi getgátur um að hafi verið akur, horft til suðsuðausturs

við örnefnaskrá. Jóhannes Geir Gíslason heimildarmaður benti á það svæði sem helst kemur til greina að hafa verið notað undir forna akra. Er það 3,2km suðvestan við Bæjarhól 001 og um 150m vestsuðvestan við tóft 140.

Sléttur og harður grasbali þar sem eyjan er breiðust. Þó svo að balinn sé sléttur má greina í honum óljósar aflangar samsíða ójöfnur sem liggja í norðaustur-

suðvestur. Það verður að teljast álíka líklegt að þær séu náttúrulegar eins og af mannaverk. Umrætt svæði er ekki afmarkað á neinn hátt

en er um 20x30m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 11; Ö-Skáleyjer, ath.semdir, 10

BA-083:140 tóft óþekkt 65°25.752N 22°41.802V

Skáldey er syðst og vestust Skáleyja, hún er vestan við Fagurey og suðvestan við Búlkey.



Tóft 140, horft til suðurs

Fyrir miðri suðurausturströnd eyjarinnar, upp af litlu nesi er lítil klettaborg og í henni er tóft eða byrgi sem er að stórum hluta náttúrulegt. Tóftin er 3km suðvestan við Bæjarhól 001 og um 160m suðsuðvestan við vörðu 141.

Klettaborgin er á fjörukambinum. Tóftin er að stærstum hluta mynduð með náttúrulegum klettum. Þeir mynda hól sem er 4x2,5 að innanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er einföld en á henni eru tvö op, eitt til austurs

og annað til suðurs. Hlaðið hefur verið að hluta fyrir opið til austurs. Vegghæð er um 150cm en ekki er um eiginlegar vegghleðslur að ræða heldur um náttúrulega klettaveggi. Vegghleðslur eru meðfram vesturvegnum inni í byrginu. Vestan við dyrnar á byrginu var hlaðin upp sökkull fyrir girðingarstaur og er girðingin frá því 1954. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin þjónaði.

Hættumat: engin hætta

BA-083:141 varða óþekkt

65°25.837N 22°41.747V

Varða er á Skáldey, um 3km suðvestur af Bæjarhól 001, 15m suður af vörðu 142 og um 60m suð-suðaustur af vörðu 143.

Varðan er á grasi grónum hrygg.

Varðan er um 30-40cm á hæð og um 80cm í þvermál. Í henni er lítill stuðladrangur en umför munu vera fjögur talsins. Varðan ku vera leiðarmerki um Skáleyjargöt í Látrum.

Hættumat: engin hætta

BA-083:142 varða óþekkt

65°25.836N 22°41.748V

Varða er í Skáldey, um 2,9km vestsuðvestur af Bæjarhól 001, 40-50m suðaustur af vörðu 143 og 170-

180m norðnorðaustur af tóft 140.

Varðan er á kafi í grasi fremst á sjávarkambi. Varðan er 1m í þvermál og um 30cm á hæð. Hún er samsett úr frekar stóru grjóti sem hefur verið hrúgað saman frekar en að hægt sé að tala um eiginlegar hleðslur. Stuðlabergsdrangi er í henni miðri. Hún er bakmerki og vísar ásamt vörðu 143 sem er formerki á skarð þvert um skerjahrygg norðvestan Skáldseyjar.


Hættumat: engin hætta

BA-083:143 varða óþekkt

65°25.848N 22°41.748V

Varða er í Skáldey, um 2,9km vestsuðvestur af Bæjarhól 001, 40-50m norðnorðvestur af vörðu 142 og um 200m norður af tóft 140.

Varðan er á kletti sem liggur út í sjó á norðvesturströnd Skáldeyjar.



Uppdráttur af tóft 140



Varða 141



Varða 142



Varða 143, horft til norðvesturs



Varða 144, horft til vesturs

Varðan er 80cm í þvermál og um 40cm á hæð. Lítið hefur verið vandað til hennar heldur virðist grjóti bara hafa verið hrúgað saman. Hún er formerki og vísar ásamt vörðu 142 sem er bakmerki á skarð þvert um skerjahrygg norðvestan Skáldseyjar. .

Hættumat: engin hætta

BA-083:144 varða óþekkt

65°25.548N 22°41.136V

Varða er á Fagurey, um 190m suðvestan við tóft 147, um 200m vestsuðvestan við vörðu 146 og um 2,85km suðvestan við Bæjarhól 001. Hún er syðst á norðvesturströnd eyjarinnar.

Varðan er á gróinni klapparhæð fast ofan við fjörukamb.

Varðan sem er mikið sigin og gróin er ekki mikið meira er 40cm á hæð og um 120cm í þvermál. Sennilega er langt um liðið síðan hún hrundi því hún er öll að verða yfir gróin. Sennilega hefur varðan þjónað sem mið fyrir báta.

Hættumat: engin hætta

BA-083:145 Ormsvogur heimild um

lendingu 65°25.554N 22°41.004V

„Ormshólmi, sunnanvert við Ormstanga, sem er vestast á Fagurey. Góð landing er í Ormsvogi milli hólman og tangans,“ segir í örnefnaskrá. „Ormsflögur voru fremur nefndir Ormshólmar. Þeir eru sunnan við Ormsvoginn,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Lendingin er 120-130m suðsuðvestan við tóft 147, um 100m austan við vörðu 144 og um 100m vestsuðvestan við vörðu 146.

Ormsvogurinn er sennilega nokkuð grunnur og þá er ekki ólíklegt nema að landing þar geti verið erfið á mikilli fjöru. Op vogsins liggur til suðvesturs og er innsiglingin að botni hans 60-70m. Lendingin í Ormsvogi var skráð af loftmynd og því er ástand hennar ekki ljóst.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 10 og 13; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 9

BA-083:146 varða óþekkt 65°25.578N 22°40.890V

Varða er á Fagurey, 70-80m sunnan við tóft 147, um 200m austnorðaustan við vörðu 144 og um 2,67km suðvestan við Bæjarhól 001. Hún er norðan við víkurbotn sem er á suðvesturenda Fagureyjar.

Varðan er á hárra klettaborg sem er alveg niður við fjöruborð.

Varðan er byggð á hárra klöpp eins og margar aðrar vörður í Skáleyjum. Sjálf hleðslan er bara um 50cm á hæð og um 80cm í þvermál en með klettinum sem varðan er hlaðin á er hæð mannvirkisins um 2,5m. Hleðslugrjótið er allt gróið skófum og má vera að varðan sé nokkuð gömul. Grjótið í hleðslunni er í meðallagi stórt og um 3 umför af hleðslu

má telja. Varðan er sennilega reist af Sveini Jónssyni og Eysteini Gíslasyni árið 1943 eða 1944. Vörðuna hlóðu þeir til að halda á sér hita í haustnepju meðan þeir stóðu yfir fêi sem flytja átti heim.

Hættumat: engin hætt

BA-083:147 tóftir býli $65^{\circ}25.614N$
 $22^{\circ}40.932V$

„Yzt og syðst í landareign Skáleyja er Hróaldsey ... Norður af [henni] er Fagurey. Hún er stærst af úteyjum í Skáleyjalöndum og talin fimm hundruð að dýrleika. Þar er talið að byggð hafi verið til forna, og líklega hin fyrsta í Skáleyjum. Þar sjást fjórar húsatóttir liggja samhliða og ein stór að baki þeirra, en sú sjötta kippkorn frá þeim. Vallgrónir garðar liggja um þvera eyjuna, vatnsból (brunnur) [148] er þar einnig,“ segir í örnefnaskrá. „Í Fagurey hefur greinilega verið byggð. Sagt er að hún hafi farið í eyði í svartadauða,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. „Fagurey er stærst af úteyjum Skáleyja og í hópi þeirra stærstu í Vestureyjum, um 800 m löng og 20 m breið. Henni fylgja margar flögur,“ segir í Eylendu. Naust sést á Fagurey. Ef eyjan hefur ekki farið í eyði í Svartadauða þá gerðist það vegna reimleika, segir enn fremur í Eylendu. „Hugsanlega hefur býlið í Fagurey verið hjáleiga en hitt er þó líklegt að þar hafi verið sjálfstæð bújörð. Einnig er mögulegt að upphaflega byggðin í Skáleyjum hafi verið í Fagurey en síðan flutt á núverandi heimaeyju. Heldur er það þó ólíklegt af fleiri en einni ástæðu,“ segir í örnefnaskrá. Fagurey er aflöng og snýr hún suðvestur-norðaustur. Stóramýri nær eftir henni endilangri suðaustanmegin og snýr hún eins og eyjan. Suðvestast á eyinni og norðan við mýrina er klettahryggur sem gæti verið rúmír 100m að lengd. Suðaustan við þennan klettahrygg og alveg vestast á honum eru tvær tóftir. Þær eru um 2,6km suðvestan við Bæjarhól 001, 30m sunnan við tóft 151 og um 200m norðaustan við vörðu 144.

Tóftirnar eru undir lágum klettahrygg í sléttu graslendi sem hallar til suðurs.


Tóftirnar eru nokkuð ógreinilegar en eru að öllum líkindum tvær frekar en ein. Það sem örnefnaskrásetjarinn nefnir húsatóttir í textanum hér að ofan, er hér kallað hólfi. Samanlagt eru tóftirnar tvær 38x6m að stærð og



Varða 146, horft til suðvesturs



Tóft 147 skoðuð og skráð, horft til austnorðausturs



Uppdráttur af tóft 147

snúa norðaustur-suðvestur. Stærri og vestari hlutinn er nokkuð skálalaga. Hann er 26m langur og 6m breiður að utanmáli og skiptist í 5 hólfi sem hverju er gefinn bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Öll hólfin snúa eins og tóftin eða norðaustur-suðvestur. Suðvestast er hólfi a sem er um 3x2m að innanmáli. Norðaustan við það er hólfi b sem er 5x3m að innanmáli. Mögulegt er að op hafi verið á miðri suðausturhlið b. Hólfi c er í beinu framhaldi af hólfi b. Það er 3x2m að innanmáli. Hólfi d er 3x3m að innanmáli en norðaustast svo hólfi e sem er 4x3m að innanmál sem er opið til norðausturs. Í beinu framhaldi af tóftinni, um 3m norðaustar er önnur tóft. Hún er einföld og 10x6m að stærð. Tóftin snýr norðaustur-

suðvestur og er 7x3m að innanmáli. Báðir hlutar tóftarinnar eru að öllum líkindum niðurgrafnir að hluta og eru vegghleðslur nokkuð signar. Þar sem veggir standa best ná þeir um 60cm að hæð og um 2m á breidd. Ekki er hægt að sjá neitt grjót í veggjum. Ekki er hægt að tala um eiginlega vegghleðslu í norðvesturlanghlið í austastahluta tóftarinnar þar sem notast var við klettahrygginn að baki tóftarinnar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 9 og 10; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 9; Eylenda, I, 338

BA-083:148 *Lind* hleðsla brunnur 65°25.657N 22°40.797V

„Lind er neyzluvatnsbrunnur á Fagurey, skammt austur frá bæjartóttunum,“ segir í örnefnaskrá. Lindin er um 130m norðaustan við tóftir 147, um 25m suðvestan við Pyttamýrarkletta 150 og 2,5km suðvestan við Bæjarhól 001.



Jóhannes og Guðrún skoða Lindina 148, horft til norðurs

Lindin er nyrst í Pyttamýri sem er gróin störum.

Lindin er niðurgrafin og hefur enga upphlaðna vegg. Hún er um 80cm í þvermál og glittir í vegghleðslu ofan í lindinni. Hætt var að halda þessari lind við á 20. öld.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 12 og 13

BA-083:149 garðlag óþekkt

65°25.668N 22°40.765V

Fagurey er aflöng eyja sem snýr suðvestur-norðaustur eins og aðrar eyjar í Skáleyjum. Torfgarður liggur þvert yfir Fagurey og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Garðurinn er um 140m norðaustan við tóft 147 og um 180m suðvestan við vörðu 153.

Garðurinn liggur um grösugt holt og mýri. Garðhleðslan er um 100m löng sem skiptist í tvo hluta. Nyrðri hlutinn er rúmir 60m á lengd en syðri hlutinn rúmir 30m. Milli hlutanna tveggja er um 4m stórt op eða gamalt rof. Garðurinn er allur gróinn en mikið siginn, um 40cm á hæð og um 1m á breidd. Greinilegt er að torf hefur verið stungið í garðinn austanmegin við hann.



Hér er Guðrún að skrá garðlag 149, horft til suðausturs

Sennilegast þykir að um vörslugarð sé að ræða.

Hættumat: engin hættu

BA-083:150 *Pyttamýrarklettur* þjóðsaga huldufólksbústaður 65°25.670N 22°40.785V

„Stóramýri liggur fyrir sunnan húsatóftirnar [095] í Fagurey, þar norður af er Pyttamýri og Pyttamýrarklettur,“ segir í örnefnaskrá. „Nú býr í Fagurey forkunnarfögur huldukona, sem nefnd hefur verið Kristín, og margar hefur dreymt sem þar hafa legið við í tjaldi um heyannatímann.“ segir í Hrannareki. Pyttamýrarklettur er stundum kallaður Álfkonuklettur. Saga segir að Kristín nokkur Jónsdóttir hafi á unlingsárum sínum í kringum 1880 hjálpað álfkonu sem bjó í klettinum að verða léttari, segir í Hefurðu séð álfa.



Pyttamýrarklettur 150, horft til vesturs

Grasigróinn kletthöfði, brattur í sjó fram.


Leita í heimildum Beigrsveinn Skúla og Unnur Jökulsdóttir

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 10; Hrannarek. Þættir frá Breiðafirði eftir Bergsvein Skúlason, 32; Hefurðu séð álfa eftir Unni Jökulsdóttur, 250-251

BA-083:151 tóft óþekkt 65°25.631N 22°40.944V

Tóft er í Fagurey, um 30m norður af tóft 147, 120-130m vestsuðvestur af Lind 148 og um



Uppdráttur af tóft 151



Tóft 151, horft til norðurs

2,6km suðvestur af Bæjarhól 001.

Tóftin er í grösugri brekku sem hallar mót norðvestri og er hún u.þ.b. 5m fyrir ofan

fjöru sem er þar fyrir neðan.

Tóftin er einföld, 5x5m að stærð. Veggir eru úr torfi og grjóti og mest 1,5-2m að breidd og um 50cm á hæð. Tóftin virðist niðurgrafin að hluta. Op er á henni til norðvesturs fast upp við norðurvegg. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði en mögulega hefur hún

verið sjóarhús eða naust.


Hættumat: engin hætta

BA-083:152 þúst óþekkt 65°25.601N 22°40.919V

Ógreinileg þúst er í Fagurey um 25m suð-suðaustan við tóft 147 og 50m norðnorðvestan



Þúst 152, horft til vesturs



Uppdráttur af þúst 152

við vörðu 146.

Þústin er á kafi í grasi á grónu holti.

Þústin virðist einföld og er um 4x4m að stærð.

Hún er allt að því ferhyrnd. Vegghleðslur eru

tæpur 1m á þykkt og um 20cm á hæð. Ekki er hægt að greina neitt grjót í vegghleðslum.

Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði.

Hættumat: engin hætta

BA-083:153 varða óþekkt 65°25.716N 22°40.560V

Varða er í Fagurey, 310-320m norðaustan við tóft 147, um 100m suðvestan við kálgarð 155 og um 2,3km suðvestan við Bæjarhól 001.

Varðan er á gróinni klettahæð.



Varða 153, horft til norðausturs

Varðan er mikið sigin og gróin, hún er um 1m í þvermál og um 30cm á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast hefur hún verið mið til að auðvelda siglingar og eða veiðar.

Hættumat: engin hætta

BA-083:154 gryfja lending

65°25.740N 22°40.518V

Fagurey er suðvestan við Heimaey og snýr eins og hún suðvestur-norðaustur. Sunnarlega á norðausturenda hennar er vík og innst í henni er lending. Hún er um 50m

norðaustan við vörðu 153, um 50m suðvestan við kálgarð 155, 100m sunnan við tóft 156 og 2,25km suðvestan við Bæjarhól 001.


Lendingin er afmörkuð af klettum að suðaustan en þýfðu graslendi að norðvestan.

Lendingin virðist ágætast, sendin og lítið eitt aflíðandi upp til landsins. Hún hefur hefur sennilega verið rudd. Hún er um 20m að breidd og opnast til norðausturs.

Hættumat: engin hætta

BA-083:155 gerði kálgarður
65°25.754N 22°40.453V

Lítið gerði er í Fagurey um 2,2km suðvestan við Bæjarhól 00 og um 400m norðaustan við tóft 147. Gerðið er byggt upp á kletti og hallar land til suðausturs.



Uppdráttur af gerði 155



Lending 154, horft til norðausturs



Gerði 155, horft til norðvesturs

Gerðið er svo til alveg rétthyrnt um 8x7m að stærð, einfalt og snýr norðvestur-suðaustur. Það er byggt upp við klettavegg sem myndar norðvesturhlið þess. Vegghleðslur

eru signar og ójafnar, um 1 m á breidd og 30cm á hæð. Talsvert af náttúrulegu stórgrýti er í vegghleðslum. Op er austast á norðausturhliðinni og er stór steinn fast vestan við opið. Líklegast er að gerðið hafi verið kálgarður þó mögulegt sé að það hafi verið rétt.

Hættumat: engin hætta


BA-083:156 tóft óþekkt 65°52.791N
22°40.499V

Tóft er norðaustast á Fagurey um 10m ofan við fjöruborð, 70-80m norðnorðvestan við meintan kálgarð 155 og 60m suðsuðvestan við lendingu 157. Hún er 2,2km suðvestan við Bæjarhólinn 001. Tóftin er í þýfðu graslendi.

Tóftin er einföld, um 4x3m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Vegghleðslur eru mjög signar. Hleðsluhæð er um 20cm og breidd um 1m og sjást grjóthleðslur í veggjum. Op



Tóft 156, horft til norðvesturs



Uppdráttur af tóft 156



Lending 157, horft til suðurs



Helliseyjarbrunnur 158, horft til norðvesturs

á tóftinni á miðjum norðvesturvegg. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði.

Hættumat: engin hætta

BA-083:157 gryfja lending

65°25.820N 22°40.466V

Vör er norðaustast á Fagurey, í lítilli vík sem opnast til norðausturs að Heimaey. Vörin er 2,1km suðvestur af Bæjarhólnum og um 500m norðaustur af tóft 147.

Vörin er í þröngri vík, umkringd háum klettum og er lendingin nokkuð stórgrýtt.

Vörin er flöt og hefur verið rudd. Hún er um 7x7m að stærð og opnast til norðurs. Botn hennar er nokkuð gróin grasi.

Hættumat: engin hætta

BA-083:158 *Helliseyjarbrunnur* frásögn brunnur 65°27.125N 22°38.032V

„Á innan-verðri Hellisey er Helliseyjarmýri. Í henni er Helliseyjarbrunnur, á sumrum er þar nægilegt vatn handa nautpeningi,“ segir í örnefnaskrá. Hellisey er norðnorðaustur af Bæjareynni og beint vestur af Seleyjum. Helliseyjarbrunnurinn er 40-50m sunnan við Þjófahelli 159 í hvilft milli tveggja hæða. Hann er 360-370m vestnorðvestan við sel 114 í Seley og um 1km norðnorðaustur af Bæjarhól 001.

Helliseyjarbrunnur er uppspretta sem kemur undan grónum jarðvegsbakka. Ekki er hægt að greina neitt mannaverk á þessum stað en þó mun, samkvæmt Jóhannesi Geira Gíslasyni heimildarmanni hafa verið stungið fyrir, til að mynda poll eða lón og auðvelda þannig skepnum aðkomu að brunninum. Ofan bakkans er stórþýfður mói sem safnar vatninu fram undan barðinu og myndar brunninn og mýrina beggjavegna hans til sjávar. Brunnurinn var á sínum tíma all stór

tjörn sem hefur sennilega verið um 5x10m að stærð. Í hann safnaðist stöðugt jarðvegur frá moldarbökkunum sem fyllti að lokum upp í hann. Núna hefur brunnurinn breyst í uppgróið og slétt land og einu minjar um hann eða tjörnina mjór lækur sem rennur frá barði til sjávar.

Uppsprettan er nánast þurr (vegna þurrka).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 7

BA-083:159 Þjófahellir hellir útilegumannabústaður 65°27'15.0"N 22°38.018'V

„Annar hellir er í Hellisey [sjá 160] heitir hann Þjófahellir, upp úr honum er op, nokkurskonar gluggi á hellisþakinu,“ segir í örnefnaskrá. „Í klettum á norðanausturhorni er Þjófahellir,“ segir í örnefnaskrá, B. „Engin sögn fylgir nafngiftinni,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Þjófahellir er á norðurströnd Helliseyjar. Hann er vestan til í klettaskor sem er vestan við tanga sem liggur út frá eyinni til norðausturs. Hellirinn er 50m norðan við Helliseyjarbrunn 158, um 840m norðaustan við Stráka 050 og um 1,1km norðnorðaustan við Bæjarhól 001.



Þjófahellir 159, horft til suðvesturs

Hellirinn er alveg niður við sjó. Fjaran framan við hellinn sendin en einnig nokkuð stórgrýtt og gæti stórgrýtið hafa komið úr klettaveggnum sem myndar hellinn. Þjófahellir er hellisskúti og er op hans 2,5-3m að hæð og um 8m að breidd. Ekki sjást neinar hleðslur eða önnur mannanna verk á eða við skútann. Glugginn sem nefndur er í örnefnalýsingunni er nú horfinn og má vera að sá hluti hellisloftsins sem myndaði hann sé hruninn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 7; Ö-Skáleyjar, ath.semndir, 7; Ö-Skáleyjar, B, 10

BA-083:160 Rönkuhellir hellir 65°27.078'N 22°38.208'V

Rönkuhellir er í Hellisey, um 60m suðvestan við vörðu 161. Hann er um 90m norðnorðvestan við vörðu 162 og 880m norðnorðaustan af bæ 001.

Hellirinn er syðst á norðvesturströnd Helliseyjar, alveg í fjöruborðinu.

Rönkuhellir er hellisskúti í litlu klettabelti niður undir fjörukambinum. Hellismunninn er um 3 m á hæð og um 6m á breidd. Lofthæð hellisins lækkar eftir því sem innar dregur og er dýpt hans 2-3m. Jóhannes Geir Gíslason heimildamaður, getur þess að einhvern tímann hafi verið grjóti safnað saman í haug til að standa á og skoða hreiður maríuerlu og sólskríkju sem verpa í litlum afhelli í lofti hellisins. Ekki sjást neinar leifar af þessum hleðslum. Sjó flæðir inn í hellinn.



Rönkuhellir 160, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hættu

BA-083:161 varða óþekkt 65°27.060'N 22°38.268'V

Hellisey er norðnorðaustur af Bæjareynni og beint vestur af Seleyjum. Vestast á henni er varða, um 850m norðnorðaustur af Bæjarhól 001. Varðan er um 530m vestur af seli 114 á Seley og um 220m suðvestan við Helliseyjarbrunn 158.



Varða 161, horft til vesturs

Varðan er fremst á sjávarkambi, nyrst á litlu nesi sem liggur til vesturs vestast á Hellisey. Varðan er 2x1,5m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er svo til alveg hruninn, ekki mikið meira er 40cm á hæð og sjást 1-2 umför af hleðslu. Hún er hlaðin úr stóru grjóti neðst en umhverfis er smærra grjót sem líklega hefur hrunið úr vörðunni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er þó að hún hafi verið mið fyrir báta.

Hættumat: engin hætta



Varða 162, horft til norðausturs

BA-083:162 varða óþekkt

65°27.048N 22°38.148V

Hellisey er norðnorðaustur af Bæjarey, beint vestur af Seleyjum. Varða er á suðausturströnd Helliseyjar um 850m norðnorðaustur af Bæjarhól 001. Hún er um 440m vestur af seli 114 á Seley og um 90m austsuðaustur af vörðu 161.

Varðan er fremst á sjávarkambi, á grónum klettahrygg.

Varðan er 1m í þvermál og um 50cm á hæð. Hún er hlaðin úr stóru grjóti og eru 3-4 umför af hleðslum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er þó að hún hafi verið mið fyrir báta.

Hættumat: engin hætta



Varða 163, horft til suðvesturs

BA-083:163 varða óþekkt

65°27.078N 22°38.028V

Hellisey er norðnorðaustur af Bæjarey og beint vestur af Seleyjum. Varða er á norðarlega á suðausturströnd Helliseyjar. Hún 930m norðnorðaustur af Bæjarhól 001, 340-350m vestur af seli 114 á Seley og um 110m norðaustur af vörðu 162.

Varðan er hlaðinn á háum kletti, fremst á sjávarkambi á grónum klettahrygg.

Varðan er 1x1m að stærð og um 1.2m á hæð en sé kletturinn talinn með er hæð hennar frá jafnsléttu um það bil 5m. Varðan er vel hlaðin úr flötum steinum og má telja 12-13 umför í henni. Þessi varða var miklu hærri í ungðæmi Jóhannes Geirs Gíslasonar og er hrunið úr vörðunni suðvestan við klettinn

sem varðan stendur á. Jóhannes telur að hún hafi ekki haft neitt hlutverk sem slíkt heldur hafi hún verið hlaðin til skemmtunnar.

Hættumat: engin hætta

BA-083:164 varða óþekkt 65°27.078N 22°38.022V

Hellisey er norðnorðaustur af Bæjarey og beint vestur af Seleyjum. Varða er á norðarlega á suðausturströnd Helliseyjar. Hún 940m norðnorðaustur af Bæjarhól 001, 330-340m vestur af seli 114 á Seley og um 7m norðaustur af vörðu 163.

Varðan er hlaðin á háum klettahrygg, þeim sama og varða 163 er á.

Varðan er 1x1m að stærð og um 1m á hæð sé kletturinn talinn með er hæð mannvirkisins frá jafnsléttu um það bil 2m. Varðan er hlaðin úr frekar stóru grjóti en er ekki eins vel hlaðin og varða 163. Um 5 umför af hleðslu eru í henni. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en þó er líklegast að hún hafi verið byggð sem mið.

Hættumat: engin hætta

BA-083:165 varða óþekkt

65°27.114N 22°35.884V

Hellisey tilheyrir þeim eyjum sem nefndar eru Norðurlönd og er jafnframt syðst þeirra. Nyrst á Hellisey, á Helliseyjarrima er varða, hún er um 1km norðnorðaustur af Bæjarhól 001, um 240m norðvestur af seli 114 á Seley og um 120m norðaustur af vörðu 164.

Varðan er nyrst á granda sem liggur til norðausturs frá Hellisey.

Varðan er 1,2m í þvermál og um 50cm á hæð. Hún er hlaðin úr stóru grjóti sem hefur verið hrúgað saman og er því ekki um eiginlega hleðslu að ræða. Í hrúgunni er viðarstaur, að öllum líkindum gömul ár, og vísar handfangið upp úr vörðunni. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan þjónaði en líklegast er að hún hafi verið mið.

Hættumat: engin hætta

BA-083:166 hleðsla óþekkt

65°27.282N 22°37.368V

Hleðsla er á Stóra-Langhólma um er 1,5km norðaustan frá Bæjarhól 001. Hleðslan er um 560m norðaustan við Þjófahellir 159 og 420-430m norðnorðaustan við sel 114 á Seley. Hleðslan er í grónu landi rétt ofan við fjörukambinn.

Hleðslan er um 7m löng. Hún snýr




Varða 164, horft til suðvesturs



Varða 165, horft til suðvesturs



Hleðsla 166, horft til suðurs



Uppdráttur af hleðslu 166



Varða 167, horft til norðausturs

suðaustur-norðvestur. Op á henni miðri. Norðvesturhluti hleðslunnar liggur í hálfhring og vísar bungan til suðvesturs. Suðaustur hluti hleðslunnar er L-laga og liggur skemmri veggurinn næst opinu sem er á milli hleðslanna en lengri hlutinn liggur til suðausturs. Hleðslan er um 1m á breidd og um 60cm á hæð. Hún er eingöngu grjóthlaðinn og er sennilega nokkuð sigin, ekki lítur þó út fyrir að vandað hafi verið til hleðslunnar í upphafi. Mögulega hefur þetta verið einhvers konar vörslugarður.

Hættumat: engin hætta

BA-083:167 varða óþekkt

65°27.474N 22°36.888V

Varða er á lítilli eyju norðan við Stóra Langhólma. Hún er 2km norðaustur af Bæjarhól 001, um 800m norðaustur af þúst 169 og um 930m norðnorðaustur af seli 114 á Seley.

Varðan er á grónu klapparholti.

Varðan er 1.2x1m að stærð og um 40cm á hæð. Varðan er úr frekar stóru grjóti sem hrúgað hefur verið saman. Varðan er talsvert sokkin og sennilega hefur eitthvað hrúnið úr vörðunni líka. Í henni sjást 2-3 umför af hleðslu. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi en þó er líklegast að hún hafi verið mið.

BA-083:168 þúst óþekkt 65°27.270N 22°37.830V

Tvær aflangar, næstum því hringlaga þústir eru í Norðurlöndum, um 1,3km norðnorðaustan við Bæjarhól 001, um 400m norðnorðvestan við sel 114 og um 360m vestan við hleðslu 166.



Þúst 168, horft til vesturs

Þústirnar eru í þýfðum grösugum móa rétt við fjörukambinn.

Þústirnar eru á svæði sem er 15x10m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Um 7 metrar eru á milli þústanna tveggja. Sú vestari er 4x3m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur en sú eystri er 8x3m að stærð og snýr eins. Þústirnar virðast manngerðar en hafa mjög óljóst tóftarlag og gætu því verið náttúrumyndun.

Hættumat: engin hætta

BA-083:169 þúst óþekkt 65°27.281N 22°37.800V

Aflöng þúst er í Norðurlöndum, 25-30m norðaustan við þústir 168. Þústin er um 1,35km norðnorðaustan við Bæjarhól 001 og um 330m vestan við hleðslu 166.

Þústin er í þýfðum grösugum móa rétt við fjörukambinn.

Þústin er 13x3m að stærð og snýr norður-suður. Hún virðist manngerð en er afar óljós og ekki er hægt að útiloka að hún sé náttúruleg.

Hættumat: engin hætta



Þúst 169, norft til ATH

BA-083:170 *Grísaból* örnefni

65°27.636N 22°36.237V

„Norðaustur af Norðureyjarhólum er Standhólmi ... Stóri-Langhólmi er suður af Standhólma ... Litli-

Langhólmi er norðan við Stóra-Langhólma. Inn frá honum er Grísabólsrif að Grísabóli, en Grísabólsvogur milli þess að sunnan, Skákaskers og Konráðsflögutanga að norðan. Í austnorður af Grísabóli er Skákasker. Grísaból er norðaustasti grashólmi í Eyjahreppi,“ segir í örnefnaskrá. Grísaból er 2,6km norðaustan við Bæjarhól 001.

Grasivaxinn aflangur hólmi sem liggur frá suðvestri til norðausturs.

Engar minjar fundust á Grísabóli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 8

BA-083:171 *Þórutóttir* örnefni lögn

Suðaustur af Grísabóli 170 er Axarsker. „Ýmsar lagnir við Axarsker og Skarðasker hafa nöfn tiltölulega ung ... [m.a.] Þórutóttir,“ segir í örnefnaskrá. Bergsveinn Skúlason kannast ekki við þetta örnefni, ekki frekar en hin í þessum lögnum. Hann telur að þau hafi öll verið búin til af Sveinbirni Guðmundssyni, sem var aðalheimildamaður skrárinnar. Sveinbjörn var fæddur í Skáleyjum um eða eftir 1870. Hann átti heima þar til 19 ára aldurs, flutti þá burt en kom aftur um 1938. Hann bjó þar til um 1950. Hér er um selalögn að ræða en ekki tóftir.

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 9; Eylenda, I, 336; Ö-Skáleyjar, ath.semdir, 8; Ö-Skáleyjar, B, 18

BA-083:172 *Fagureyjarsund* heimild um leið 65°25.961N 22°40.232V

„Suðvestur frá Bæjareyjunni, milli hennar og Fagureyjar, er Fagureyjarsund ... Um það liggur alfaraleið milli eyjanna, þó er það svo grunnt um stórstraumsfjörur að vaða má yfir það,“ segir í örnefnaskrá.

Bæði Bæjareyjan og Fagurey eru aflangar eyjar sem liggja suðvestur-norðaustur og eru þær í beinni stefnu og Fagureyjarsundið á milli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 10

BA-083:173 *Leiðarsund* heimild um leið 65°27.835N 22°36.900V

Norðurhleinar eru norðaustast Skáleyja. „Norður af þeim er hár klettur graslaus, kallaður Skarfaklettur, ... Út frá honum Skarfaklettshleinar. Leiðarsund heitir milli þeirra og Leiðarskers,“ segir í örnefnaskrá. Leiðarsundið er sunnan Skarfakletts en norðan við Leiðarsker (Annað Leiðarsund er Leiðarsker eru í Sölvaskerjum, nokkru norðvestar en þau sem hér eru nefnd).

Bátsleið milli eyja.

Siglt var framhjá Leiðarskeri á leið til Skálaness eða að Stað.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Skáleyjar, 7 og 8

BA-083:174 *Langeyjasund* heimild um leið 65°26.692N 22°39.482V

Ysta-Langey, Mið-Langey og Innsta-Langey eru langar eyjar sem liggja í röð og er göngufært á milli þeirra á fjöru. Suðvestan við Ystu-Langey er Búlkey og á milli þeirra er Búlkeyjarsund, þar fjarar ekki. „Þessar fjórar eyjar sem liggja í röð samsíða heimaeynni og Framhólum og mynda einskonar skjólgarð, þriggja km langan. Milli þeirra að norðvestan og Framhólma og Tréseyjar á móti liggur Langeyjasund, um 500m breitt. Það hefur löngum verið aðalbátaleiður Skáleyjum út í eyjar,“ segir í Eylendu. Innsiglingin inn í Langeyjasund er milli Innsta-Langeyjarenda og Norðureyjaskerja og endar sundið á Brandsundarskerjum.

Bátsleið milli eyja.

Í Eylendu og Árbók Ferðafélags Íslands er Langeyjasund nefnt Langeyjasund sem mun vera rangt því sundið mun vera nefnt eftir öllum eyjunum þrem.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Eylenda, I, 336 og 338


BA-083:175 *Bjarneyjaleið* heimild um leið 65°26.511N 22°37.760V


“Boðar heita einu nafni skerjaklasi mikill suður af Stóru- Lyngey og Bæjareyjunni. Bjarneyjaleiðarboði [er hluti af Boðum] en austan við hann er Bjarneyjaleið, djúpt sund gegnum Boðana,“ segir í örnefnaskrá. Bjarneyjarleið er sunnan eyja og var aðalleiðin í ver á Bjarneyjum og af fleirum þeim sem sigldu í svipaða átt. Miðið á leiðina var í Sviðnum. Bátsleið milli eyja.


Hættumat: engin hætt


Heimildir: Ö-Skáleyjar, 9


VI. Fornleifakort



















Heimildaskrá

Eylenda I (1996). Ábúendur í Flateyjarhreppi og þjóðlífsþættir. Þorsteinn Jónsson (ritstjóri). Bókfell: Reykjavík

Hrannarek. Þættir frá Breiðafirði (1981) Bergsveinn Skúlason (höf.) Víkurútgáfan: Reykjavík

Breiðfirskar sagnir (1959) Bergsveinn Skúlason (höf.) Fróði: Reykjavík

Óútgefnar heimildir:

Ö-Skáleyjar: Örnefnaskrá Skáleyja. Örnefnasafn Stofnunnar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ö-Skáleyjar, ath.semdir: Örnefnaskrá Skáleyja athugasemdir og viðbætur. Örnefnasafn Stofnunnar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ö-Skáleyjar, B: Örnefnaskrá Skáleyja B. Örnefnasafn Stofnunnar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Túnakort 1906. Þjóðskjalasafn Íslands

Heimildamaður

Jóhannes Geir Gíslason

Hnitaskrá í ISN93:

Samtala	Austur	Norður			
BA-083:001	331168.2	554313.04	BA-083:048	331168.91	554507.95
BA-083:002	331190.4	554321.94	BA-083:049	331156.96	554488.24
BA-083:003	331159.27	554326.73	BA-083:050	330986.83	554703.33
BA-083:004	331173.49	554331.3	BA-083:051	331148.2	554114.62
BA-083:005	331207.95	554449.14	BA-083:052	331162.92	554118.14
BA-083:0055	331202.39	554126.3	BA-083:053	331177.09	554115.75
BA-083:006	331214.81	554460.12	BA-083:054	331193.05	554124.53
BA-083:007	331058.13	554302.02	BA-083:056	331214.01	554128.05
BA-083:008	331043.85	554287.86	BA-083:057	331168.18	554044.65
BA-083:009	331146.81	554220.21	BA-083:058	331229.64	554383.41
BA-083:010	331112	554363	BA-083:059	331230.87	554350.36
BA-083:011	331135.36	554357.47	BA-083:060	331064.22	554416.09
BA-083:012	331135.87	554353.24	BA-083:061	331017.97	554336.09
BA-083:013	331114.95	554301.74	BA-083:062	331019.71	554318.61
BA-083:014	331172.3	554302.02	BA-083:063	330990.89	554316.07
BA-083:015	331028.13	554291.77	BA-083:064	330968.78	554295.79
BA-083:016	331150.62	554418.89	BA-083:066	331047.44	554267.88
BA-083:017	331182.82	554393.67	BA-083:067	331132.84	554333.05
BA-083:018	331190.8	554398.01	BA-083:068	331000.56	554310.73
BA-083:019	331221.71	554333.31	BA-083:069	331093.76	554215.29
BA-083:020	331148.34	554461.55	BA-083:070	331136.9	554335.38
BA-083:021	331138.37	554426.79	BA-083:071	331051.48	554229.91
BA-083:022	331138.07	554473.54	BA-083:072	330937.72	554185.86
BA-083:023A	331127.91	554457.35	BA-083:073	330965.31	554231.29
BA-083:023B	331131.04	554455.37	BA-083:074	331109.06	554153.75
BA-083:023C	331139.29	554464.48	BA-083:075	331189.12	554100.95
BA-083:023D	331147.72	554472.38	BA-083:076	331190.94	554064.06
BA-083:023E	331146.59	554474.24	BA-083:077	331173.33	554077.9
BA-083:024	331031.96	554189.7	BA-083:078	331114.36	554055.92
BA-083:025	331202.13	554495.2	BA-083:079	330919.85	553907.38
BA-083:026	331267.25	554444.52	BA-083:081	330926.3	554058.72
BA-083:027	331315.78	554456.1	BA-083:082	330627.68	554006.65
BA-083:028	331355.33	554429.99	BA-083:083	330436.66	553877.45
BA-083:029	331345.63	554442.7	BA-083:084	331028.09	554377.44
BA-083:030	331409.83	554369.19	BA-083:085	330988.8	554529.29
BA-083:031	331397.69	554360.2	BA-083:086	331386.84	554496.4
BA-083:032	331383.57	554376.32	BA-083:087	331381.31	554486.58
BA-083:033	331228.63	554194.39	BA-083:088	331340.68	554473.64
BA-083:034	331348.6	554444.14	BA-083:089	331195.7	554314.44
BA-083:035	331288.33	554504.64	BA-083:090	331200.37	554317.77
BA-083:036	331229.62	554365.37	BA-083:091	331010.48	554066.1
BA-083:037	331331.67	554404.54	BA-083:092	331789	554315.01
BA-083:038	331324.31	554376.27	BA-083:093	331181.89	554499
BA-083:039	331271.88	554337	BA-083:094	331122.77	554162.33
BA-083:040	331270.97	554494.87	BA-083:095	331199.24	554496.7
BA-083:041	331199.63	554521.49	BA-083:096	331685.8	554692.02
BA-083:041b	331206.64	554528.89	BA-083:097	331783.32	554772.04
BA-083:042	331217.16	554501.25	BA-083:098	331839.74	554783.68
BA-083:043	331184.31	554503.2	BA-083:099	331618.33	554465.72
BA-083:044	331205.23	554487.27	BA-083:100	331177.64	554523.69
BA-083:045	331120.01	554432.64	BA-083:101	330967.57	553920.17
BA-083:046	331190.9	554541.93	BA-083:102	330437.44	553705.06
BA-083:047	331173.23	554518.34	BA-083:108	331163.84	554064.86
			BA-083:112	331695	554492
			BA-083:113	331345	554192
			BA-083:114	331918.17	555124.76

BA-083:115	332008.15	555141.3	BA-083:168	331746.41	555503.78
BA-083:116	332027.52	555141.43	BA-083:169	331770.73	555522.86
BA-083:117	331993.83	555121.03	BA-083:170	333014	556112
BA-083:118	331929.8	555057.7	BA-083:172	329752.12	553182.28
BA-083:119	329551.47	553977.09	BA-083:173	332524	556510
BA-083:120	329498.55	553953.28	BA-083:174	330410	554505
BA-083:121	329561	554103	BA-083:175	331719.55	554093.49
BA-083:122	329638.66	554051.76			
BA-083:123	329657.38	554108.44			
BA-083:124	329694.97	554038.3			
BA-083:125	329726.68	554079.39			
BA-083:126	329637.61	554074.27			
BA-083:127	329605.85	554044.68			
BA-083:129	329987.04	554436.33			
BA-083:129a	329997.97	554427.31			
BA-083:129b	330002.77	554422.69			
BA-083:129c	330012.08	554414.42			
BA-083:129d	330024.82	554408.48			
BA-083:129e	330030.67	554406.36			
BA-083:130	330010.44	554409.39			
BA-083:131	329838.93	554251.55			
BA-083:132	329928.49	554297.85			
BA-083:134	329815.16	554722			
BA-083:135	329843	554579			
BA-083:136	329172	553744.01			
BA-083:137	329043.74	553605.45			
BA-083:138	329050.32	553638.57			
BA-083:139	328380.5	552801.64			
BA-083:140	328517.02	552865.62			
BA-083:141	328568.94	553020.18			
BA-083:142	328569.85	553035.64			
BA-083:143	328542.23	553071.38			
BA-083:144	329009.25	552457.13			
BA-083:145	329112	552462			
BA-083:146	329202.5	552501.7			
BA-083:147	329173.87	552570.25			
BA-083:148	329282.97	552644.34			
BA-083:149	329308.85	552663.19			
BA-083:150	329293.54	552666.43			
BA-083:151	329166.58	552601.64			
BA-083:152	329182.69	552545.69			
BA-083:153	329472.28	552742.85			
BA-083:154	329507.31	552785.48			
BA-083:155	329558.84	552808.47			
BA-083:156	329527.62	552878.6			
BA-083:157	329555.78	552931.47			
BA-083:158	331575.33	555243.73			
BA-083:159	331588.29	555289.52			
BA-083:160	331434.25	555164.37			
BA-083:161	331386.03	555133.65			
BA-083:162	331477.34	555106.05			
BA-083:163	331573.14	555156.38			
BA-083:164	331577.77	555156.11			
BA-083:165	331688.1	555216.77			
BA-083:166	332104.15	555505.57			
BA-083:167	332494.89	555840.54			